

Pabbi hefur alltaf verið nálægur  
Villy Vilhjálmsdóttir þekkti aldrei föður sinn Vilhjálm  
Vilhjálmsson en segir hann sína helstu fyrirmynd.



ALLA SUNNUDAGA

24  
SÍÐUR

RE/MAX  
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. janúar 2008 – 26. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



KVIKMYND MEÐ  
SEAN PENN

Sigurjón Sighvatsson er að vinna að kvikmynd með stórleikaranum Sean Penn ásamt fleiri góðum.

FÖLK 34

## Starfsmaður fjármála- ráðuneytis grunaður

Einn þriggja sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna smygls á amfetamíni og kókaíni er starfsmaður fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðherra verst fregna af málinu.

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmaður fjármálaráðuneytisins er einn þriggja manna sem voru á föstudag úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna gruns um aðild að smygli á tæpum fimm kílóum af amfetamíni og 600 grömmum af kókaíni til landsins. Tollgæslan heyrir undir fjármálaráðuneytið og er málið því lítið mjög alvarlegum augum. Efnin komu með hraðsendingu frá Þýskalandi um miðjan nóvember og hefur tollgæslan aldrei áður náð jafnmiklu magni fíkniefna við eftirlit á hraðsendingum. Lögregla

handtók í vikunni fimm menn vegna málsins og voru þrír þeirra úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald. Tveimur var sleppt að loknum yfirheyrslum.

„Ég veit eiginlega ekkert um þetta,“ sagði Arni Mathiesen fjármálaráðherra þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans við málinu. Hann kvaðst heldur ekki vita hvort búið væri að segja umræddum starfsmanni upp störfum. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur unnið að rannsókn málsins í náninni samvinnu við fíkniefna-deild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þá mun lögreglan, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, hafa rökstuddan grun um að sömu menn og nú sitja í gæsluvarðhaldi hafi komið fíkniefnaseindum í pósti inn í landið áður.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur rannsóknin verið mjög viðamikil og teygð anga sína víða, meðal annars til Þýskalands.

- jss, - kdk

## Sjálfstæðismenn í borginni: Báru skaða af valdatökunni

**STJÓRN MÁL** „Ég tel að við höfum öll, borgarfulltrúar í Reykjavík, borið af þessu nokkurn skaða og við verðum að horfast í augu við það,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, á fundi sjálfstæðismanna í Reykjavík um borgarstjórnarmál í gær.

„Þetta hefur ekki verið góður tími fyrir stjórn mála almennt. Það hafa skapast efasemdir í hugum manna um þau gildi sem ríkja í stjórn mála,“ sagði Hanna Birna. „Það er okkar hlutverk að sanna fyrir borgarbúum að þannig er það ekki.“

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi sagðist búast við því að borgarbúar yrðu ánægðir með málalokin. „Reykjavík vegnar jafnan best þegar Sjálfstæðisflokknum vegnar vel,“ sagði Gísli Marteinn.



HANNA BIRNA  
KRISTJÁNSDÓTTIR

- sgj / sjá síðu 2

## Spænskir foreldrar lögsóttir: Keyrði á dreng og vill bætur

**SPÁNN, AP** Maður sem varð sautján ára dreng á hjóli að bana þegar hann keyrði á hann hefur höfðað mál á hendur foreldrum drengsins til að fá skaðabætur vegna bíltjónsins.

Enaizt Iriondo lést samstundis þegar hann varð fyrir bíl Tomas Delgado á vegi í norðurhluta Spánar á 160 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar.

Þar sem atvikið átti sér stað þegar Iriondo hjólaði út á veginn í veg fyrir bíl Delgado í myrkri úrskurðaði dómstóll að báðum væri um að kenna og lauk málinu.

Foreldrar Iriondo fengu þrjár milljónir í skaðabætur frá tryggingafélagi Delgado sem höfðaði síðan mál og krafðist tveggja milljóna.

- sdg



VEÐRIÐ Í DAG



**STORMVIÐVÖRUN!** Í dag verður sunnan eða suðvestan stormur á vesturhellingi landsins, annars víða hvassviðri. Víðast rigning fyrir hádegi en úrkomuminna eftir hádegi. Ört kólnandi seint í dag með éljum vestan til. Frystir víða síðdegis.

VEÐUR 4



**GRILLVEISLA Á STRÖNDINNI** Ástralar á Íslandi létu ekki sitt eftir liggja á þjóðhátíðardegi Ástralíu í gær. Þeir hittust við sjávarsíðuna og kveittu upp í grillunum, enda hefðbundið að fagna þjóðhátíðardeginum með því að slá upp grillveislu á ströndinni og óparfi að breyta út af vananum þótt hiti sé undir frostmarki og allt á kafi í snjó.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Yfirborð Kleifarvatns er við að ná sömu stöðu og fyrir skjálftana árið 2000:

## Hækkar hratt í Kleifarvatni

**UMHVERFISMÁL** Vatnsyfirborð Kleifarvatns á Reykjanesi hefur hækkað mikið frá því í haust en yfirborð vatnsins lækkaði snögglega eftir jarðskjálftana 17. júní árið 2000. „Þetta gerist svo snögg og er alveg massi af vatni,“ segir Héðinn Ólafsson, köfunarkennari og eigandi Kafarinn.is. „Ég kem þarna oft og hef horft á þetta hækka í hverri ferð sem ég fer þarna upp eftir.“

Héðinn segir vatnið hafa gruggast og því vera minna skyggni í því, en hann kafaði einnig töluvert í vatninu áður en lækkaði í því árið 2000. „Mér sýnist það vera komið mjög nálægt því sem það var.“

Gunnar Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vatnamælingum Orkustofn-



**KLEIFARVATN VORIÐ 2007** Yfirborð vatnsins lækkaði ört eftir skjálftana 17. júní 2000.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÉDINN



**KLEIFARVATN 23. JANÚAR** Kafararnir standa á sama stað og nokkrum mánuðum áður. Sýnilega hefur mikið hækkað í vatninu.

unar, staðfestir að samkvæmt mælingum hafi yfirborð vatnsins hækkað mikið síðan í sumar. „Það lækkaði um nokkra metra vegna jarðhræringa eftir skjálftana árið 2000 og þá opnaðist sprunga í botninum,“ segir Gunnar. Hann segir líklegar skýringar á hæk-

uninni nú vera að set og leir hafi sest í sprunguna, hún þést og lekin hafi minnkað. „Meðalvatnsborð fyrir skjálftana var um 139 til 140 metrar yfir sjó,“ segir Gunnar og bætir við að mikið hafi rignt undanfarið, sem hafi líka áhrif.

- ovd

OPÍÐ FRÁ 13 TIL  
**78**  
Á SUNNUDÖGUM

Kringlan

OPÍÐ Í DAG  
13-18

**ÚTSALAN**  
ER Í FULLUM GANGI

Smáralind  
BETRI LEIÐ  
TIL AÐ VERSLA

## SPURNING DAGSINS



Hlynur, vantar okkur svo ekki landsliðsmiðvörð þegar Hemmi Hreiðars hettir?

„Nei, en ég treysti mér til að taka við af Árna Gauti í markinu. Þýð bara eftir samtali frá Ólafi Jóhannessyni.“

Ólafur Stefánsson, landsliðsryrliði í handbolta, reyndi að fá Hlyn Bæringsson, körfuknattleiksmann hjá Snæfelli, í vörn íslenska handboltalandsliðsins.

## Krónprins Noregs í Chile: Skoðaði gamalt pyndingasetur

**CHILE, AP** Hákon, krónprins Noregs, skoðaði fyrrum miðstöð pyndinga og aftakna í Chile í opinberri heimsókn sinni til landsins. Miðstöðin var virk á áttunda áratugnum í valdatíð einvaldsins Augusto Pinochet.



HÁKON KRÓNPRINS

Miðstöðinni, sem heitir Villa Grimaldi, hefur nú verið breytt í friðarsvæði. Samkvæmt opinberum tölum var farið með 4.500 manns á Villa Grimaldi eftir að þeir höfðu verið handteknir af öryggissveitum Pinochet.

Meira en tvö hundruð af þeim sem voru sendir í Villa Grimaldi sáu aldrei aftur.

- fb

## FANGELSISMÁL

### Sérsvait fangavarda styrkt

Fulltrúar Fangelsismálastofnunar funduðu í fyrradag um uppbyggingu og framtíðarskipulag sérsvaitar fangavarda. Fyrirhugað er að auka æfingar og gera sveitina enn betur í stakk búna fyrir krefjandi verkefni.

## LÖGREGLUMÁL

### Á slysadeild eftir árekstur

Fimm voru fluttir á slysadeild eftir árekstur tveggja bíla við Korpúlfsstaði á öðrum tímanum aðfaranótt laugardags. Í fyrstu var talið að einn væri alvarlega slasaður, en eftir skoðun á slysadeild fengu allir að fara heim.

## DÓMSTÓLAR

### Kona lét greipar sópa

Kona um þrítugt hefur verið dæmd í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela bensíni frá Essó og forlata farsíma úr húsnæði dansskóla.

Kofi Annan gagnrýnir harkaleg mannréttindabrot í Kenía:

## Undrast mikla eyðileggingu


**KENÍA, AP** Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segist vera undrandi á þeirri miklu eyðileggingu sem hefur átt sér stað í Kenía að undanfögnu. Telur hann að á skipulegan hátt hafi verið troðið harkalega á mannréttindum almennra borgara í landinu.

„Ef fólk er að fremja ofbeldisverk eða hvetja til óeirða skal það gera sér grein fyrir því það verður ekki liðið og að gripið verður til aðgerða gegn því,“ sagði Annan, sem varð vitni að ástandinum á svæðunum Rift Valley og Nakuru.

Miklar óeirðir hafa verið víðs vegar um Kenía eftir að Mwai

Kibaki var endurkjörinn forseti landsins. Að minnsta kosti 685 manns hafa dáíð og 225 þúsund hafa þurft að yfirgefa heimili sín. „Við getum ekki sætt okkur við að á fimm ára fresti gerist sömu hlutirnir og enginn er látinn bera ábyrgðina,“ sagði Annan og átti þar við þær ofbeldisbylgjur sem koma upp á hverju kosningarári.

Raila Odinga, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Kenía, hefur farið fram á að kosningar verði haldnar á nýjan leik til að tryggja frið í landinu. Hann vill ekki láta undir alþjóðlegum þrýstingi um að leita leiða til að deila völdum í landinu með Kibaki. Sjálfur hefur Kibaki



**KOFI ANNAN** Fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna undrast þá miklu eyðileggingu sem hefur átt sér stað í Kenía.

ekki lýst yfir áhuga á að gefa eftir embætti sitt.

- fb

Dæmdur fyrir tvær nauðganir:

## Jón Pétursson sakhæfur

**DÓMSMÁL** Enginn vafi leikur á sakhæfi Jóns Péturssonar samkvæmt niðurstöðu tveggja matsmanna. Jón hefur tvívegis verið dæmdur fyrir hrottolegar nauðganir, nú síðast í fimm ára fangelsi.

Við málflutning í síðara máli hans í Hæstarétti síðastliðinn miðvökudag var lagt fram mat sérfræðinga um sakhæfi hans.

Þetta staðfestir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Jóns. Jón hafði haldið því fram að heilaskaði sem hann hefði orðið fyrir vegna slyss í Egyptalandi fyrir nokkrum árum hefði orsakað persónuleikabreytingar.

- bj

## Telur að borgin tapi um hálfum milljarði

Borgarfulltrúi Framsóknar býst við hálfum milljarði í tap vegna kaupa og vinnu við Laugaveg 4 og 6 og óttast að borgin muni þurfa að kaupa önnur hús sem til stendur að rífa. Formaður skipulagsráðs segir kostnað óumflýjanlegan.

**SKIPULAGSMÁL** Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, telur að fórnarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna kaupa á húsunum við Laugaveg 4 og 6 og Skólavörðustíg 1a verði um hálfur milljarður króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kaupverðið tæpar 600 milljónir króna.

„Leyndin sem hvílir yfir samningnum vekur upp ákveðna tortryggni,“ segir Óskar. „Það mun kosta um 400 milljónir að gera upp húsið og þá er heildarkostnaðurinn orðinn tæpar milljarður. Ég reikna með að það verði aldrei hægt að selja þessi hús aftur fyrir meira en 400 milljónir.“

Kaupverðið verður ekki formlega gefið upp fyrr en málið verður tekið fyrir í borgarráði næsta fimmtudag.

Óskar telur blasa við að húsin hefðu kostað mun minna ef þau hefðu verið friðuð fyrst, eins og til stóð. „Ef ráðherra hefði friðuð húsin hefði þetta orðið samstarfsverkefni borgar og ríkis, en í staðinn tekur borgin á sig allan kostnaðinn og Reykvikingar þurfa að borga,“ segir Óskar.



**LAUGAVEGUR 4** Formaður skipulagsráðs segir borgarfulltrúa minnihlutans hafa þrjár mismunandi skoðanir í máli húsnanna við Laugaveg.

Óskar segist óttast að borgin muni þurfa að kaupa önnur hús við Laugavegin sem heimilad hefur verið að rífa. „Fjölmörg slík hús eru við Laugavegin. Menn eru búnir að opna veskið og það verður erfitt að loka því ef önnur mál koma upp,“ segir Óskar.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, segir að óumflýjanlegt hafi verið að Reykjavíkurborg bæri kostnað vegna málsins. „Það er alveg sama hvort húsin hefðu verið friðuð eða ekki, það er mjög ólíklegt að ríkið hefði tekið á sig fjárskuldbindingarnar,“ segir Hanna Birna.

Hanna Birna segir nýja meirihlutann hafa talið mikilvægt að

Menntu eru búnir að opna veskið og það getur orðið erfitt að loka því.

**ÓSKAR BERGSSON**  
BORGARFULLTRÚI FRAMSÓKNARFLOKKS

sveitarfélagið hefði skipulagsvald í málinu. „Við vildum eyða þessari óvissu og geta byggt upp á þessum mikilvæga reit. Það var einungis hægt að gera með þessum hætti,“ segir Hanna Birna.

„Það er athyglisvert að það eru þrjár skoðanir í málinu hjá núverandi minnihluta. Það sýnir kannski ástæðu þess að þau áttu í erfiðleikum með að leysa þetta mál,“ bætir Hanna Birna við.

steindor@frettabladid.is



**ÁLBRÆÐSLA** Tvö hundruðasta keríð hefur verið gangsett í álveri Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði.

Fjarðaál í Reyðarfirði:

## Kerin orðin tvö hundruð talsins

**IBNAÐUR** Tvö hundruðasta keríð hefur verið gangsett í álveri Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Búist er við að gangsetningunni ljúki um mánaðamótin marsapríl. Samtals eru 336 ker í tveimur kerskálum álversins.

Verið er að ljúka ráðningum starfsfólks í álverinu en þar munu starfa liðlega fjögur hundruð manns. Við gangsetninguna starfa að auki um tvö hundruð manns frá undirverktökum og Alcoa-samsteypunni sem munu hverfa á braut þegar framleiðslan verður komin á fullt skrið.

- fb

Félagsmálaráðuneytið:

## Um 192 milljónir í forvarnir

**ALÞINGI** Félagsmálaráðuneytið hefur varið rúmlega 192 milljónum króna til forvarna gegn

ávana- og fíkniefnum á síðastliðnum fimm árum. Þetta kemur fram í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannsdóttur á Alþingi.

Á síðasta ári var 49 milljónum varið til forvarna, sem er 60 prósentu aukning frá árinu 2003, þegar 30,6 milljónum var varið til málaflökksins, að því er segir í svari ráðherra.

- bj

Ár	Milljónir
2003	30,6
2004	30,8
2005	37
2006	45
2007	48,95

Sjálfstæðismenn í borginni segja skoðun sína á framtíð flugvallarins óbreytta:

## Vilja íbúabyggð í Vatnsmýri

**STJÓRNMÁL** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks eru á einu máli um að ákjósanlegast væri að flytja flugvöllinn innan borgarinnar og reisa íbúabyggð í Vatnsmýri. Þetta kom fram á kjördæmisþingi sjálfstæðismanna í Reykjavík á Hótel Sögu í gær.

„Viðhorf okkar hefur alltaf verið það að flugvöllurinn verði í Reykjavík og svo verðum við að meta það út frá kostunum hver endanleg staðsetning hans verður,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. „Það hefur verið nokkuð góð samstaða um það í borgarstjórn Reykjavíkur að í framtíðinni skuli skoða íbúabyggð í Vatnsmýrinni.“

Hanna Birna segir sjálfstæðismenn munu virða ákvæði í samningi um meirihlutasamstarf, þar sem kveðið er á um að flugvallar-



**FLUGVÖLLURINN** Sjálfstæðismenn í borgarstjórn vilja allir flytja flugvöllinn.

stæði verði ekki ákveðið á kjörtímabilinu. „Það tekur langan tíma að finna út úr því hvort önnur flugvallarstæði henta, til dæmis Hólmsheiði,“ segir Hanna Birna. „Flugvöllurinn er staðsettur þarna

samkvæmt aðalskipulagi til 2024. Það er sú ákvörðun sem borgaryfirvöld tóku.“

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sagðist í gærkvöld ekki geta tjáð sig um málið.

- sj

AIR FRANCE, KLM

frábær verð um veröldina  
- bókaðu í dag!

Kairó frá ISK 68.900  
Dubai frá ISK 85.400  
Bankok frá ISK 101.500  
Manila frá ISK 110.700

kimiceland.is

The Reliable Airline **KLM** **KLM**  
Royal Dutch Airlines

Verð eru flug fram og til baka frá Reykjavík (4 flug á viku) og fela í sér þjónustugjöld, skatta og flugvallargjöld. Einn smellur á [www.kimiceland.is](http://www.kimiceland.is) fyrir besta miðaverðið, bókun á netinu, upplýsingar um flug, flugpunkta og þar fram eftir götunum. Rafræn miðakaup gera ferðalagið þitt auðveldara.

# Enginn smá lúxusbíll



Aukabíður á mynd: Alþjóðlegur.

## Polo með alvöru 6 þrepa sjálfskiptingu

Volkswagen kann þá list að sameina ósamrýmanlega kosti. Polo er með 6 þrepa sjálfskiptingu eins og býðst í lúxusbílum, ótrúlega rúmgóður, nettur og lipur en á sama tíma sterkur og traustur. Þannig nýtist hann fullkomlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður, í borgarumferðinni og á vegum úti, hvað sem á dynur.

Polo kostar aðeins frá

**20.310 kr. á mánuði\***

\* Miðað við 20% útborgun og bílasamning til 84 mánaða. Árlæg hlutfallstala kostnaðar er 6,67%. Heildarverð 1.750.000 kr.



**Das Auto.**

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	64,94 65,26
Sterlingspund	128,46 129,08
Evra	95,44 95,98
Dönsk króna	12,808 12,882
Norsk króna	11,898 11,968
Sænsk króna	10,096 10,156
Japanskt jen	0,6025 0,6061

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
125,8651  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fimm fyrrum hershöfðingjar NATO vilja opna fyrir kjarnorkuárás að fyrra bragði:

# Stefnubreyting ekki á dagskrá

**ALÞINGI** Engin stefnubreyting um beitingu kjarnorkuvopna er á döfni hjá Atlantshafsbandalaginu (NATO), þrátt fyrir þá skoðun fimm fyrrverandi hershöfðingja hjá bandalaginu að það eigi ekki að útiloka beitingu kjarnorkuvopna að fyrra bragði.

Þetta kom fram í máli Bjarna Benediktssonar, formanns utanríkismálanefndar Alþingis, í umræðum um störf þingsins á miðvikudag.

Steinunn Þóra Árnadóttir, varaþingmaður Vinstri grænna, vakti athygli á álitum hershöfðingjanna fyrrverandi á Alþingi. Hún sagði þar að hið sanna eðli NATO



STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR BJARNI BENEDIKTSSON

sem árársbandalags hafi komið betur í ljós, og lagði til að íslensk stjórnvöld mörkuðu sér sérstöðu með því að beita sér fyrir friðar-

málum og afvopnun innan NATO.

Bjarni benti í svari sínu á að öll þróun innan NATO hafi verið í átt að fækkun kjarnorkuvopna, og því í þveröfuga átt við það sem hershöfðingjarnir fyrrverandi mæli með.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, tók undir orð Bjarna. Stefnu NATO hafi ekki verið breytt, og ekkert bendi til þess að henni verði breytt í átt að því sem hershöfðingjarnir fyrrverandi leggi til. Verði stefnunni breytt verði það aðeins að undangengnum ítarlegum umræðum.

Sjálfstæðiskonur:

# Fagna nýjum meirihluta

**STJÓRNMÁL** Landssamband sjálfstæðiskvænna fagna nýjum meirihluta Sjálfstæðisflokks og F-lista í borgarstjórn Reykjavíkur. „Allt tal um að stjórnskiptin séu ólýðræðisleg á ekki við rök að styðjast,“ segir í ályktun frá landssambandinu.

Sjálfstæðiskonur fagna jöfnum kynjahlutaföllum í ráðum borgarinnar og þeim áherslumálum meirihlutans sem varða börn og aldraða. „Landssambandið hvetur nýjan meirihluta til að koma sér hratt og örugglega að verki við að vinna stefnumálum sjálfstæðismanna í borginni framgang,“ segir í ályktuninni.

## Svindlarinn Jerome Kerviel: Yfirheyrður af lögreglu

**PARÍS, AP** Franska lögreglan hefur hafið yfirheyrslur yfir Jerome Kerviel sem er sakaður um að hafa tapað rúmum 460 milljörðum króna með áhættuviðskiptum sínum í starfi sínu hjá franska bankanum Societe General.

Þegar bankinn greindi frá svikum um síðustu helgi var ekki greint frá því hvar Kerviel héldi sig. Að sögn lögfræðings Kerviels var hann þó ekki á flotta eins og fjölmiðlar héldu fram. Var hann jafnframt fús til að ræða við lögregluna.

Áður en lögreglan handsamaði Kerviel leitaði hún í íbúð hans í París eftir sönnunargögnum.

Náttúruverndarsamtök Íslands:

## Notar rangar tölur um losun

**UMHVERFISMÁL** Forsvarsaður Íslensks hátækniánaðar, sem hyggst koma á fót olíuhreinsistöð á Vestfjörðum, notaði rangar tölur um losun gróðurhúsalofttegunda í viðtali við Fréttablaðið á föstudag. Þetta fullyrðir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndunarsamtaka Íslands. Árni segir að þegar talað sé um losun gróðurhúsalofttegunda sé miðað við stöðuna árið 1990, þegar losunin hér á landi hafi verið tæplega 3,4 milljónir tonna.

Miðað við tölur Íslensks hátækniánaðar myndi því losun aukast um nærri sautján prósent vegna verksmíðu sem losar 560 þúsund tonn, ekki um ellefu prósent eins og ef miðað er við heildarlosun í dag, sem er um 5,2 milljónir tonna.



ÁRNI FINNSSON

# Fiskverkafólki sagt upp um allt land

Á fimmta hundrað starfsmönnum í fiskvinnslu hefur verið sagt upp störfum. Sjávarútvegsráðherra segir uppsagnirnar grafalvarlegt mál og telur tímabært að setjast niður og skoða hvort mótvægisáðgerðir geti verið markvissari.

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Fiskverkafólki í ellefu landvinnslum hefur verið sagt upp á aðeins fimm mánaða tímabili. Auk þess hefur verið tilkynnt um langar lokanir í sumar og starfsfólk óttast að vinnsla hefjist ekki á haustmánuðum. Óvissan er óbærileg innan fjölda fiskvinnslufyrirtækja um allt land þar sem útlit er fyrir að fjöldi fyrirtækja þurfi að grípa til uppsagna á komandi mánuðum.

Á föstudag bárust fregnir af uppsögnum tólf starfsmanna í fiskvinnslunni Pétursey í Vestmannaeyjum. Þar hafa tapast 36 störf á sjó og í landi síðan í byrjun september, að sögn Guðjóns Rögnvaldssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Tímasetningu uppsagnanna skýrir Guðjón með því að hann vonist til að þeir sem missi vinnuna nú geti tryggt sér störf á komandi löðnuvertíð.

Uppsagnirnar eru vegna niðurskurðar á þorskvóta því lítið framboð er á fiskmörkuðum og ekki útlit fyrir að hægt sé að halda áfram vinnslu eins og verið hefur um árabíl. „Þeir sem hafa sett sinn fisk á markað taka þetta til sín sjálfir. Fyrir vikið lenda litlar vinnslur sem reida sig á fiskmarkaði illa í því. Dæmin eru mörg um allt land, en kannski ekki mikið fjallað um það. Guðjón segir ákvörðunina afar erfiða. „Margir af þeim sem hætta hjá okkur núna hafa unnið hjá okkur í langan tíma.“

Ellefu fiskvinnslufyrirtæki hafa sagt upp starfsfólki eða hætt rekstri eftir að samdráttur afla-

## MÁNAÐARLEG MEÐALVATNSHÆÐ Í KLEIFARVATNI FRÁ JANÚAR 1998 TIL OKTÓBER 2007



Við erum búin að deila út vissum mótvægisáðgerðum og eigum aðrar eftir.

EINAR K. GUÐFINNSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

heimilda var boðaður í byrjun júlí. Á fimmta hundrað störf hafa tapast eða eru í mikilli óvissu. Engar fjöldauppsagnir eða rekstrarstöðvanir tóku gildi fyrstu sex mánuði ársins. Aðeins upphafið að hrinu uppsagna, er mat Arnar Sigurmundssonar, formanns Samtaka fiskvinnslustöðva, sem áætlað er minnst þúsund störf muni tapast. Uppsögnunum fylgir mikil ólga eins

og á Akranesi þar sem HB Grandi sagði upp 59 starfsmönnum í landvinnslu fyrirtækisins.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra tekur undir að uppsagnir undangenginna mánaða séu alvarleg tíðindi, en fyrirsjáanleg að hluta. „Núna er staðan að taka á sig skýrari mynd. Við erum búin að deila út vissum mótvægisáðgerðum og eigum aðrar eftir. Ég tel skynsamlegt að setjast niður og athuga hvort við getum gert þær markvissari.“

Einar segir að vissulega sé uppsagnir starfsfólks í mörgum tilfellum vegna kvótaniðurskurðar en einnig geti verið um hagræðingaraðgerðir að ræða, sem fyrirtæki takist á hendur jafnt í góðu og slæmu árferði.

svavar@frettabladid.is



NÝGIFT Þessi kínversku brúðhjón ákváðu að nýta sér umhverfisvænan fararskjóta á leið úr vígslunni í veisluna.

Aukning um fimmtung 2007:

## Tíðni skilnaða eykst í Kína

**KÍNA** Skilnaðartíðni í Kína hefur aukist um næstum 20 prósent undanfarið ár. 1,4 milljónir hjóna óskuðu eftir skilnaði árið 2007 samkvæmt opinberum tölum.

Sumir segja ástæðuna vera lagabreytingu sem gerir fólki kleift að skilja á einum degi. Áður þurfti fólk leyfi frá vinnuveitanda eða opinberum nefndum til að skilja.

Aðrir segja stefnu stjórnvalda um að hver hjón megi aðeins eiga eitt barn hafa alið af sér kynslóð fulloröðinna sem einblínir á eigin þarfir.

Hjónaböndum hefur á sama tíma fjölgað um tólf prósent.

Átök við landamæri Gaza:

## Tugir egypskra hermanna sárir

**EGYPTALAND, AP** Alls 38 egypskir öryggissveitarmenn hafa særst vegna átaka sem hafa orðið við landamæri Gazasvæðisins og Egyptalands. Landamærin voru á laugardag opin fjórða daginn í röð og hafa Palestínumenn streymt yfir þau til að hitta ættingja sína og til að kaupa sér ýmsar nauðsynjar.

Egypskir hermenn hafa reynt að hafa hemil á fjöldanum sem vill komast í gegn. Engum blum hefur verið hleypt yfir landamærin og hafa Palestínumenn því þurft að ganga yfir þau í tugþúsunda tali.

## Hugsaðu um hollustuna!

Svalandi, próteinríkur og fitulaus

Fitusnauðar og mildar ab-vörur – dagleg neysla stuðlar að bættri heilsu og vellíðan

Silkimjúkt, próteinríkt og fitulaust

MIJÓLKURVÖRUR Í SERFLOKKI


## VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MJÖG SKAMM-VINN HLÁKA** Það verða miklar sviptingar í veðrinu í dag. Núna með morgninum gengur á með slagveður, ursrigningu og stormi mjög víða, einkum á vesturhellingi landsins. Nálægt hádegi dregur víða úr úrkomunni en þegar liður á kvöldið gengur hann í ört kólnandi vestan átt með éljum, síst þó syðst á landinu. Í þessari vestan átt eru horfur á stormi úti fyrir suðurströndinni í nótt.

**REYKJAVÍK Í DAG** Sunnan og suðvestan 15-23. Rigning fyrir hádegi en síðan skúrir. Milt í dag, frost í kvöld.



um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C hálfskýjað	London	12°C hálfskýjað	Friedrichshafen	4°C léttskýjað
Billund	8°C skúrir	Paris	11°C hálfskýjað	Luxemborg	8°C léttskýjað
Oslo	0°C hálfskýjað	Amsterdam	10°C léttskýjað	Alicante	17°C hálfskýjað
Stokkhólmur	1°C hálfskýjað	Frankfurt	9°C skúrir	Róm	14°C alskýjað
Gautaborg	4°C hálfskýjað	Berlin	8°C rigning	Las Palmas	21°C alskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# VETRARDEKK

## NEGLANLEG



**AMTEI**

**NordMaster**

	Stærð	Mál	útsöluverð
NordMaster ST	13"	175/70R13	5.990
NordMaster ST-310	14"	175/R6514	6.600
NordMaster ST	14"	185/65R14	6.900
NordMaster ST	15"	195/65R15	7.990
NordMaster ST	15"	205/65R15	8.600
NordMaster ST	15"	205/70R15	8.900
NordMaster ST-310	16"	205/55R16	9.990



# Stilling

[www.stilling.is](http://www.stilling.is) // [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

## KJÖRKASSINN



Hefur þú fest bílinn þinn í öfærðinni síðustu daga?

Já	11,5%
Nei	88,5%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú sáttur við kaup borgarinnar á húsunum við Laugaveg 4 og 6?

Segðu þína skoðun á visir.is



Prennt handtekið og kannabisræktun stöðvuð í Þorlákshöfn:

## Hefði gefið af sér tvö kíló

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, í samvinnu við lögregluna á Selfossi, stöðvaði kannabisræktun í Þorlákshöfn í fyrrakvöld. Í húsnæðinu reyndist vera slatti af kannabisplöntum sem talið er að hefðu gefið af sér tvö kíló af maríjúana hefðu þær komist í vinnslu og á markað.

Upphaf málsins var það að lögreglumenn úr fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu handtóku tvo karlmenn og eina konu í Grafarholti í fyrrakvöld. Í bíl þeirra, svo og í íbúð annars mannsins, fannst talsvert af fíkniefnum sem talið er að sé maríjú-

ana. Einnig sáust merki um ræktun þar.

Í framhaldi af þessu fóru lögreglumennirnir í húsnæði í Þorlákshöfn, að fengnum dómsúrskurði. Þar fundu þeir slatta af kannabisplöntum. Lögregla lagði hald á þær, sem og ýmsan tækjabúnað til ræktunarinnar. Fólk sem handtekið var er allt á þrítugsaldri. Rökstuddur grunur leikur á að einn manna sem teknir voru í Grafarvogi hafi átt ræktunina í Þorlákshöfn, en hann hafði umráð yfir ræktunarhúsnæðinu. Skýrslutökur fóru fram í fyrrinótt og var fólkinu sleppt að þeim loknum.



**KANNABISRÆKTUN** Þessa kannabisræktun tók fíkniefnalögreglan á höfuðborgarsvæðinu á dögnum.

Dæmdir fyrir uppbot og árásir: Fótboltabullur í sænskt fangelsi

**STOKKHÓLMUR, AP** Sænskur dómstóll sakfelldi á fimmtudag 27 fótboltabullur fyrir uppbot og árásir í stærsta réttarhaldi sem haldið hefur verið yfir fótboltabullum í Svíþjóð.

Ákært var fyrir átök áhængenda AIK við lögreglu á fótboltaleik AIK og Hammarby árið 2004 og fyrir árásir og árásartilraunir áhængenda AIK á leik AIK og GAIS árið 2005.

Nú manns voru dæmdir í eins til tveggja mánaða fangelsi. Aðrir fengu sektir, skilorðsbundna dóma og voru dæmdir til samfélagsvinnu. Sakborningarnir voru á aldrinum átján til 40 ára.

- sdg


## Gott á sunnudegi



Lambafillet með fiturönd **2.498 kr.** Þú sparar 900.-

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI KJÖTRÉTTUM Í NÓATÚNI

**NÓATÚN**



# Vilja skipta hlutafé upp í tvo flokka

Eignarhaldsfélagið Fasteign á eignir víða um land. Verðmætasta einstaka eignin er höfuðstöðvar Glitnis á Kirkjusandi. Fasteignir Reykjanesbæjar eru að stórum hluta inni í félaginu. Margar skólabyggingar meðal eigna félagsins.

**VIÐSKIPTI** „Þetta er mál sem krefst umræðu og er allrar athyglivert. Sveitarfélögin þurfa að gera upp við sig hvernig þau vilja haga sínum málum,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, um fyrirhugaða skráningu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf. á markað. Hann segir enn fremur að Samband íslenskra sveitarfélaga vinni nú að stofnun sjóðs sem muni starfa á svipaðan hátt og Fasteign. „Það verkefni er í vinnslu og að líkindum yrði sá sjóður í samkeppni við Fasteign og önnur sambærileg fasteignafélög,“ sagði Halldór.

**Félagið metið á ellefu milljarða** Breytingatillögur á samningum sveitarfélaga við Fasteign miða að því að skipta hlutafé félagsins upp í tvo hluthafaflokk og skrá bréfin á markað á þeim forsendum. Breytingatillagan á samþykktum félagsins felur meðal annars í sér að kaupréttur leigutaka að fasteign fellur niður hafi leigutaki selt meira en sem nemur fimmtíu prósent af hlutafjáreign sinni í Fasteign.

Samkvæmt verðmati sem KPMG vann fyrir Fasteign er félagið metið á rúma á ellefu milljarða miðað við gengið 2,6. Hlutafé félagsins er um 4,3 milljarðar.

Bergur segir undirbúning að skráningu félagsins á markað hafa staðið yfir síðan í apríl í fyrra. „Í raun snýst þetta um að breyta stofnsamþykktum félagsins en aðkoma félagsins gagnvart sveitarfélögunum, það er leigutökunum, breytist ekki nema að litlu leyti. En það er eðlilegt að sveitarstjórnir sem eiga hlut í félaginu vilji skoða þetta mál vandlega. Við tökum fullt tillit til þess,“ sagði Bergur.

Rekstur Fasteignar hefur gengið vel en hagnaður félagsins nam 2,4 milljónum evra árið 2006, um 230 milljónum króna að núvirði.

Í umsögn Guðmundar Kjartanssonar, endurskoðanda Reykjanesbæjar, segir að breytingatillögurnar geti haft þau áhrif að hagnaður af verðmætahækkun á eignum Reykjanesbæjar í Fasteign, renni ekki í réttu hlutfalli við verðmæti til bæjarins kjósi hann að selja eignirnar. „Ef vilji er til að afsala

þeim hagnaði til Fasteignar er rétt að skilgreina þann útreikning betur“, segir Guðmundur í umsögn sinni sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

### Geta ekki ráðstafað byggingum að vild

Eignir í eigu Fasteignar eru dreifðar um landið. Meðal annars eru leik- og grunnskólabyggingar, íþróttamannvirki og skrifstofuhúsnæði. Fasteign hf. mun ekki geta ráðstafað byggingunum að vild þar sem skipulagsvald er hjá sveitarfélögunum. Auk þess sem samningar félagsins við sveitarfélög eru til langs tíma eða í allt að þrjátíu árum, samkvæmt tillögum sem sveitarstjórnir hafa nú til skoðunar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vilja fulltrúar í sveitarfélögunum víða um landið meðal annars láta meta hvort verðmat á Fasteign hf. sé byggt á forsendum í takt við fasteignamarkaðinn. Telja sumir eignir sínar í félaginu vera meira virði en fyrrnefnt verðmat KPMG gerir ráð fyrir.

magnush@frettabladid.is



### Mjólkurframleiðsla á Íslandi árið 2020

Stefnumótunarfundur á vegum Landssambands kúabænda um framtíð mjólkurframleiðslu á Íslandi verður haldinn í Þingsal 1-4 á Hótel Loftleiðum, 1. febrúar nk. kl. 13-16.

Hverjar eru framtíðarhorfir greinarinnar og hvernig viljum við sjá hana þróast? Hvar liggja helstu tækifæri mjólkurframleiðslunnar? Hvaða hættur steðja að greininni og hvernig er best að bregðast við þeim? Hvernig getur hún keppt við aðrar atvinnugreinar um fólk og fjármagn?

#### Fundarstjóri:

Dr. Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

#### Frummælendur:

Jafet Ólafsson, athafnamaður  
Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Árvakurs  
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins  
Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands

#### Pallborð:

Elvar Eyvindsson, kúabóndi Skíðbakka, Landeyjum.  
Guðbjörg Jónsdóttir, kúabóndi Læk, Flóa.  
Guðný Helga Björnsdóttir, kúabóndi Bessastöðum, Heggstaðanesi.  
Laufey Bjarnadóttir, kúabóndi Stakkhamri, Snæfellsnesi.  
Runólfur Sigursveinsson, ráðunautur BSSL, Selfossi.  
Þórarinn Leifsson, kúabóndi Keldudal, Hegrnesi.

Málþingið er opið öllum áhugasömum um nautgripærækt og mjólkurframleiðslu.



LANDSSAMBAND  
KÚABÆNDA



# SKÍTAKULDI ER HUGARÁSTAND

Gerð: Tinna

Litir: Marron og svart

Efni: Vatnshelt 3 laga efni með öndun

Verð: 32.990 kr.

CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11  
WWW.CINTAMANI.IS



SPJARABU ÞIG

Sömu vandamálín með nýjum meirihluta:

## Þjónusta í þágu borgarbúa

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Í þriðja sinn á tveimur árum þarf nýr meirihluti borgarstjórnar í Reykjavík að gera það að forgangsmáli sínu að leysa starfsmannaskort í skólum borgarinnar. Hinum tveimur meirihlutunum hefur ekki tekist að leysa þetta viðvarandi og alvarlega vandamál. Þessi sem nú hefur tekið við hefur ekki minnst á vandann og því er ekki ljóst hvernig hann mun bregðast við honum. Vissulega hefur þetta einnig verið vandamál í nágrannasveitarfélögunum og er ekki sér-reykvískt vandamál. Það dregur ekki úr ábyrgð borgarfulltrúa til að bregðast við.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er innan við helmingur skólanna í Reykjavík fullmannaður. Sem betur fer er það ekki nema í einum skóla sem kennsla hefur verið skert, en spyrja má hvaða verði það var greitt að komast hjá slíkum neyðarráðstöfunum. Það getur ekki verið gott fyrir menntun barna okkar að réttindalausum kennurum hafi fjölgað mikið.

Þá hafa sérkennarar, allt þetta námsár, verið færðir úr sérkennslu í hefðbundna bekkjarkennslu, sem dregur úr þeirri þjónustu sem skólum ber að sinna. Þá munu kennarar varla endast lengi í starfi ef þeim er boðið upp á óhóflega yfirvinnu til lengdar.

Þetta eru „reddingar“ sem endast ekki lengi og ekki er hægt að una við. Reyndar er það svo að þolinmæði kennara og foreldra gagnvart stöðunni í skólunum hefur verið með ólíkindum en þess er varla að vænta að hún muni endast.

Vissulega hefur þetta einnig verið vandamál í nágrannasveitarfélögunum og tengist meðal annars atvinnuástandi og litlu atvinnuleysi. Það dregur þó ekki úr ábyrgð borgarfulltrúa til að bregðast við. Fram undan eru kjaraviðræður við stéttina og fyrirsjáanlegt að þær verða ekki auðveldar þrátt fyrir að þær muni byggjast á þeim samningum sem aðrar stéttir gera á undan.

Meðal kennara er enn ólga eftir síðustu samninga. Kennarar eru ósáttir við þá kauphækkun sem þeir fengu þá og benda á að bilið milli þeirra og viðmiðunarstétta eins og hjúkrunarfræðinga fari sífellt vaxandi. Auk þess hefur ítrekað verið bent á að eina leiðin til að bæta úr starfsmannaskorti sé að hækka grunnlaun kennara talsvert.

Ef nýjum meirihluta tekst að leysa starfsmannaskortinn í skólum borgarinnar er það árangur sem verður í minnum hafður. Grunnmenntun barnanna er mikilvægara verkefni en ákvörðun um að endurreisa tvö gömul og ónýtt hús við neðanverðan Laugaveg. Menntunin mun hafa varanlegri áhrif.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur oftsinnis verið skammaður fyrir að huga ekki að jafnrétti í starfi sínu. Því er rétt að fagna því að að þessu var hugað við skipan í nefndir og ráð Reykjavíkurborgar og eru fimm konur og fjórir karlar í formennsku fagraða. Batnandi fólki er best að lifa.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skríslæti gegn heilsu

„Var skríslátunum beint gegn heilsu Ólafs F. Magnússonar?“ spyr Hjörtur J. Guðmundsson sjálfstæðismaður á bloggsíðu sinni. „Ef satt reynist, hversu viðurstygileg er slík framgangi?“ bætir hann við. Stefán Friðrik Stefánsson, flokksbróðir hans, tekur í sama streng. „Það verður sífellt greinilegra að skríslátum ungliða vinstri aflanna í fundarsal í Ráðhúsinu í gær var beint að því að brjóta niður Ólaf F. Magnússon borgarstjóra og koma í veg fyrir að hann gæti annaðhvort setið fundinn eða myndi hreinlega missa stjórn á sér í fundarsalunum,“ skrifar hann á bloggsíðu sína. Er ekki ástæða til að þessir menn útskýri hvað þeir hafi fyrir sér

þegar þeir saka fjölda fólks um svona hugsunarhátt?

#### Frjálslynda línan

Eitthvað eru þau mismunandi skilaboðin sem berast frá áhrifamönnum úr Frjálslynda flokknum um þessar mundir. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, fagnar nýjum meirihluta í Reykjavík og Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður flokksins, er svo ánægður að hann vill Ólaf sem arftaka Guðjóns. Í sama streng tekur hófsami aðskilnaðarsinninn Viðar Guðjohnsen, formaður ungliðahreyfingarinnar. Þingmaðurinn Jón Magnússon er hins vegar

á öðru máli. „Það hlýtur að vera dapurlegt fyrir arkitekta meirihlutasamtarfs Sjálfstæðisflokksins og Íslandshreyfingarinnar að sjá að þeir njóta einungis trausts fjórðungs borgarbúa,“ skrifar hann.

#### Útvarp Alþingi, Útvarp Alþingi

Þingmenn úr öllum stjórnmalaflokkum á Alþingi hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að þingfundur Alþingis verði útvarpaður um allt land frá og með haustinu á sérstakri útvarpsrás. Bættist þá enn í flóru útvarpsstöðva sem Íslendingar geta hlustað á. Vafalítið mun dagskrárliðurinn „Efling íslenska geitfjárstofnsins“ keppa við Morgunþáttinn Zúber og Ívar Guðmundsson um áheyrn vegfarenda í morguntraffíkinni. steindor@frettabladid.is



**BITBEIN** Illugi Gunnarsson spyr:

## Eru niðursveiflur á fjármálamörkuðum fyrirboði um þrengingar í efnahagslífi?



ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

### Að lækka eða ekki lækka

Lækkunin á hlutabréfamarkaðnum er merki um alvarlega stöðu í íslensku viðskiptalífi. Nú þegar er ljóst að mjög mun draga úr hagvexti á næsta ári, því er spáð að hagvöxtur verði 1,4% á þessu ári og 0,4% á árinu 2009. Ég er þeirrar skoðunar að við megum teljast heppin ef ekki fer verr en það. Áhyggjur mínar snúast einkum að tvennu: Skuldaálagið sem nú er sett á íslensku bankana er ótrúlega hátt og gerir þeim erfið um vik að fjármagna sig. Umtalsvert skert útlánageta bankanna mun að óbreyttu leiða til þess að íslensk fyrirtæki lenda í vandræðum í rekstri sínum, það mun hægja á nýsköpun og almennt draga úr krafti hagkerfisins. Hitt er að veiking íslensku krónunnar, umfram eðlilega aðlögun, mun orsaka verðbólgu. Vextir Seðlabankans eru í hæstu hæðum, en þrátt fyrir það hefur krónan verið að gefa eftir að undanförunu. Að hluta til var þess að vænta. En hættan er sú að gjaldeyrisþekjulantar missi trúna á gjaldmiðlinum og þá þarf Seðlabankinn að hækka vextina enn til að koma í veg fyrir að jöklabréfin margfrægu breytist í skriðjökla. Ekki er víst hvar sú hringekja endar.

#### Verðbólga og samdráttur

Hluta þess vanda sem er við að eiga má rekja til mikils framboðs á ódýrum peningum á fyrri hluta þessa áratugar. Einkaneysla og kaupmáttur jukust gríðarlega og húsnæði hækkaði upp úr öllu valdi. Nú þegar verð á peningum hefur hækkað og áhrif „subprime“ lánanna hafa valdið öngþveiti á fjármálamörkuðum, mun mjög draga úr eftirspurn í þróuðum hagkerfum heimsins. Á sama tíma er enn uppgangur í Kína, á Indlandi og í öðrum hratt vaxandi þróunarríkjum. Þar með eykst eftirspurn eftir hrávöru og orku og því myndast verðbólguþrýstingur á Vesturlöndum á sama tíma og dregur þar úr einkaneyslu.

#### Efi Seðlabankans

Seðlabankar í Evrópu og Bandaríkjunum standa því frammi fyrir þeim vanda að þeir þyrftu að lækka vexti til að örva hagkerfin en um leið er verðbólguþrýstingur á mótum vaxtalækkunum. Þessi vandi er enn flóknari hjá okkur því við hann bætist að hinir geypháa vextir Seðlabankans hafa haldið genginu uppi. Vaxtalækkunir sem eru nauðsynlegar til að auka hagvöxtinn á árinu 2009 þyrftu að hefjast strax. En vaxtalækkun núna eykur á verðbólguþrýstinginn þar sem hættu er á að gengið falli, ásamt því að verð á innfluttri vöru er að hækka vegna verðhækkana erlendis eins og áður var rakið.

#### Gripnið tækifærið

Margt bendir til að óttinn við kreppu verði verðbólguóttanum yfirsterkari og að vextir seðlabankanna fara lækkandi á næstunni. Seðlabanki Íslands virðist nú nota vextina helst til þess að stýra genginu og þá vakna spurningar um þá gengisstefnu sem nú er fylgt. En lækkandi vextir í beggja vegna Atlantshafsins skapa svigrúm fyrir Seðlabanka Íslands til að lækka stýrivexti sína án þess að draga mjög úr vaxtamuninum. Vextirnir verða að byrja að fara niður, annars er það hagkerfið sem fer niður að frostmarki.

### Galdrakarlarinn í þotunum leysa engan vanda

Um nokkurra ára skeið hafa komið fram á sjónarsviðið fjölmargir einstaklingar sem hafa verið eins og galdrakarlar í augum okkar hinna. Hókus þókus og áður en varir eru þessir menn orðnir milljarða- ef ekki trilljarðamæringar sem þeysa um heiminn á einkaþotunum sínum við að frelsa heiminn undan fátækt, eymd og okri. Þeir eignuðust íslensku bankana og boðuðu okkur samstundis mikinn fögnuð. Að ekki sé minnst á þá stórkostlegu dagdrauma sem suma þeirra dreymdi í orkumálum, ekki bara á Íslandi, heldur um allan heiminn. En áður en varir kemur í ljós að þessir mæringar eru ekkert merkilegri en við öll hin; að þeir geta gert mistök og að þeir geta lent í því að tapa milljörðum og trilljörðum á einni nóttu eða tveimur. Og eftir stendur sá hversdagslegi veruleiki að á bak við svimandi gróðatölnurnar eru bara venjulegir menn sem eru ekki betur settir en svo að þeir þurfa kannski að fljúga í flugvélu eins og við hin einn góðan veðurdag.

#### Auðvitað hefur niðursveiflan áhrif

Og auðvitað hefur niðursveiflan á hlutabréfamarkaðnum áhrif á allt hið efnahagslega umhverfi. Þeir verða færri sem kaupa sér einbýlishús á 100 milljónir svo þeir geti rífið það og byggt annað fyrir 200 milljónir. Það mikilvæga í stöðunni nú er að allir átti sig á því að hinn hrollkaldi veruleiki er okkar allra og vandinn sem blasir við hlutabréfamarkaðnum er líka vandi okkar hinna. Það er öllum ljóst; líka þeim sem eiga peningana þó þeir hafi ekki gert sér ljóst að við hin ættum endilega að fá hluta af því sem þeir skiluðu í svimandi gróðatölu meðan allt lék í lyndi.

#### Samfélagið byggist ekki á galdrakústunum

Við þessar aðstæður þarf öflugra ríkisstjórn sem hefur heildarstefnu og heildarsýn. Það hefur enn hins vegar ekkert gerst sem bendir til að núverandi ríkisstjórn geri sér grein fyrir samhengi efnahagsmálanna. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að ríkisstjórnin vilji verja þá í niðursveiflunni sem fengu ekkert eða lítið af uppsveiflunni. Það er nefnilega að koma í ljós að þeir sem hafa þeyst um heiminn eins og galdrakellingar á kústs-köftum eru bara venjulegir flugfarþegar eins og við hin.

Vandinn í efnahagslífinu verður ekki leystur nema hinn almenni launamaður, sá sem vinnur fyrir verðmætunum, haldi áfram að skapa verðmætin; galdrakústirnir hafa engu breytt. Áfram byggist samfélagið á þeim sem vinna en ekki þeim sem flengjast um heimsbyggðina á þotunum sínum.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RIÐSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ABSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRUI RIÐSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## SIEMENS

Pvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.

Þetta er vélin handa þér!

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is





**56%  
afsláttur**

**198** kr/kg. áður 449 kr/kg.  
Goða saltkjöt - ódýrt



**Þú sparar 1.169 kr/kg**

**35%  
afsláttur**

**2.170** kr/kg. áður 3.339 kr/kg.  
KEA soðið hangilæri



**Þú sparar 1.049 kr/kg**

**35%  
afsláttur**

**1.949** kr/kg. áður 2.998 kr/kg.  
KEA soðin hangiframpartur



**Þú sparar 456 kr/kg**

**25%  
afsláttur**

**1.369** kr/kg. áður 1.825 kr/kg.  
Helgarlamb m/ sólþurrk. tómötum



**37%  
afsláttur**

**396** kr/kg. áður 629 kr/kg.  
Ísfugl kjúklingaleggir



**50%  
afsláttur**

**79** kr/stk. áður 159 kr/stk.  
Pepsi Max - 2 ltr.



**Þú sparar 300 kr/kg**

**699** kr/kg. áður 999 kr/kg.  
Gæðafiskur bitafiskur 150 gr.



**299** kr/stk.  
Hákarl 100 gr.



**23%  
afsláttur**

**999** kr/kg. áður 1.298 kr/kg.  
Goða þorrabakki

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 24. janúar til 27. janúar eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Porsteinn Sölvi Valdimarsson

áður til heimilis að Vesturbrún 28,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí sunnudaginn 20. janúar, verður jarðsönginn frá Áskirkju þriðjudaginn 29. janúar kl. 13.00.

#### Bryndís I. Einarsdóttir

Sigríður Þorsteinsdóttir Eggert Ó. Antonsson  
Þórunn G. Þorsteinsdóttir Eiríkur Hreinsson  
Valdimar F. Þorsteinsson Sesselja Jónsdóttir og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Gunnar Guðjónsson

Laugalæk 40, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 29. janúar kl. 15.00.

#### Hjördís Georgsdóttir

María Jóna Gunnarsdóttir Jóhann Bergmann  
Erla Gunnarsdóttir Vilhelm M. Frederiksen  
Guðný Gunnarsdóttir Björn Jónsson  
Guðríður Helga Gunnarsdóttir Bjarni Hákonarson  
Kolbrún M. B. Viggósdóttir Jón S. Magnússon  
Benóný B. Viggósson Alda Björnsdóttir afabörn og langafabörn.



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og blýbug við útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

### Svövu Stefánsdóttur

frá Fáskrúðsfirði, Hjallaseli 55, áður Mjóstræti 4.

Sérstakar þakkar til alls starfsfólks Seljahlíðar fyrir alúð og frábæra umönnun móður okkar. Guð blessi ykkur öll.

Snæbjörn Aðalsteinsson Kristín Lárusdóttir  
Þórdís Aðalsteinsdóttir Gísli Guðnason  
Kristborg G. Aðalsteinsdóttir Rafn Guðmundsson  
Stefán Aðalsteinsson Elín Geira Óladóttir  
Anna Aðalsteinsdóttir Robert Molodziejko barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Innilegar þakkar fyrir auðsýnda samúð og blýbug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

### Þórunnar Þórðardóttur

sjávarlíffræðings, Ljósheimum 18 a Reykjavík.

Katrín Didriksen Xu Wen  
Einar Oddsson  
Elín Þórunn Didriksen Oddur Xu Einarsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Sigríður Jónsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Drafnarstíg 2,

lést mánudaginn 21. janúar. Útför fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 28. janúar kl. 13.00.

Magnús Ingi Ingvarsson Aðalheiður Alexandersdóttir  
Guðjón Magnússon Anna Björk Eðvarðsdóttir  
Ingvar Magnússon Bryndís Björk Karlsdóttir  
Rut Magnúsdóttir Ingólfur Garðarsson  
Anna Ingvarsdóttir  
Sigríður María Torfadóttir Arinbjörn V. Clausen  
Tómas Torfason Karen Bjarnhéðinsdóttir og barnabörn.

KELLY OSBOURNE SÖNGKONA ER 24 ÁRA Í DAG

„Ég held að mamma mín sé kjafthorasta manneskja sem ég þekki.“

Kelly Osbourne er dóttir rokkhundsins Ozzy Osbourne og Sharon Osbourne en þau eru þekkt fyrir ljótan orðaforða.



**tíma**

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 27. JANÚAR 1960

## Óðinn til landsins

Varðskipið Óðinn er smíðað í Álaborg í Danmörku árið 1959 og kom hingað til lands 27. janúar 1960. Skipið hefur haldist nánast óbreytt frá því það var smíðað og hugsanlega eru aðalvél- og skipsins þær einu í heiminum sem enn eru gangfærar. Varðskipið Óðinn tók þátt í þorskastríðunum á síðustu öld þegar fiskveiðilögsaga Íslendinga var færð út í 12 mílur, 50 mílur og loks 200 mílur. Óðinn er eina varðskip Landhelgisgæslunnar í dag sem tók þátt í öllum þorskastríðunum þremur. Hollvínasamtök Varðskipsins Óðins voru stofnuð árið 2006 og er Sjóminjasafn Íslands að vinna að breytingum á höfninni til að koma Óðni fyrir hjá sér.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma

### Gunnþórunn Jónasdóttir

Gnoðarvogi 56, Reykjavík

lést á heimili sínu föstudaginn 18. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 29. janúar næstkomandi kl. 13.00.

Einar S. Ingólfsson  
Ásta Einarsdóttir  
Dagur Freyr Ingason og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

### Jónína Bárðardóttir

lést á Líknardeild Landspítalans á Landakoti 12. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólki Líknardeildar eru færðar sérstakar þakkar fyrir yndislega umönnun móður okkar í veikindum hennar.

Guðlaug Bára Sigurðardóttir Ragnar Kr. Guðmundsson  
Þorbjörg Sigurðardóttir  
Bjarni Sigurðsson  
Sigríður Rut Sigurðardóttir  
Anna María Sigurðardóttir barnabörn, barnabarnabörn og systkini.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Svava Sigurrós

### Hannesdóttir

Frá Hannesarbæ Keflavík, síðar til heimilis að Hrafnistu Hafnarfirði,

sem lést fimmtudaginn 17. janúar, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 28. janúar kl. 15.00.

Gestur Guðjónsson  
Guðný Svava Gestsdóttir Ægir Jónsson  
Guðjón Gestsson Marta Kristjánsdóttir  
Sonja Gestsdóttir Haraldur Björgvinsson  
Arnar H. Gestsson Anna Ólafsdóttir  
Gestur Kr. Gestsson Berglind F. Steingrimsd. ömmu- og langömmubörn.



### Elín Jónsdóttir

lést á Elliheimilinu Grund þriðjudaginn 22. janúar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 29. janúar kl. 15.00.

Sigurður Jónsson Valgerður Ingólfssdóttir  
Jón Ragnar Höskuldsson Jakobína Ólafsdóttir  
Hlynur Höskuldsson Ólöf Ingibjörg Einarsdóttir og fjölskyldur.



FORMAÐUR KVENRÉTTINDAFÉLAGSINS Þorbjörg I. Jónsdóttir segir fjölskyldu-ábyrgð karla og kvenna mjög misskipt enn þann dag í dag.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS: 101 ÁRS Í DAG

## Enn þörf fyrir

„Mér finnst mikil þörf enn þá fyrir félagið,“ segir Þorbjörg I. Jónsdóttir, formaður Kvenréttindafélgs Íslands sem verður 101 árs í dag. „Ég viðurkenni að þegar ég útskrifaðist úr lagadeild 26 ára gömul var ég ekkert á því að það þyrfti sérstakt kvenréttindafélag, að það væri einfaldlega barn síns tíma. En þegar ég fór út á vinnumarkaðinn og reyndi að sameina vinnu og barnaupeldi og fjölskyldulíf komst ég að því að ennþá þyrfti að vinna að jafnrétti kynjanna,“ bætir hún við.

Kvenréttindafélagið var stofnað 27. janúar 1907 á heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur en hún hafði verið áberandi í málefnum kvenna hér á landi og var í samkiptum við kvenréttindafélög í Bandaríkjunum, Kaup-

mannahöfn og víðar. „Bríet hafði fylgst með stofnun alþjóðastofnunar kvenréttindafélaga í Berlín 1904 og þær konur voru í sambandi við hana og gáfu góð ráð,“ segir Þorbjörg en minnisvarði um Bríetu var reistur á fæðingarstað hennar í Vatnsdal í Húnavatnsýslu á 100 ára afmælisárinu.

Kvenréttindafélagið er ein elstu félagsamtök á Íslandi sem hafa starfað óslitandi frá stofnun þess.

„Eitt af fyrstu verkefnum félagsins var að vinna að kosningarétti og kjörngengi kvenna, meðal annars að bjóða fram lista til bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík,“ útskýrir Þorbjörg. „Svo lögðu þær áherslu á stjórnmalalegt jafnrétti, að þær hefðu jafnan kosninga-



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

### Þorbjörg Daníelsdóttir

Suðurgötu 14, Reykjanesbæ

lést á Landspítalanum við Hringbraut í Reykjavík 13. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Daníel Þórarinnsson Ingibjörg Norðdahl  
Ragnheiður Þórarinsdóttir Kristján Guðmundsson  
Ingibjörg Þórarinsdóttir  
Jóhanna Þórarinsdóttir Áskell Agnarsson  
Hrönn Þórarinsdóttir Kristinn Arnar Pálsson  
Magnús Þórarinnsson Steinunn Snæbjörnsdóttir  
Þórarinn Þórarinnsson Sigurveig Þorkeldsdóttir  
Þorbjörg Þórarinsdóttir Haraldur Gíslason barnabörn og barnabarnabörn.

# Hollvinir Grímsness verða til

Brotfluttur Grímsnesingar komu saman fyrir skömmu og stofnuðu með sér félagskapinn „Hollvinir Grímsness“.

Markmið félagsskaparins er að finna leið til að leggja sveitungunum lið við að rækta menningararf liðinna tíma og kynna hann fyrir nýrri kynslóð ásamt eigendum frístundabyggða sveitarinnar og ferðamönnum.

Félagið leggur sérstaka áherslu á uppbyggingu aðstöðu fyrir menningartengda þjónustu að Borg í Grímsnesinu.

Félagið er opið öllum íbúum sveitarfélagsins fyrr og síðar og til að teljast stofnfélagi þarf að skrá sig fyrir 1. júní næstkomandi.

Í fréttatilkynningu frá félaginu kemur fram að stofnfélagar telji mikla röskun hafa orðið á búsetu í sveitum landsins. Þar nefna þeir einnig að það heyrir til undantekninga að jarðir séu setnar af sömu fjölskyldu mann fram af manni, auk þess sem margir ábúend-

ur hafi viðurværi sitt af atvinnu alls óskyldri hefðbundnum búskap. Einnig segir í tilkynningunni að ásýnd sveitanna í Grímsnesinu, með þeim þúsundum frístundahúsa sem byggð hafa verið á undanförunum áratugum, gæti stuðlað að því að margháttað menningarverðmæti tengd venjubundnum landbúnaðarstörfum fari forgörðum.

Einlæg von aðstandenda félagsins er að tilgangur og verkefni félagsskaparins mælist vel fyrir hjá sveitungunum, eigendum frístundahúsa og ferðamönnum.

Einnig að sem flestir einstaklingar, félagsamtök og fyrirtæki á svæðinu gangi í félagið og styrki þetta starf.

Upplýsingar og skráningu stofnfélaga veita:

Guðmundur Guðmundsson, gudgu@simnet.is og Magnús Björgvinsson, goam@simnet.is.



MENNINGARVERÐMÆTI Í GRÍMSNESI Brotfluttur Grímsnesingar vilja varðveita menningarverðmæti sveitanna.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## félagið

rétt á kjörgengi og karlar og jöfn tækifæri í pólitík. Þessu erum við enn að berjast fyrir í dag þó að lagalega hliðin sé komin," segir Þorbjörg.

„Félagið beitti sér strax fyrir stofnun verkalýðsfélags kvenna og setti á oddinn málefni varðandi menntun kvenna og að jafna launin," útskýrir Þorbjörg og bætir því við að stóru málin séu eiginlega þau sömu í dag.

„Fjölskylduábyrgð karla og kvenna er líka enn í dag mjög misjöfn og sú þjónusta sem þarf að eiga sér stað til að reka heimili er að miklum hluta í höndum kvenna. Ég legg þó áherslu á að við kennum ekki körlunum um, þvert á móti. Eitt af aðalatriðunum til að jafna fjölskylduábyrgð kynjanna er að stytta vinnutíma íslenskra karla.


Starf Kvenréttindafélagsins er í þágu bæði karla og kvenna, jafnrétti er ekki bara spurning um réttindi kvenna heldur um betra þjóðfélag fyrir bæði kynin," segir Þorbjörg og bendir á að karlar hafi verið starfandi í félaginu áratugum saman.

Spurð um stöðu jafnréttismála í dag segist Þorbjörg sjá vissa afturför, sérstaklega þegar kemur að kynhlutverki ungra stulka. „Þær fá sífellt meiri skilaboð um að þeirra hlutverk sé fyrst og fremst kynhlutverk og áherslan er á það hvernig þær líta út og hvernig þær haga sér í samskiptum kynjanna. Þegar ég ber saman stöðuna þegar ég var undir tvítugu fyrir rúnum tuttugu árum og í dag finnst mér hafa orðið afturför," segir Þorbjörg að lokum.

Á morgun, mánudag, stendur kvenréttindafélagið fyrir málþingi í Ráðhúsinu þar sem fjallað verður um löggjöf á sviði jafnréttismála og hvernig lög geta hjálpað til að ná fram jafnrétti. Málþingið hefst kl. 14 og er öllum opið. Aðgangur er ókeypis.

heida@frettabladid.is

HUGURINN BER ÞIG  
AÐEINS HÁLFA LEIÐ



Lokaútkall!

# Toronto

á 15% afslætti í dag\*

Ferðadagar  
Icelandair  
og Hagkaupa  
frá 17.–27. jan.

11. dagur – 11. útkall  
Toronto á Hagkaupsverði  
Kauptu miða á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is) í dag eða í verslunum Hagkaupa í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind eða á Akureyri.

50 FERÐAVINNINGAR  
Allir kassastrimlar eru happdrættis-  
miðar. Neðst á strimlinum er 7 stafa  
númer. Þú ferð inn á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)  
og slærð þar inn númerið og færð  
samstundis svar við því hvort þú hafi  
dottið í lukkupottinn.

Hafið sætisólarnar spenntar  
Við kynnum 24 spennandi áfangastaði  
Icelandair árið 2008, helgarferðir,  
sumarævintýri og sérferðir.  
Nýr ferðabæklingur Icelandair,  
Mín borg, liggur frammi í öllum  
verslunum Hagkaupa.

Þetta er verslunarstjórnin sem talar  
Full búð af spennandi Duty Free  
tilboðum. Duty Free tilboð á sælgæti  
og fleiru.

+ Allar nánari upplýsingar á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

**HAGKAUP**  
Ein færð betra verð

\* Í dag, 27. janúar, bjóðum við 15% afslátt af öllum fargjöldum á Best Price og Economy fargjaldalokkum til Toronto. Ferðatímabil er til og með 31. desember 2008.



WWW.ICELANDAIR.IS

# Pabbi hefur alltaf verið nálægur

Hinn 28. mars 1978 lést einn okkar ástkærasti söngvari, Vilhjálmur Vilhjálmsson, fyrir aldur fram. Premur vikum áður hafði Vilhjálmur eignast dóttur og var hún skírð eftir honum: **Vilhelmína Eva Vilhjálmstöttir**. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti Villy eins og hún kallar sig alltaf. Hún segist ekki þora að fara út í sönginn en hefur þeim mun meiri áhuga á mótorsport og tölvum.

**V**illy Vilhjálmur kallar hún sig og minnir nafnið um margt á nafn frænku hennar Ellýjar Vilhjálmstöttur. Hún sver sig líka sterklega í þá ætt að sögn móður hennar, athafnakonunnar Þóru sem jafnan er kennd við Atlanta, og blaðamaður getur staðfest það. Andlitsfallið og augun eru greinilega ættuð frá föður hennar og Ellý en hún hefur hins vegar talsvert ljósara yfirbragð. Hún hefur rólegt fas og er hæglát, líkt og pabbi hennar.

Örlögin eru stundum undarleg smíði. Villy ólst upp við það að eiga föður sem allir þekktu en hún kynntist aldrei. Og eins og hún segir sjálf: „Hann var farinn og var aldrei þarna en samt finnst mér eins og ég hafi alltaf þekkt hann að vissu leyti. Á meðan föðuramma og -afi og Ellý voru á lífi var minning hans sérstaklega nálæg en þau létust þarna öll á aðeins tveimur til þremur árum um miðjan tíunda áratuginn. Mamma passaði sig líka alltaf að reyna að fylla inn í mynd mína af honum með því að segja mér mikið og vinir hans, svo sem Maggi Kjartans og fleiri, hafa alltaf verið mjög duglegir að segja mér sögur af honum. Enn þann dag í dag er ég að hitta fólk sem kannski vann með honum og deilir með mér góðum minningum og rifjar upp gömlu tímana. Ég hef tónlistina hans, myndirnar af honum sem eru fjölmargar og svo allar þessar minningar annarra og það hefur smám saman hjálpað mér að búa til mynd af honum.“

## Hef alltaf verið strákastelpa

Villy var sem fyrr segir aðeins þriggja vikna þegar Vilhjálmur lést. Villy hafði þá ekki verið skírð en foreldrar hennar höfðu þó ákveðið að hún skyldi heita Eva Ösp, þar sem aspir voru í sérstöku uppáhaldi hjá Vilhjálmum. Móðir Vilhelminu ákveður að skíra hana í höfuðið á Vilhjálmum þegar áfallið ríður yfir – og Evunafnið fær að fylgja með. Á þessum tíma bjuggu þau í Hafnarfirði og Villy flyst svo fimm ára gömul með móður sinni og fósturföður, Arngrími Jóhannssyni, í Mosfellsbæ og býr þar enn þá. Lá ekkert beint við að fara í tónlistina – komandi úr þessari fjölskyldu – eða voru hugðarefnin önnur? „Ég var í kór eins og allir og spilaði á píanó en lagði það svo á hilluna og dauðsé reyndar eftir því í dag. Hver veit nema maður byrji aftur síðar. En ég hef nú aldrei látið reyna mikið á sönginn síðan ég var krakki og ég held ég þori því ekki. Það væri nú kannski líka fullmikið – ætli ég leyfi pabba og Ellý ekki bara að eiga það svið út af fyrir sig. Ég var hins vegar talin og er enn þá í dag frekar mikil strákastelpa og hef alltaf haft brennandi áhuga á bílum og mótorsport, sem og tölvum. Ég átti fullt af bílum til að leika mér með sem stelpa og svo þegar ég fékk bílprófið filefildist ég í áhuganum og líka þegar ég kynntist



HEFUR MEIRI ÁHUGA Á BÍLUM EN FLUGVÉLUM Vilhelmína Eva Vilhjálmstöttir, eða Villy Vilhjálmur, ólst upp í mikilli flugfjölskyldu en hugur hennar hefur þó frekar verið bundinn við farartæki á fjórum dekkjum sem henni finnst afar gaman að gera upp og breyta.

manninum mínum. Í dag rekur við áhugamannaklúbb um bíla og allt sem viðkemur mótorsport sem kallast Live2 Cruise, eða L2C. Við hittumst reglulega og förum á Bíladaga á Akureyri, höldum árs-hátíðir og annað slíkt ásamt því sem ég held úti vefsíðu fyrir félagið.“ Og er þá bílskúrin fullur af bílum? „Ég á þrjá og veit satt að segja fátt betra en að skella mér

inn í skúr til að skrúfa eitthvað í sundur og breyta. Mætti ég ráða ætti ég stórt geymslupláss og fullt af bílum sem ég myndi aldrei selja. Það virðist enginn vita eða skilja hvaðan þessi áhugi kemur!“

## Barn og bílar

Heimasíðugærdin fyrir bílaklúbbinn varð svo upphafið að því að Villy fékk áhuga á margmiðlunarfræðum og útskrifaðist hún síðastliðin júl með BS-gráðu í margmiðlunarfræðum frá háskóla í Bandaríkjunum en námið byggðist að mestu leyti á upplýsingafræði, grafískri hönnun og vefhönnun. Villy er því með nýprentað prófskrifteinið í vasanum og það er fleira nýtt á döfinni því undir belti ber hún barn sem mun líta dagsins ljós eftir aðeins rúma viku. „Þetta er fyrsta barnið og ég hlakka mikið til. Meðganginn hefur gengið eins og í sögu. Jú, kannski mun ég hafa minni tíma fyrir bílana en ég stefni þó að því að skella mér á brautirnar næsta sumar og leika mér. Allavega horfa á.“ Annars er Villy komin í frí þar til hún mun eiga barnið en hún starfar við það að gera heimasíður og slíkt. Hún segist ætla að reyna að finna

skemmtilegt starf í þeim geiranum þegar hún er búin að koma barninu eitthvað á legg. Komandi af þessari miklu flugfjölskyldu, þar sem nær allir hafa einhvern tímunn flogið eða þjónað um borð,

## Úr frétt Morgunblaðsins um lát Vilhelms Vilhjálmssonar, 29. mars 1978: Vilhjálmur Vilhjálmsson, flugmaður og söngvari, ferst í bílslysi

Dægurlagasöngvarinn kunnir, Vilhjálmur Vilhjálmsson, beið bana í bifreiðaslysi rétt við Luxemborg í fyrri nótt.

Vilhjálmur starfaði sem flugmaður hjá Arnarflugi um þessar mundir, en vegna óhappsins er flugvél Arnarflugs varð fyrir í Bretlandi, var Vilhjálmur fenginn til að fara til Luxemborgar til að aðstoða farþega þar sem urðu að fara um Luxemborg af þessum ástæðum. Vilhjálmur var öllum hnúttum kunnugur í Luxemborg, því að hann hafði starfað þar í 5 ár. Vilhjálmur var á bílaleigubíl og staddur á þjóðveginum skammt frá flugvöllinum í Luxemborg eða þar sem heitir Sandweiler þegar slysið varð. Að sögn fréttaritara Mbl. í Luxemborg, Ottós G. Jorgensens, virðist svo sem Vilhjálmur hafi verið að reyna að koma í veg fyrir árekstur við stóran vöruflutningabíl en misst við það stjórna á bíl sínum, sem rakst á ljósastaur og fór síðan út af veginum. Vilhjálmur mun hafa látist samtundis. Ökuskilyrði voru mjög óhagstað er þetta gerðist, rigning og þoka og vegurinn háll, en staðurinn sem slysið varð á er einnig mjög hættulegur því að þetta er um 2. eða 3ja slysið sem þarna verður á um vikutíma. Vilhjálmur lætur eftir sig konu og ungbarn og tvö eldri börn. Hann var 32ja ára að aldri.



FORELDRAR VILLYAR Þóra Guðmundsdóttir og Vilhjálmur Vilhjálmsson í kringum 1975. Villy segir foreldra sína vera sínar fyrirmyndir.

”

Ég hugsa hlutina yfirleitt þannig að það hljóti að vera ástæða fyrir öllu og ég hef alltaf haft það að leiðarljósi í lífinu. Þetta gerðist og það er ekki hægt að taka það til baka. Hann verður hins vegar alltaf ein mín helsta fyrirmynd í lífinu.

liggur beinast við að ætla að Villy hafi áhuga á flugi en svo er ekki. „Ég ferðaðist auðvitað mjög mikið sem barn og hafði gaman af því og vann hjá Atlanta í ein tíu ár en áhuginn virðist allur hafa farið í farartækin á jörðinni – bílana.“

## Á sjálf mörg eftirlætisög

Á síðasta ári var geisladiskur með lögum Villa einn sá söluhæsti á landinu. Hefur dálæti fólks á tónlist hans ekkert komið Villy á óvart? „Nei, í raun ekki. Maður hefur kynnst því í gegnum árin að hann virðist höfða til allra aldursþópa. Jú, ég hefði kannski ekki búist við því að platan seldist svo mikið en það virðast svo margir hafa alist upp við sönginn hans og lögin hans samofin lífi svo margra. Sjálf á ég mörg eftirlætisög en ekkert eitt sérstaklega. Hrafninn finnst mér falleg melódía og Guðs kristni í heimi er eftirlætisjólalag mitt. Svo eru auðvitað lögin eins og Lítill drengur og Söknuður, og þau eru öll alltaf jafn falleg. Ég tek mig alltaf til öðru hvoru og hlusta á lögin hans og finnst ekkert skrítið þótt það sé pabbi minn sem syngi. Það er frekar að ég kippist við ef einhver annar syngur lögin hans.“ Hugsaðirðu aldrei „Hvað ef ...?“ og ímyndaðir þér hvernig tilveran hefði orðið hefði Vilhjálmur lifað? „Já og nei. Ég hugsa hlutina yfirleitt þannig að það hljóti að vera ástæða fyrir öllu og ég hef alltaf haft það að leiðarljósi í lífinu. Þetta gerðist og það er ekki hægt að taka það til baka. Hann verður hins vegar alltaf ein mín helsta fyrirmynd í lífinu.“

# TÖLVUNÁM á vorönn 2008



Computer and office courses  
for beginners and advanced users



Útskrift nemenda í Tölvu- og skrifstofunámi í janúar 2008

## TÖLVU- OG SKRIFSTOFUNÁM

Sérlega viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Hefst 28. janúar. Kennst er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.  
Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga. Verð: 199.000,-



Útskrift nemenda í Tölvu og bókhaldi desember 2007

## TÖLVU- OG BÓKHALDSNÁM

200 stundir. Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.  
Hefst 28. janúar á Akureyri og 7. febrúar í Reykjavík.

### Bókhald 1

Hagnýtt 100 std. Bókhaldsnámskeið fyrir byrjendur í bókhaldi. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Hefst 3. mars. Verð kr. 94.000,- Morgun- og kvöldhópar.

### Bókhald 2

32 std hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald upprifjun og framhald, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga.  
Hefst 30. janúar. Lengd 32 std Verð kr. 36.000,-

### Tollskýrslugerð

21 stund. Verð kr. 28.000,-

## ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

### Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 31. janúar. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

### ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet, Outlook og PowerPoint. Kennst er þrisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.  
Hefst 7. febrúar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Bækur og próf innifalín).

## ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

### Vefsíðugerð I

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsíðugerð og þeim sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Sérstök áhersla er lögð á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Kennst er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsíðna og myndvinnslu fyrir vefinn, Dreamweaver og Photoshop. Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu.

Hefst 30. jan. Sjá nánar á [www.tsk.is](http://www.tsk.is). Lengd 47 std. Verð kr. 49.000,- Allar kennslubækur innifaldar í verði.

### Photoshop grunnur

Námskeið fyrir byrjendur í myndvinnslu í þessu frábæra forriti.  
Hefst 30. jan. Sjá nánar á [www.tsk.is](http://www.tsk.is). Lengd 21 std. Verð kr. 24.000,-

### Stafrænar myndavélar

-og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni. Stutt og hnitmiðað námskeið þar sem farið er yfir helstu stillingar stafrænu myndavélanna, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda (Picasa). Heimarentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD diska ofl. Sjá nánar á [www.tsk.is](http://www.tsk.is). Lengd 14 std. (þrjú kvöld) Verð kr. 15.000,-

- Vefsíðugerð II
- Photoshop grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- Myndbandavinnsla
- Excel grunnur og framhald
- Word grunnur og framhald
- Outlook
- Flash
- Office 2007 kynningar
- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Server
- Windows 2003 Network Infrastructure
- MS Exchange Server
- Navision
- Grafísk hönnun

## VAKTAVINNUFÓLK

*Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.*



TÖLVUSKÓLINN  
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

REYKJAVÍK & AKUREYRI

# Fjárbóndi og forsetaritari

**Guðný Halldórsdóttir** hefur alla tíð haft áhyggjur af heilsu Guðmundar Andra Thorssonar og spyr hann stöðugt hvernig hann hafi það. **Guðmundur Andri** segir Guðnýju hafa breytt lífi sínu á Gljúfrasteini þegar hann var sex ára gamall. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti rökstólarar vikunnar og spurði það út í fatastyrki og þjóðargrafreitinn.

## Á RÖKSTÓLUM

**Búlgarska yngismærin færði okkur saman**

*Hver er ykkar fyrsta minning um hvort annað?*

**Guðmundur:** Fyrsta minning mín um Dunu er þannig að foreldrum mínum var boðið á Gljúfrastein og var boðið sérstaklega að hafa mig með því það þyrfti að skemmta einhverju búlgörsku barni og ég þótti tilvalinn í það. Ætli ég hafi ekki verið svona fimm ára. Svo þegar komið var á Gljúfrastein reyndist búlgarska barnið vera átján ára yngismær þannig að ég var nú í hálfgerðu reiðileysi. En þá aumkuðu þær systurnar sig yfir mig og fóru með mig upp í herbergi og þarna heyrði ég í fyrsta sinn í Bítlunum – heyrði John Lennon syngja og varð ekki samur á eftir. Duna breytti sem sagt lífi mínu.

**Guðný:** Fyrsta minning mín um Guðmund Andra er fyrr en hún er þegar foreldrar hans komu að heimili mínu eins og oft áður og höfðu lent í því tveimur dögum áður að Guðmundur Andri varð ofboðslega veikur og það vissi enginn hvað var að honum. Hann hafði lent á spítala milli heims og helju og var svo heppinn að lenda á einhverjum góðum læknaþóp og þeir sprautuðu öllu í hann sem hægt var að sprauta upp á von og óvon. Eftir á kom í ljós að þetta var heilahimnubólga en þarna komu þau hjónin til þess að jafna sig á þessu og þetta er djúpt í minningunni vegna þess að heilahimnubólga var að byrja að ganga á þessum tíma og maður vissi hvað hún var svakaleg. Thor og Margrét voru svo hamingjusöm og hvernig þau heilsuðust og grétu á hlaðinu heima er mér mjög eftirminnilegt. Það er algjörlega óvart að ég spyr Guðmund ennþá hvernig hann hafi það, hef ennþá áhyggjur af heilsu hans.

### Kleinur og garðrækt á toppnum

*Nefnið þrjá hluti sem þið vitið ekki um hvort annað en gætið trúað að væru sannir. Lokið svo augunum og nefnið mér fjögur atriði sem ykkur finnst einkenna hvort annað.*

**Guðný:** Ég gæti trúað að Guðmundi Andra þætti laufabrauð mjög gott af því hann er að norðan í móðurætt. Svo myndi ég halda að honum þættu epli alveg óskaplega vond af því hann fær svo mikið tannkul í þessu veðri. Svo held ég hann sé að punkta niður í stóra skáldsögu.

**Guðmundur:** Ef ég ætti að ímynda mér eitthvað um Dunu þá myndi ég fyrst segja það að ef hún syngur ekki í kór þá langar hana mjög mikið að syngja í kór og ég hugsa að hún syngi mjög mikið heima hjá sér. Og ég held að hún syngi mikið svona bæ jabbæ-babbæ-bæ lög með Ríó tríó og svoléiðis lög. Ég held í öðru lagi að hana dreymi um að eignast sauðfé og vera alvöru rollubóndi. Og í þriðja lagi held ég að hún hafi mjög gaman af rapparanum Eminem.

**Guðný:** Þú færð tvö stig. Þriðja geigaði.

**Guðmundur:** Var það rapparinn?

**Guðný:** Já.

**Guðmundur:** Ég hélt þetta bara út af Dóra DNA, syni þínum, og svo er Eminem svolítið kjaftfor. Ég hélt að þú hefðir kannski svolítið gaman af kjaftforum einstaklingum. En þetta með laufabrauðið, mér finnst það nú eiginlega bragðast eins og djúpsteiktur pappír. Mamma er nefnilega í rauninni ekki að norðan – afi og amma bjuggu bara á Akureyri en þau voru að austan og héldu austfrskt heimili. Laufabrauðsbakstur var því aldrei hluti af heimilishaldinu.

**Guðný:** Og ég sem hélt að það væru ævinlega staflar af laufa-



**STYÐJUM BJÖRK** Guðmundur Andri segir Björk Guðmundsdóttur hafa fullt umboð frá sér til að umbreytast í stórhættulegt kvendýr. Guðný er stolt af henni fyrir að hafa gefið nýsjálenskum ljósmyndara einn á lúðurinn á flugvellinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

brauði í kringum þig ...

**Guðmundur:** Nei, kleinum – og ég elska kleinum. Hitt með eplin var rétt – mér finnst sérlega óþægilegt að borða epli og fæ stundum martraðir þar sem ég er að bíta í epli. Og bókin, jú, hún kemur væntanlega núna fyrir jólin. **Guðný:** Það sem einkennir Guð-

mund er að hann er náttúrlega með munninn fyrir neðan nefið eins og hann á ættir til. Hann er óskaplega líkur í sína ætt en ég þekki mikið af hans fólki sem er afkomendur Thors Jensen. Sú ætt er lítið fyrir að láta bera á sér. Hann er greindur og feiminn, en þetta er svo feimið fólk – það er

nokkuð sem enginn áttar sig á. Það er svolítið erfitt að toga upp úr því hlutina. Hann hefur sérstakan húmor fyrir tónlist og hann er ofsalega líkur móður sinni, Margrétu Indriðadóttur.

**Guðmundur:** Þetta er nú voðalega fallega talað. Það fyrsta sem mér finnst einkenna Dunu er húmor-

inn. Hún er mjög fyndin og orðheppin og það er gaman að heyra þegar gellur í henni. Í öðru lagi hefur mér sýnst að hún kunni að tala við börn og þau laðast að henni. Þriðji hluturinn sem ég veit úr sjónvarpinu er að hún er mikil garðræktarkona og vill hafa grósku og gróður í kringum sig.

Fjórða atriðið er heit réttlætis-kennnd og pólitíska æðin sem hún hefur.

#### Fornleifar, sauðfé og júdó

Nú eruð þið bæði börn skálda og skrifjó sjálf. Ef þið ættuð að velja annað fjölskyldusport en að vera skáld – hvað mynduð þið velja?

**Guðný:** Það er engin spurning. Fornleifafræðingur og góður fjárbóndi. Það er svo mikið af dóti hér alls staðar sem er áhugavert. Eins og konan með alla hnappana sem fannst undir steininum rétt hjá Seyðisfirði. Það hljóta að vera margar ófundnar konur með hnappa. Ég er svo mikið fyrir útivinnu og mikla hreyfingu.

**Guðmundur:** Fjölskyldusport? Ég held að júdó sé eina fjölskyldusport – pabbi er alltaf í hvítum náttslöpp að fleygja einhverjum mönnum til og frá. En ef þú ert að meina störfín þá myndi ég örugglega verða ástsæll forsetaritari – en ég veit ekki með annað úr fjölskyldunni. Annar afi minn var rafvirk og ég er sjúklega hræddur við rafmagn. Hinn afi minn var forstjóri Eimskipafélagsins ...

**Guðný:** Það liggur víst ekki á lausu núna.

**Guðmundur:** Nei, ég veit ekki einu sinni hvort það er til. Er það ekki bara einhver skúffa í einhverju grúppinu?

#### Björn Inga í járnabindingar

Valdabröltið í Ráðhúsinu virðist endalaust. Ef þið ættuð að setja einhvern í borgarstjórnastólinn nú, sem ekki er í pólitík en þið hafið fulla trú á að geti haldið utan um borgarstjórn án þess að til svika eða þetta komi, hver væri það? Björn Ingi Hrafnsson lýsti því svo yfir að hann væri hættur í stjórnárum í bili – hvar sjáði þið Björn Inga blómstra? Og hvernig líst ykkur á nýjan borgarstjóra?

**Guðný:** Fljótt á litið myndi ég velja Þórhildu Þorleifsdóttur því það þarf einhvern góðan og heiðarlegan leikstjóra í þetta ljóta ráðhús. Og það þýðir ekki þegar verið er að setja upp leikrit að hver tali með sínu nefi þannig að ég myndi treysta henni best.

**Guðmundur:** Ég vil bara að Dagur B. Eggertsson sé borgarstjóri og fannst hann standa sig afskaplega vel en ef ég neyðist til að velja einhvern sem er ekki pólitísk myndi ég bara velja Örnólf bróður minn.

**Guðný:** Já, djöfulli held ég að Örnólfur yrði góður í þetta. Hann myndi bara stjórna þessu með augunum. En að honum Binga, þá ætti hann, bara til að laga baugana, að fara á sjóinn eða í járnabindingar. Þetta er hraustur maður og hann er búinn að ljúga svo mikið undanfarið að hann þarf að afljúga sig einhvers staðar undir berum himni.

**Guðmundur:** Ég held hann verði ritstjóri Morgunblaðsins og leiði endurreisn þess blaðs.

**Guðný:** En mér líst afar illa á nýjan borgarstjóra. Ég myndi ekki treysta honum fyrir hundinum mínum í meira en hálf tíma.

**Guðmundur:** Hvað myndi hann gera við hundinn?

**Guðný:** Hann myndi ljúga honum inn á fólk.

**Guðmundur:** Eða ljúga að honum.

**Guðný:** Og týna honum.

**Guðmundur:** Eja, hann laug ósköp mikið þennan dag þarna með Villa, bæði að þáverandi félögum sínum og kannski ekki síst að sjálfum sér. Það er ekki gott veganesti. Hann stendur núna uppi í einhverju embætti sem hann hefur einhvern veginn ekkert með að vera í og á enga heimtingu á og hefur ekkert á bak við sig og veit ekki sitt rjúkandi ráð.

#### Ullað á okkur hin

Það er brölt á fleiri stöðum, til að mynda á fjármálamarkaðinum.



**Guðmundur:** Svo þegar komið var á Gljúfrastein reyndist búlgarska barnið vera átján ára yngismær þannig að ég var nú í hálfgerðu reiðileysi. En þá aumkuðu þær systurnar sig yfir mig og fóru með mig upp í herbergi og þarna heyrði ég í fyrsta sinn í Bítlunum – heyrði John Lennon syngja og varð ekki samur á eftir.

Duna breytti sem sagt lífi mínu.

*Eruð þið kvíðin fyrir fjárhagslegri framtíð landsins? Ef þið ættuð hundruð milljóna núna – og yrðuð að passa að eiga allar milljónirnar enn þá eftir tvö ár – hvar mynduð þið geyma peninginn?*

**Guðný:** Er ekki búið að tala þetta ríkidæmi okkar upp í einhverja vitleysu? Er ekki kominn tími til að tala það aftur niður og átta sig á því að við erum ósköp venjuleg skítapjóð hérna úti á hjara veraldar sem erum búin að ljúga að sjálfum okkur að við eigum svona mikið af peningum? Við þurfum bara að verða aftur að eðlilegu fólk. Ég veit ekki hvaða della þetta er. Menn eru bara ...

**Guðmundur:** ... rífandi niður einhver einbýlishús hér í Þingholtunum og reisandi ný bara til þess að ulla á okkur hin. Og án þess að maður sé eitthvað að hlakka yfir óföllum annarra þá fer maður ekkert að skæla heldur yfir því þótt rjúki burt einhverjir fjármunir sem alltaf voru bara mold. Mér líst mjög illa á þessa auðmannavæðingu sem hófst með kvótakerfinu. Hún táknað það að við segjum skilið við þetta hálfpartinn stéttlausa samfélag sem þó hefur verið hér mest alla 20. öldina, hættum að þekkja. Það er ágætt að eiga soldinn pening en miklum auð fylgir sjaldan gæfa, hvað þá misskiptingu.

**Guðný:** Sem dæmi um þennan auð get ég nefnt til dæmis íbúa í Mosfellsdalnum sem ég bý í – sem hingað til hafa bara reist sér lágreist húsasmíðjuhús og kofa. Svo rauk fasteignaverð upp og þangað komu menn sem ætluðu að byggja sér einhver mörg hundruð fermetra hús. Einn var svo gráðugur um daginn að hann byrjaði að grafa niður og fór í gegnum eitthvert hálfgerð ísaldarlag því hann þurfti svo rosalegan djúpan kjallara

undir draslið sitt. Og undan þessu ísaldarlagi rennur vatnsfordi Mosfellinga í þúsundum lítra á mínútu, beint út í sjó, án þess að nokkur skipti sér af því.

**Guðmundur:** Bara jökulhlaup?

**Guðný:** Já. Græðgin er orðin svo mikil að þetta er orðin meiri eyðilegging en ekki.

**Guðmundur:** Já, þessi tími sem er að líða undir lok var bara einhvers konar víma. Og það er bara ágætt að menn komist út úr henni. Bara vímulaus æska.

**Guðný:** (bendir út um gluggann á Norræna húsinu á einkapötu sem er að lækka flugið): Þarna kemur einmitt einn. Nýbúinn að kaupa í matinn fyrir helgina.

**Guðmundur:** En já, hvernig myndi ég geyma 100 milljónir sem mættu ekki réna, þetta er góð spurning, í hverju myndum við fjárfesta, Duna? Er ekki gott að kaupa gull?

**Guðný:** Jú, Norðmenn eiga voða mikið af gulli.

**Guðmundur:** Já, heyrðu, ég myndi bara festa peninginn í Noregi. Í norska skíðabransanum.

**Guðný:** Ég myndi kaupa mér túnbleiðil og þreskimaskínu og rækta korn. Held ég yrði nú helvíti rík þegar ég færi að selja Kínverjunum hveitið.

**Guðmundur:** Ætlarðu að kaupa þér túnbleiðil fyrir 100 milljónir?

**Guðný:** Nei, þreskivélina kostar sitt! Og pokarnir!

**Guðmundur:** Já sennilega er matvælaframleiðsla málið. Flestir auðmennirnir eiga það sameiginlegt að hafa selt okkur einhverjar nauðsynjar á uppsprengdu verði – mat og lyf og yfirdrátt. Fyrir gróðann af þessu lögðu þeir undir sig heiminn og keyptu sér knattspyrnuhlíf fyrir keks.

**Guðný:** Og helminginn af Oxfordstræti fyrir Del monte-ananas og blandaða ávexti í dós.

#### Selskinnsdragtirnar ónýtar

*Fatastyrkur aðurnefnds Björns Inga hefur talsvert verið í umræðunni. Ef þið fenguð fatastyrk upp á milljón og yrðuð að versla fót á hvort annað – hvað myndir þú, Guðmundur, kaupa á Guðnýju og hvað myndir þú, Guðný, kaupa á Guðmund?*

**Guðmundur:** Úff. Karlmenn eiga ekki að ráðskast með fatnað kvenna, ekki einu sinni hommar. Ég myndi bara kaupa eitthvað hippalegt. Skræpóttar mussur og indversk silkiklæði en ekki dragtir, það er ekki Duna. Eitthvað rautt og grænt af því að Duna er tvímælalaust sumar. Og svo nóg af stígvélum af því hún er alltaf úti í garði.

**Guðný:** Eins og sagt var í vissu áramótaskaupi: Tvö stökkabelti fundust á kvennaklósettinnu.

**Guðmundur:** Haha!

**Guðný:** Alveg hikaustalaust myndi ég kaupa selskinnsanorakk með hettu á Guðmund. Svipaðan og Halldór Ásgríms á, og rauðan trefil við. Heldurðu að þú yrðir ekki flottur í því?

**Guðmundur:** Tja, ég veit það ekki ....

**Guðný:** Hefurðu séð hvernig þeir vinna selskinnið núna?

**Guðmundur:** Mér finnst bara einhvern veginn eins og ég yrði Halldór Ásgrímsson.

**Guðný:** Jú, það er nefnilega það. Halldór er svolítið búinn að eyðileggja selskinnsdragtirnar fyrir okkur.

#### Vigdís á peningaseðil

*Þekktir einstaklingar hafa fallið frá í þessum mánuði, meðal annars fjallagarpurinn Edmund Hillary, Bobby Fischer og núna Hollywood-leikarinn Heath Ledger. Ef þið ættuð að velja þrjá látna einstaklinga til að prýða næstu peningaseðla Íslands sem prentaðir verða – hverjir yrðu fyrir valinu? Og hver ætti að vera þriðji Íslendingurinn til að verða grafinn á þjóðreit okkar á Þingvöllum?*

**Guðmundur:** Halldór Laxness. Hann á að fara á næsta seðil. Hmm, hverjir fleiri. Allavega ekki Bobby Fischer. Ég er algerlega á móti þessari stefnu að gera hann að einhverjum ástmeigi þjóðarinnar. Þó að við höfum skotið skjólshúsi yfir hann bara af því að hann var vitlæsingur. Ég myndi vilja sjá Jónas eða Gröndal og einn peningakarl – Thor Jensen – hvernig væri það?

**Guðný:** Jú, það má nú alveg fara að

huga að honum. Ég myndi setja Brieti Bjarnhéðinsdóttur. Síðan myndi ég setja Jón Helgason skáld og svo Vigdís Finnbogadóttur – og setja hana í skautbúning á einhvern seðilinn – 12.000 króna seðilinn.

**Guðmundur:** Heyrðu, við erum komin með svolítið góða seðla – alveg sex nýja. Við verðum bara að biðja um verðbólgu. En í þjóðargrafreitinn. Mér dettur nú bara Hannes Hólmsteinn í hug. Hann hefði gaman af því sjálfur. Ég get ekki ímyndað mér neinn annan mann sem myndi þiggja þetta. Eigum við ekki bara að fara að hætta með þetta? Það mætti bara flytja þá sem hvíla þarna og leyfa þeim að hvíla innan um annað fólk.

**Guðný:** Þú meinar beinahrúguna af Dananum og svo beinin af Einari Ben. Ég myndi segja að hundhelvítið á næsta bæ við mig ætti að fara á þennan þyrlupall. Það vill enginn liggja þarna og ég veit um tvo sem voru svo hræddir um að þeir yrðu settir þarna að þeir báðu um það á meðan þeir voru alveg með fulde fem að þeir yrðu ekki settir niður þarna.

#### Mía litla í ham

*Björk tuktadi nýlega til ljósmyndara, í annað skiptið á ferlinum, þar sem hann myndaði hana í Ástralíu. Hafið þið skilning á gjörning hennar?*

**Guðmundur:** Ég er fullur aðáunar á Björk og ef hún þarf að umbreytast í stórhættulegt kvendýr, svona Míu litlu í ham, þá hefur hún fullt umboð frá mér til þess. Ég vorkenni þessum ljósmyndara ekki rassgat.

**Guðný:** Ég er þannig af ef mér er sýnt ofbeldi sýni ég ofbeldi á móti og ég hugsa að það sé öllu kviku eðlislægt. Ég hef séð svona ljósmyndara að störfum, í London og Cannes, og ef það er ekki ofbeldi hvernig þeir vinna veit ég ekki hvað það er. Ég er bara stolt af henni að gefa honum einn á lúðurinn.

**Guðmundur:** En mér finnst leiðinlegt að sjá hvernig DV er að reyna að verja þetta. DV lítur svo á að þessi ljósmyndari sé einn af þeim. Björk er hins vegar ekki ein af þeim. Jæja, sækjast sér um líkir mætti segja.

**Guðný:** Þessir ljósmyndarar eru að eyðileggja líf fólks.

**Guðmundur:** Þetta er líka partur af ímynd Bjarkar – hún bitur ef þú kemur of nálægt.

## → GUÐMUNDUR OG GUÐNÝ Í HNOTSKURN

Guðmundur Andri er fæddur á gamlársdag árið 1957 en þann afmælisdag átti listmálarinn Henri Matisse einnig.

Guðný er hins vegar fædd 23. janúar árið 1954 og á sama afmælisdag og rússneski leikstjórinn Sergej Eisenstein.

Guðmundur er því steingeit en Guðný vatnsberi.

Guðmundur Andri lærði bókmenntafræði og íslensku við Háskóla Íslands en Guðný nam kvikmyndaleikstjórn í London International Film School.

Guðmundur hefur skrifað fjórar skáldsögur auk fjölda greina og þýðinga. Guðný hefur hins vegar leikstýrt fimm kvikmyndum í fullri lengd og tveimur áramótaskaupum.

Síðasta skáldsaga Guðmundar hét Náðarkraftur en síðasta kvikmynd Guðnýjar var Veðramót.



**ÆVINTÝRI EINARS ÁSKELS LESIN** Hrönn segir ómögulegt að stimpla sig alveg út í lok vinnudags. „Ég er alltaf með hugann við vinnuna. Ég er til dæmis barnlaus og tengist börnunum sem ég vinn með mjög sterkt. Ég er náttúrulega með þau lungann úr vökutíma þeirra og sé þau miklu meira vakandi en foreldrar þeirra. Sem leikskólakennari þarf ég að hafa mikla yfirsýn yfir hópinn og fylgjast með hverju einasta barni, þroska þess, framförum og afturförum ef því er að skipta.“

## VIKAN

**MÁNUDAGUR** Vinnudagur hefst klukkan átta að morgni. Klukkan níu er morgunfundur þar sem leikskólastjórinn og deildarstjórnarnir fara yfir daginn. „Síðan tekur við hópastarf, val og útivera með börnunum. Vinnudeginum lýkur rúmlega fjögur þar sem það vantar starfsfólk og ég þarf að vera aðeins lengur.“ Klukkan fimm er mánaðarlegur starfsmannafundur og að honum loknum deildarfundur til að fara yfir stöðu mála á deildinni.

**ÞRIÐJUDAGUR** Hrönn mætir í vinnu klukkan átta og klukkan níu er morgunfundur. „Á milli tíu og eitt er ég í undirbúningsstíma þar sem ég skipulegg starfsemi deildarinnar og undirbý komu lítillar stúlu sem byrjar aðlögun í næstu viku. Eftir það er ég inni á deild til klukkan fjögur þegar vinnudegi lýkur.“

**MÍÐVIKUDAGUR** Mætt klukkan átta og klukkan níu er morgunfundur. „Í dag er listaskáladagur. Þá fer ég með börnin í lítlum hópum í kjallarann þar sem listakennarinn tekur á móti okkur og við vinnum skemmtileg skapandi verkefni. Vinnudegi lýkur rúmlega hálf fimm sökum mannekle.“

**FIMMTUDAGUR** Mætt klukkan átta. „Klukkan níu er morgunfundur og við skipuleggjum daginn. Síðan er hópastarf, val og útivera með börnunum. Vinnudegi lýkur um klukkan fjögur.“

**FÖSTUDAGUR** Mætt klukkan átta og morgunfundur klukkan níu þar sem dagurinn er skipulagður. „Á milli hálf tíu og ellefu höldum við síðan deildarstjórafund þar sem deildarstjórnarnir bera saman bækur sínar hvað varðar starfið og skipuleggja stærri viðburði fram undan eins og þorablót barnanna og öskudaginn. Dagurinn gengur sinn vanagang þar til vinnudegi lýkur klukkan fjögur.“

# Hlakka til að mæta í hvert sinn

Mannekla og tímabundnar lokanir á deildum eru iðulega umfjöllunarefnið þegar leikskólar eru í fréttum og mæðir mikið á þeim kennurum sem eru starfandi á leikskólunum. *Sigríður Dögg Guðmundsdóttir* blaðamaður og *Arnþór Birkisson* ljósmyndari fengu innsýn í hvernig vinnuvikan gengur fyrir sig hjá **Hrönn Harðardóttur**, leikskólakennara og deildarstjóra.

**E**ngir tveir dagar eru eins og aldrei hægt að vita hvernig dagurinn verður,“ segir Hrönn Harðardóttir, leikskólakennari og deildarstjóri á yngri deild á leikskólanum Hamraborg í Reykjavík. Hrönn lýsir starfi leikskólakennara sem köllun en um leið sé það mjög lýjandi bæði andlega og líkamlega. „En ánægjan við starfið vegur svo sannarlega upp á móti hinu.“

Þrátt fyrir ánægjuna er auðvelt að koðna niður í starfi sem leikskólakennari segir Hrönn og að besta ráðið til að koma í veg fyrir það sé símenntun, „Þetta er gefandi og skemmtilegt starf en um leið bæði andlega og líkamlega lýjandi. Maður er dauðuppgjafinn að vinnudegi loknum eftir að hafa haldið á og hlaupið á eftir smábörnum allan daginn og það er stutt á milli þess að finnast mjög skemmtilegt í vinnunni og mjög leiðinlegt. Ég held að mörkin þar á milli séu þau að ef þú heldur þér ekki á tánum, til dæmis með því að fara á fyrirlestira, námskeið og í heimsókn á aðra leikskóla, þá brennur þú einfaldlega út.“

Reglulega er fjallað í fjölmiðlum um mannekle á leikskólum. Hrönn segir ástandið á sínum leikskóla mun betra en víða annars staðar en þó fari þau ekki varhluta af þessu vandamáli. „Við leikskólakennararnir höldum alltaf morgunfundi klukkan níu á morgnana til að fara yfir stöðuna og það er þúsl á hverjum einasta degi. Maður er alltaf að reyna að redða hverjum degi. Oft tökum við bara fyrir hálfan dag í einu og hittumst svo aftur í hádeginu til að skipuleggja seinni part dags. Það hræðilegasta sem við lendum í að gera er að þurfa að loka deildum. En þá erum við líka alveg komin út á ystu nöf.“



## VIKA Í LÍFI

Sá mikli skortur sem er á leikskólakennurum skýrist að mati Hrannar að mestu leyti af launamálum. „Fólk menntar sig í þessu og hverfur síðan í önnur störf eða vill jafnvel mennta sig í þessu en sér ekki tilganginn út af slæmum launum. Mikil og jákvæð þróun hefur hins vegar orðið í launamálum leikskólakennara. Auðvitað er

**ELDAD Á HEIMILINU** Meðan Hrönn var í leikskólakennaranáminu fór hún til Finnlands sem skiptinemi og kom þangað seinna til að vinna sem leikskólakennari. Námsdölin reyndist órlagarík þar sem Hrönn kynntist þar sambylismanni sínum, Johnny Turtiainen.



**SKRAFAD Á KAFFISTOFUNNI** Leikskólakennarar hafa þrjú ára háskólanám að baki og margir bæta síðan við einhverri sérmenntun að sögn Hrannar. „Það er umræða um það núna að gera þetta að fimm ára námi með mastersgráðu. Mér finnst gott að það sé í boði en ég er hrædd um að verði það skyllda fæli það marga frá þessu námi. Til samanburðar getur fólk útskrifast sem viðskiptafræðingar eftir þrjú ára nám.“

langt í land ennþá en nú til dags finnst mér að fólk ætti ekki að setja launin fyrir sig því þau eru ekki það slæm. En þá er ég að tala um leikskólakennara, almennur starfsmaður er enn langt á eftir.“

Hvað sem álagi, launamálum og mannekle líður segist Hrönn ekki geta hugsað sér annað starf. „Þetta er það sem ég lifi fyrir, það má eiginlega segja að þetta sé köllun. Morgnarnir eru ekki þannig að ég eigi erfitt með að vakna og nenni ekki í vinnuna, heldur sprett ég á fætur og hlakka til að mæta í hvert sinn.“ ■



**HRÖNN ÁSAMT KRISTÓFER SYSTURSINI SÍNUM** Leikskólakennarar sem eiga börn kjósa yfirleitt að vinna með börn á aldri sem er andstæður þeirra eigin barna að sögn Hrannar. „Meðan þeirra börn eru lítil vilja þeir vinna með eldri börn. Svo þegar þeirra börn eldast færa þeir sig kannski á yngri deild. Það er náttúrulega mikið að vinna með tveggja ára börn allan daginn og vera svo með tveggja ára barn utan vinnu líka.“



# ÞÚ ÁTT NÓG AF PENINGUM

... Ingólfur hjálpar þér að finna þá!



**25**

milljóna lán  
Heildarkostnaður á 40 árum  
**130 milljónir**

þú sparar

**60**  
milljónir

Með veltukerfi spara.is getur þú stýtt lántímamann og sparað svo um munar.

**15**

milljóna lán  
Heildarkostnaður á 40 árum  
**78 milljónir**

þú sparar

**36**  
milljónir

Með veltukerfi spara.is getur þú stýtt lántímamann og sparað svo um munar.

Miðað við 4% verðbólgu, 4,5% vexti og styttingu lántíma um 15 ár

Þúsundir Íslendinga eru að spara milljónir í vexti og verðbætur með uppgreiðslukerfi spara.is.

Hvenær ætlar þú að bætast í hópinn?

**Úr mínus í plús**

Ingólfur H. Ingólfsson kennir þér að spara milljónatugi á námskeiðinu **Úr mínus í plús**.

**Á námskeiðinu lærir þú meðal annars:** að greiða hratt niður lán með þeim peningum sem fara nú þegar í afborganir að byggja upp sparnað og eignir óháð tekjum og skuldum allt um vexti, verðbætur og lánakjör að búa sig fjárhagslega sem best undir lífið að undirbúa eftirlaunaárin að hafa gaman af því að eyða peningunum

**Fjárfestingar og hlutabréf**

**Láttu peningana vinna fyrir þig!** Þú lærir að fjárfesta í eignum og verðbréfum.

Hversvegna hrynja hlutabréf en hrávörumarkaðurinn er í hæstu hæðum?

Vætanlegur spútnik á markaði verður kynntur á hverjum námskeiði.

Spútnik frá febrúarnámskeiðinu 2006 hefur skilað yfir 500% ávöxtun!

**Námskeiðagjald 9.000,-**  
Skráning í síma: **587 2580**  
og á [www.spara.is](http://www.spara.is)

**spara.is**

**Næstu námskeið**

**AKUREYRI**

kl. 13:00 - 17:00 Hótel Kea

**ÚR MÍNUS Í PLÚS**  
2. febrúar

**FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF**  
3. febrúar

**REYKJAVÍK**

kl. 18:00 - 22:00 í Háskóla Íslands stofu 123 í Öskju

**ÚR MÍNUS Í PLÚS**  
5. febrúar  
4. mars

**FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF**  
7. febrúar  
6. mars

**EGILSSTAÐIR**

kl. 13:00 - 17:00 Hótel Hérað

**ÚR MÍNUS Í PLÚS**  
16. febrúar

**FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF**  
17. febrúar

**ÍSAFJÖRÐUR**

Menntaskólanum Ísafirði

kl. 13:00 - 17:00

kl. 12:30 - 16:30

**ÚR MÍNUS Í PLÚS**  
23. febrúar

**FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF**  
24. febrúar

Metsölubókin „Þú átt nóg af peningum“ er fánleg á námskeiðunum og í bókabúðum um land allt.



**Umsagnir:**

“Það er mér sönn ánægja að mæla með þessari bók. Ég keypti hana vegna þess að ég trúði ekki hinni ögrandi fullyrðingu höfundar: “Þú átt nóg af peningum ...” Nú veit ég að þessi fullyrðing er sönn”  
- Práinn Bertelsson, rithöfundur

“Ég get svo sannarlega mælt með bók Ingólfs. Félagsmenn sem sótt hafa námskeið hans eru sammála um að Ingólfur hafi opnað þeim leiðir til að endurskoða fjármál sín og ná betri tökum á þeim”  
- Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar

Námskeiðin eru 4 tíma löng. Sum stéttarfélag greiða niður námskeiðin.



FYRSTI DAGURINN Auðun Georg Ólafsson, sem gegndi stöðu fréttastjóra hjá Ríkisútvarpinu í einn dag, sést hér ganga um gólf í útvarphúsinu. Starfsmennirnir tóku Auðuni Georgi illa. Hann hætti eftir einn dag í starfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráðin í pólitísku skjóli?

Umdeildar embættisveitingar hafa vakið upp töluverðar umræður að undanfögnu um hvort pólitískar ráðningar séu á undanhaldi eða ekki. Ráðherrar í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar hafa sætt gagnrýni ekki síður en ráðherrar í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ráðherrar hafa verið sakaðir um að koma samflokksfólki sínu í pólitískt skjól. *Magnús Halldórsson* fór yfir nokkur mál sem valdið hafa fjaðrafoki og illdeilum.

## AÐSTOÐARMAÐUR RÁÐINN DÓMARI

Þorsteinn Davíðsson var skipaður dómari við Héraðsdóm Norðausturlands og Austurlands frá 1. janúar síðastliðnum af Árna M. Mathiesen, settum dómsmálaráðherra. Björn Bjarnason var ekki hæfur til þess að skipa í embættið þar sem hann var á meðmælendaskrá Þorsteins, sem var lengi aðstoðarmaður hans.



Enn á ný komu fram áskanir um að Þorsteinn hefði verið ráðinn vegna pólitískra tengsla sinna við Sjálfstæðisflokkinn en hann er sonur Dav-

íðs Oddssonar. Dómnefnd sem mat hæfi umsækjenda komst að því að þrjú umsækjenda hefðu verið tveimur hæfisflokkum fyrir ofan Þorstein í mati. Hún sagði ráðherra aldrei fyrr hafa gengið með viðlíka hætti gegn álitum ráðherra.

Árni hefur vísað öllum ásökunum um að Þorsteinn hafi verið ráðinn vegna tengsla sinna við Sjálfstæðisflokkinn á bug. Jafnframt sagði hann umsögn og rökstuðning dómnefndarinnar ekki nægilega trausta og um margt

„gallaða“. Fullyrti hann jafnframt í yfirlýsingu að dómnefndin hefði sagt að þetta væri í fyrsta sinn sem gengið væri gegn álitum dómnefndar sem metur hæfi dómara. Dómnefndin vildi ekki tjá sig um orð ráðherra, slíkar væru rangfærslurnar að ekki væri hægt að „elta ólar við þær“ í fjölmiðlum. Árni taldi dómnefndina ekki hafa metið reynslu Þorsteins sem aðstoðarmanns ráðherra rétt og gagnrýndi hana harðlega. Sagði hann nefndina, öðru fremur, hafa minnkað traust almennings á dómstólunum. Ýmsir settu sig upp á móti þessu viðhorfi Árna, meðal annars lögfræðiprófessorinn Sigurður Líndal sem taldi Árna hafa farið gegn verklaginu sem reglur gerðu ráð fyrir.



## TENGLI VIÐ SAMFYLKINGU EÐA YFIRBURÐAÞEKKING

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra réð Guðna Má Jóhannesson orkumálastjóra og Ólöfu Ýrr Atladóttur ferðamálastjóra um síðustu áramót. Ráðning þeirra féll í grýttan jarðveg hjá ýmsum öðrum umsækjendum sem töldu framhjá sér gengið. Voru margir fljótir að álykta sem svo að pólitísk tengsl Guðna og Ólafar við Samfylkinguna hefðu spilað inn í. Því hefur Össur neitað alfarið og svarað því til, í rökstuðningi við fyrirspurnum annarra umsækjenda, að hæfasta fólkið hafi verið ráðið. Aðstoðarmenn fyrrverandi orkumála- og ferðamálastjóra hafa talið framhjá sér gengið og telja rökstuðning ráðherra ekki nægilega góðan.



„Nú er ekki hægt að kenna Framsóknarflokknum um. Þetta er Samfylkingin,“ sagði Einar Bollason, framkvæmdastjóri Ís-hesta, um ráðningu nýs ferðamálastjóra en hann taldi augljóslega hafa verið gengið framhjá fólki með reynslu af markaðsmálum, sem væri það sem skipti sköpum öðru fremur.

Ólöf Ýrr er líffræðingur að mennt, með meistaraþróf, auk þess að vera með MPA-próf í stjórnsýslufræðum. Össur hefur svarað því til að jafnréttislag hafi haft áhrif á það að Ólöf Ýrr varð fyrir valinu.

## VINUR DAVÍÐS ÞÓTTI EKKI HÆFASTUR

Jón Steinar var skipaður hæstaréttadómari af Geir H. Haarde, settum dómsmálaráðherra, 15. október 2004. Skipan hans þótti umdeild þar sem hann hafði gegnt trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var sagður náinn samstarfsmaður Davíðs Oddssonar.

Helstu rök fyrir skipan hans voru nefnd áratugalöng reynsla hans af málfutningsstörfum en hann átti farsælan feril að baki sem lögmaður þegar hann sótti um embætti dómara. Mörgum fannst þessi rök léttvæg í samburði við dómaraeignu annarra umsækjenda í bland við önnur lögmannsstörf.

Líkt og í tilfelli Ólafs Barkar var Jón Steinar ekki sagður hæfastur umsækjenda í umsögn dóm-

ara við Hæstarétt. Jón Steinar er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, en hann útskrifaðist með meðaleinkunina 13,32 samkvæmt stöðlum sem þá tíðuðust (hæsta einkunn fimmtán).

Að nýju upphófust umræður um hvort verklagið við skipan hæstaréttardómara væri gott eða vont. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði á vefsíðu sinni, björn.is, að skipan Jóns Steinars væri hvorki umdeild né umræða um hana „mjög heit eða ákóf“. „Fólki finnst hæstiréttur einfaldlega hafa gengið of langt í viðleitni sinni til að binda hendur Geirs H. Haarde, sem var falið að skipa í dómaraembættið vegna vanhæfis míns. Hvað sem öðru líður, nýtur sú skoðun ekki almenns fylgis, að hæstaréttardómara eigji að



**ferðalög**

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

FEBRÚAR 2008



# ÖÐRUVÍSI FERÐALÖG OG HVERNIG Á AÐ SKIPULEGGJA ÞAU

*HEITT ÁRIÐ 2008*  
**NÝIR ÁFANGASTAÐIR Á NÝJU ÁRI**

*BORG HINS EILÍFA VORS*  
**COCHABAMBA Í BÓLIVÍU**

*LEYNISTAÐIR*  
**Í PARÍS, BOSTON  
& SAN FRANCISCO**

**NÝJUSTU ÁFANGASTAÐIRNIR, SKÍÐI Í LECH, SVÖLUSTU HÓTELIN OG HOLLRÁÐ FRÁ HEIMAMÖNNUM**

# MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

## AÐ FÁ MENNINGAR-SJOKK

Anna Margrét Björnsson skrifar



Þegar ég var að skipuleggja langferð um daginn var ég spurð: „En heldurðu ekki að þú fái menningarsjokk?“ Menningarsjokk er orð sem ég hef oft heyrt þegar fólk talar um ferðir á fjarlægum slóðir, þegar ferðalangar fara á staði langt frá okkar þægilega íslenska lífi og uppgötva til dæmis mannmörg, fátækt og gerólikt landslag hinum megin á hnettinum. Ég hef sérstaklega heyrt þetta frá fólki sem fer til Indlands eða Afríku, og lendir til dæmis í hringiðu stórborga eins og Bombay þar sem varla er hægt að fóta sig meðal þúsund manna og bíla og þar sem lætin og lyktin og örbirgðin er yfirþyrmandi. En menningarsjokk er ekki neikvætt. Það er okkur öllum hollt að steypa okkur í samfélög sem eru gerólik okkar eigin, þar sem maturinn er framandi, fólkíð öðruvísi og dýralífið fjölbreyttara og ef til vill meira ógnvekjandi en íslensk mús eða refur. Minnisstæðasta ferðalag sem ég hef nokkru sinni farið í var einmitt minnisstætt vegna þess hve gerólikt landið var þeim vestræna heimi sem ég þekkti. Fyrir nokkuð mörgum árum fór ég til Suður-Afríku, með viðkomu í Lesótó og Mósambík. Afríka heillaði mig um leið og ég steig fæti niður úr flugvélinni, lyktin af moldarrykinu og andrúmsloftið gáfu til kynna ævafora og seiðmagnaða heimsálfu. Þrátt fyrir alla þá frábæru staði og yndislega fólk sem ég hitti á löngu ferðalagi um þennan fallega hluta Afríku var mér þó ekkert jafnminnisstætt og fimm dagar í veiðihúsi í graslendum Kruger-þjóðgarðsins sem er friðað náttúrusvæði. Og aldrei hefur náttúran verið jafnærri á jafn ólíkan hátt og hún er á Íslandi. Brennandi sólin settist hratt yfir sléttunum og þegar hún var orðin að rauðri eldkúlu á sjóndeildarhringnum fylgdi ég með hjörðum af sebrahestum, antílopum og gíróffum þyrpast að ánni til að drekka. Svo hvolfdist niðamyrkur og stjörnuþjásti himinn sem ég hef nokkurn tímann séð yfir landslagið. En það er aldrei þögn á sléttum Afríku. Það er stanslaus niður frá skordýrum og fuglum og úti í myrkrinu heyrðust oft spangól, urr eða gelt. Skelfilegt urr ljóna eða hlébarða hljómaði oft nærri svefnherbergjunum en þá treysti maður á að gaddavirgiringur dygði til að maður yrði ekki að bráð. Oft vaknaði ég við fótatak margra fóta á gólfinu og þegar ég beindi vasaljósi á kvikindin sá ég eitthvað sem líktist humrum á þurru landi. Lugtir fyrir utan húsið drógu líka að sér skordýr og risavaxnar flugur sem hrundu yfir hárið á manni og axlirnar og skutust svo í burtu. En eitt kvöldið þegar ég dró upp alíslenskan humar úr frystinum til að elda á útigrillinu fékk drengurinn sem hjálpaði mér við matseldina sjokk. Viðbjóðurinn á andliti hans var augljós þegar hann spurði mig hvernig við gætum eiginlega borðað svona hrylling á þessu skrytna kalda landi í norðri.

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.  
Ritstjóri Anna Margrét Björnsson [amb@frettabladid.is](mailto:amb@frettabladid.is)  
Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir  
Forsíðumynd Strönd í Afríku. Getty Images.  
Penni Júlía Margrét Alexandersdóttir  
Ljósmyndir Klængur Gunnarsson, Yvan Rodic  
Auglýsingar Bjarni Þór Sigurðsson [bjarnithor@365.is](mailto:bjarnithor@365.is)



## LOKKANDI DAGAR Í LECH

Goldener berg býður upp á frábær vín og fondue og fjölskylduvænt umhverfi

Það er fátt betra en að hamast í brekkum allan daginn, verða sársvangur og fá sér svo stórkostlegan mat á eftir. Hótelíð Goldener Berg í Oberlech í Austurríki skartar fimm stjörnum og er viðfrægt fyrir veitingastað sinn og yfirfullan vinkjallara en hvorki meira né minna en 580 vín eru á vínlistanum. Þetta fallega hótél er rétt fyrir utan tískuskíðastaðinn Lech í Vor-

BÓKAÐU  
NÚNA

arlberg-dalnum og ekki óalgengt að sjá konunglegum andlitum bregða fyrir í brekkunum. Goldener Berg býður líka upp á frábæra heilsulind með finnskum sánum og heitum pottum utandyra þar sem maður getur notið frábærs útsýnis yfir Alpna. Borðstofan er í hefðbundnum alpastíl með hreindýrahornum og viðarpanelum og herbergin eru öll í frekar hefðbundnum og kósí austurrískum stíl. Svo er þetta drauma-

staður fyrir fjölskyldur þar sem barnapössun og leiksalur eru í boði. Ungir sem aldnir munu njóta rómantíkurinnar sem fylgir ferðum á hestasleða og heitum fondue-pottum. Skíðafíklar geta dundað sér á 260 kílómetrum af skíðabrekkum og farið hinn svokallað „hvíta hring“ sem er 22 kílómetrar. Ævintýragjörnum er svo bent á að taka þyrllu upp á hæstu tindana.

- amb  
[www.goldenerberg.at](http://www.goldenerberg.at)

## HEIMAMAÐURINN

UPPÁHALDSVERSLUNARGATAN: Markveien og Bogstadveien.

SKEMMTILEGASTA KAFFIHÚSIÐ TIL AÐ STOPPA Á: Le Rustique Kafé og Bakeri í Grünerløkka, kósí kaffihús í þessu skemmtilega hverfi.

SMARTASTI BARINN: Südost.

EKKI MISSA AF ... Norway design og Vigelandsparken. Og baðströndunum á Bygdø á sumrin.

NEFNDU TVO BESTU VEITINGASTAÐINA Í BORGinni: Alex Sushi og Südost.

NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN: Litteratúrhúset, skemmtilegur staður þar sem hægt er að skoða bækur, kaffihús og

BJÖRK BJARKADÓTTIR, MYND-SKREYTARI OG RITHÖFUNDUR

► OSLÓ

barnahorn með barnapössun.

BESTI STAÐURINN FYRIR BÖRN: Útisvæðið í Frognerparken á öllum árstímum er skemmtilegt og rétt hjá Vigelandsparken. Child Planet á Majorstua-svæðinu, sem er innileiksvæði og kaffihús. Og besti staðurinn til að borða úti með börnin er Pizza Paradiso í Grünerløkka.



í Grünerløkka.

ÞAÐ SEM KEMUR MEST Á ÓVART VIÐ OSLÓ ER: Hve falleg borgin er og hefur upp á margt fjölbreytt að bjóða. Menningu og útiveru – baðstrendur á sumrin og skíði á veturna.





vodafone

# Frábær ferðafélagi

Nú hefur Vodafone stórlækkað verð á símtölum til og frá Evrópu. Öll lönd Evrópusambandsins og EES, auk Færeyja og Sviss, eru orðin eitt gjaldsvæði og nemur lækkunin um og yfir **50%**!

Fyrir þá sem eru mikið á ferð og flugi hentar vel að skrá sig í **Vodafone Passport**, en þá talar þú á sama mínútuverði og á Íslandi gegn vægu upphafsgjaldi. Viðskiptavinir okkar sem nota **Frelsi** geta einnig áhyggjulausir notað símann sinn í útlöndum án þess að eiga von á bakreikningum.

Kynntu þér málin á [www.vodafone.is](http://www.vodafone.is) áður en þú skellir þér til Evrópu. Vodafone er einfaldlega rétti ferðafélaginn fyrir þig.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**



# MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELMUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

## Leyniadressur í ... PARÍS

### Le Bon Marché

Fallegasta stórverslun Parísar. Byggð um miðbik 19. aldar og hrein unun að upplifa arkitektúrinn. Innan dyra er að finna öll heitustu tískumerkin fyrir karla, konur og börn, innanstokksmuni og stórglæsilega snyrtivörudeild. Það besta er þó matarverslunin La Grande Épicerie en þar er sannkölluð veisla fyrir skynfærin. Fullkomið til að finna franska klassík eins og osta, foie gras og „vintage“ kampavín.

24 Rue de Sévres, sjöunda hverfi. Lokað á sunnudögum.

### Comptoir des Cotonniers

Frábær keðja af búðum með klassískum flíkum sem auglýsir sig sem verslun fyrir mæður og dætur. Mjög svalar mæður og dætur það er að segja. Flott hönnun og gæðaleg efni fyrir flíkur sem endast og endast.

Búðir er til dæmis að finna á 45 Rue de Rivoli í fjórða hverfi og 59 Rue Bonaparte í sjötta hverfi.

### Pierre Hermé

Bökun getur verið list og það er aldeilis augljóst ef maður gengur inn í verslanir stjörnuþakans Pierre Hermé sem Vogue hefur kallað Picasso bökunarlistarinnar. Búðirnar líta meira út eins og listagallerí en bakarí og þar er að finna undursamlegar bragðsamsetningar úr ólíkustu hráefnum.

72 Rue Bonaparte, St. Germain des Prés, sjötta hverfi.



### L'Épi Dupin

Dásamlega góður franskur veitingastaður rétt hjá Bon Marché. Látlaus og lítill og rekinn af listakokkunum Francois Pasteu. Frábærir, frumlegir og fjölbreyttir réttir byggðir á frönskum hefðum en framreiddir á nútímalegan hátt. Passið að bóka fram í tímann.

11 Rue Dupin, sjötta hverfi.



**TÍSKUVIKAN Í PARÍS** Ljósmyndarinn Yvan Rodic fangaði nokkra föngulega herra menn fyrir utan tískusýningarnar í París. Tískuvika fyrir herra fatnað er nýfyrstaðin en þar sýndu alþjóðlegir hátískuhönnuðir fatnað fyrir haust og vetur 2008. Flestar tískusýningar eiga sér stað í Jardin des Tuileries sem er rétt hjá Louvre-safninu.



## HEIMAMAÐURINN ► Boston

BALDUR HÉDINSSON,  
PLÖTUSNÚÐUR OG NEMI

**UPPÁHALDSVERSLUNARGATAN:** Besta verslunargatan verður að teljast Newbury Street. Á henni má finna allt frá plötubúðum fyrir pönkara yfir í Arm-ani-jakkaföt fyrir uppána. Ekki skemmir að mikið er um útikaffihús og veitingastaði á götunni. Áhuga-verðustu búðir borgarinnar eru þó vel faldar fyrir túristaflóðinu vítt og breitt um borgina.

### SKEMMILEGASTA KAFFIHÚSIÐ TIL AÐ STOPPA

**Á:** Tvær týpur af kaffihúsum er að finna í Boston. Starbucks og Dunkin' Donuts eru sterlar keðjur, sem ráða langstærstum hluta markaðarins. Nokkur óháð kaffihús halda enn velli þrátt fyrir mikla samkeppni frá risunum. Á þeim vinnur undantekningarlaust fólk þakið tattúum með göt í eyrum og nefi. Ég vel frekar pönkarana.

### HEITASTI NÆTURKLÚBBURINN:

Middlesex Lounge, handan við ána í Cambridge, verður að teljast einn besti barinn til að stoppa við í drykk, sérstaklega á virkum dögum. Gömul arfleifð frá tímum púritana gerir það að verkum að Boston mun seint teljast partíborg. Löggan lokar öllu klukkan tvö eftir miðnætti, ef ekki fyrr. Fólk flyst hingað til að læra, ekki til að skemmta sér.

**EKKI MISSA AF ...** Því að kíkja aðeins út fyrir miðborgina. T.d. á Ítalana í norðurenda borgarinnar, Suður-Ameríkumennina í austurhlutanum, nördana í Cambridge og svo mætti lengi telja.

### NEFNDU TVÖ BESTU VEITINGASTAÐINA Í BORG- INNI:

Baraka Cafe er lítill vel falinn norður-afrískur veitingastaður í Cambridge. Helmat er afganskur staður í svipuðum gæðaflokki. Hann er einnig í Cambridge og mjög svo þess virði að snæða á.

**NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN:** Að bandarískur bjór er á heimsmeiklarða. Budweiser og Miller eru óttalegt sull, ég skal fyrstur manna viðurkenna það, en minni bjórframleiðendum sem má finna víðs vegar um landið hefur fjölgað mjög síðasta áratug og margir hverjir brugga stórgóðan bjór.

### ÞAÐ SEM KEMUR MEST Á ÓVART VIÐ BOSTON

**ER:** Hve einsleitir íbúar borgarinnar eru. Flestir eru hvítir á hörund og Boston er enn evrópskasta borg Bandaríkjanna.

## HVERT ER ÉG AÐ FARA?

### Birna Ósk Einarsdóttir, forstöðumaður verkefnastjórnunar á Símanum

**ÉG ER Á LEIÐINI ...** í þriðju skíðaferðina með afskaplega skemmtilegum hópi sem myndaðist í kringum skíðin, sem er á bilinu 8-14 manns. Við vorum ekki öll vinir fyrir, heldur söfnuðumst við saman og erum núna orðin góðir vinir í tengslum við skíðin. Í ár ætlum við til Selva á Ítalíu, þar eru svo góð skíðasvæði og maturinn einstaklega góður – það skiptir auðvitað miklu máli eftir allt erfiðið að fá góðan mat.

**ÞAÐ ER BRÁÐNAUÐSYNLEGT ...** að vera vel undirbúinn líkamlega fyrir ferðina, því þá nýtur maður hennar svo vel. Þá á ég við að æfa læri og kálfa vel síðustu 4-6 vikurnar fyrir brottför, svo maður sé ekki að farast úr harðsperrum strax eftir fyrsta daginn. Þá lærðum við eitt síðast, en það er að vera alltaf mættur í fyrstu lyftuferðina á morgnana, því brekkan er aldrei betri en þá, allt nýtroðið og fínt, en

þegar líður á daginn verður snjóinn mýkri og dreifðari eftir mikla umferð og eftir því sem hitastigið hækkar verður snjóinn leiðinlegri að skíða í.

**AÐ LOKNUM SKÍÐADEGI ...** Mér finnst nú aðalmálið að hitta félagana og jafnvel kynnað nýjum að loknum skíðadeginum, en að stoppa ekki of lengi þar, heldur drífa sig heim á hótél og fara í gufu til að mýkja vöðvana og hvíla vel til að geta notið næsta dags. En après ski er auðvitað líka nauðsynlegt, svona í hófi – þó alltaf mesta stuðið síðasta kvöldið.

Svo mæli ég með því að smakka drykki svæðanna, það tíðkaðist t.d. að drekka Jäger-te í Austurríki (Jägermeister og te) og á Ítalíu var heitur eggjalíkjör mjög vinsæll. Svo er romm og kakó alltaf vinsælt.

### NÝJUSTU SKÍÐAGRÆJURNAR ERU ...

Hitari fyrir skíðaskóna er vist voða sniðugur. Hann er skilt mér settur í sólann, og



heldur hita á fótunum yfir daginn. Svo eru Carving-skíði auðvitað málið, gömlu löngu mjóu skíðin eru bara hallærisleg. Svo er auðvitað svalt að vera á bretti.

### HVAÐ FATNAÐINN VARÐAR ...

sér maður nú allar tegundir af skíðafötum og búnaði þarna úti. Margir hópar hafa valið sér að vera með skærar og áberandi húfur til að þekkjast í brekkunum, en svo virðist bara allt ganga, allt frá skræppotta krumpu-skíðagallanum yfir í stílhreint spandex!



## MÓTORSPOURT VEISLA!

- **Formúlan** á Silverstone, Hockenheim og Valencia.
- **Trukkakappakstur** á Nürburgring.
- **Zakspeed akstursnámskeið** á Nürburgring.

Skráning stendur yfir.

Nánar á [www.isafoldtravel.is](http://www.isafoldtravel.is) og í síma 544 8866.




# Komdu út í plús!

Verð frá:

Besta verðið bókast fyrst.

# 9900 kr.

BÁÐAR LEIÐIR MEÐ SKÖTTUM.



## Nýr bæklingur!

Kynntu þér frábær tilboð og spennandi ferðir í nýja bæklingnum.

Spennandi áfangastaðir, gott úrval ferða og hreint ótrúlegt verð. Komdu út í Plúsferð.

Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

**plús**  
**FERÐIR**

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



JONSSON & LE-MACKS • JULI • SÍA



## Sumarsólin kemur snemma!

### Úrval-Útsýn kynnir nýjan bækling: Sumarsól 2008.

Kynntu þér heitustu áfangastaðina í ár. Úrvalið hefur aldrei verið meira af nýjum og spennandi stöðum fyrir sumarfríð. Ný ævintýri, hreinar strendur og fyrsta flokks hótél bíða þín á Tyrklandi, Krít og Portúgal auk sígilda sólarstaða eins og Mallorca, Albir og Tenerife. Bæklingnum var dreift með Fréttablaðinu í gær en þú getur einnig nálgast hann á söluskrifstofum Úrvals-Útsýnar. Tryggðu þér eintak því við erum byrjuð að bóka.



# FRUMMLEG FERÐALÖG – Á EIGIN VEGUM



Sigmar Örn Alexandersson hefur um fimmtán ára skeið ferðast á eigin vegum til hinna ólíklegustu staða og upplifað það hvernig hægt er að gera ferðalagið öðruvísi og exótískt. Ferðablaðið hitti Sigmar og hann sagði okkur upp og ofan af ferðalögum síðustu ára og gaf ferðalögum sem þrá eitthvað nýtt góð ráð í veganesti.

## HÁKARLAKÖFUN Á BAHAMAS

„Nokkrir vinir mínir voru að læra köfun og voru á leið til Bahamaeyja og ég ákvað að skella mér með, án þess að hafa nokkru sinni kafað. Við flugum til Flórída og fórum þaðan til Bahamaeyja á bát sem er dagsferð. Svo vorum við í viku á bát allan tímann og á daginn var kafað en á nóttunni var sofið í bátinum. Á bátinum var köfunarkennari og tók ég köfunarprófið þar ytra og dembdi mér í minni þriðju köfun í hákarlaköfun. Hún er til í nokkrum útgáfum, allt frá því að kafa í búrum með hvítháfum og upp í það – eins og við gerðum þarna – að kafa innan um tiltölulega meinlausa hákarla. Kafað var niður á botninn í hópi og myndar hópurnir hálfhring. Hákarlarnir eru vanir að þeim sé gefið og fer einn og einn kafari fram fyrir hópinn í einu til að gefa þeim. Hákarlarnir þarna eru mjög forvitnir og áttu það til að elta okkur eins og

hundar. Þrátt fyrir að árásir séu fátíðar fannst mér oft hálf óhuggulegt að hafa hákarl í eftirdragi þegar ég var að skoða fjölbreytt dýra- og plöntulífið þarna.

Fyrir þá sem vilja læra að kafa er einnig mjög gaman að fara sunnar, til dæmis til Hondúras eða Panama, það er líka ódýrara og minni túristabragur á umhverfinu. Sérstaklega mæli ég með Panama, þangað sem ég fór síðar, en þar finnurðu alvöru eyðistrendur sem þú getur haft af út af fyrir þig. Humarinn sem þú finnur og annað slíkt máttu eiga, en slíkt gildir ekki á Bahamaeyjum.“

**HÁKARLAKÖFUN Á ÞRIÐJA DEGI KÖFUNARPRÓFS** Hér má sjá hvernig kafarar mynda hálfhring þegar þeir kafa saman niður og gefa hákórlunum.



**RÓMANTÍK Í PANAMA** Bocas del Toro kallast æðislegt svæði sem er nánast ósnert af túrísma. Þar er hægt að lifa á kókoshnetum og kafa í sjónum eftir humar. Ofurrómantískt og kyrrlátt.

## Í FELLIBYL Á COSTA RICA

„Árið 1998 flaug ég til Kosta Ríka í smá ævintýraleit og var flogið í gegnum New York og lenti ég svo í San José. Þar sem ég kunnir ekki spænsku byrjaði ég á því að fara í skóla til að læra tungumálið í 2-3 vikur og leigði mér íbúð. Svo notaði ég íbúðina sem eins konar bækestöð fyrir dótið mitt og hélt í ferðalög um Kosta Ríka, á bíla-leigubíl. Húsnæði og bíla-leigubíll er mjög ódýrt í Kosta Ríka og þar sem mikil mengun var í San José var ákveðið að fara niður að strönd og leigja þar lítinn kofa. Þar var þó ekki lengi stoppað, þar sem fellibylur skall á og í staðinn keyrðum við aftur til San José. Við flugum þaðan til Panama og svo til svæðis sem heitir Bocas del Toro. Það er lítil yndisleg Karíbahafseyja – eyðistrendur sem maður hefur út af fyrir sig og er umhverfið mjög rómantískt. Fólkið var vinalegt, allt í lága girnum og æðislegur matur. Einn af yndislegri stöðum sem ég hef farið á. Við lifðum á kókoshnetum og átum dýrðlegan mat. Svo flugum við aftur til Kosta Ríka og fórum aftur þaðan upp til Níkaragva, sem á þeim tíma var að jafna sig eftir fellibyl. Við vissum það hreinlega ekki, enda í litlu sambandi við fréttir, en við gengum beint inn á hamfarasvæði og fengum þar af leiðandi mjög góð kjör á gistingu. Níkaragva er mun frumstæðara en önnur lönd Rómönsku Ameríku og ævintýrið því mikið. Við ferðuðumst þar um á strætóum og í leigubílum.“



LÉTT GANGA FYRIR BYRJENDUR Sigmar hafði aldrei klifið fjöll og varð Kilimanjaro.

## KILIMANJARO Á GÓÐUM G

„Árið 2002 hélt ég til Tansaníu því ég hafði aldrei klifið fjall og langaði að prófa eitthvað auðvelt. Ég ákvað að reyna við Kilimanjaro og hafði samband við ferðaskrifstofu í Bretlandi sem heitir Exodus en hún sérhæfir sig í fjallaferðum á framandi staði. Flaug ég til London og þaðan beint til þorps rétt við Kilimanjaro. Það er þægilegt í fjallaferðum að kaupa tilbúinn pakka af

ferðaskrifstofum og in sem ég geri það maður hætti við o tind. Ferðaskrifsto skipuleggja allt og t vellinum og var þa þægilegt. Það eina taka með mér var g klæðnaður og vatns burðarmenn og allt

# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



**GAGNAVEITA  
REYKJAVÍKUR**

## Verkefnastjóri

Leitað er að drifandi og metnaðarfullum einstaklingi til starfa á verkefnastofu Gagnaveitu Reykjavíkur. Verkefnastofa heyrir beint undir framkvæmdastjóra og sér um að leiða stærri framkvæmdaverkefni á borð við ljósleiðaravæðingu heimila.

### Starfssvið

Verkefnastjóri mun stýra fjölda verkefna tengdum ljósleiðaravæðingu og annarri starfsemi GR. Í starfinu felst:

- Yfirverkstjórn mannafla verkefnis
- Gerð tíma-, kostnaðar- og forðaaætlana
- Áhættumat og viðbrögð við áhættu
- Upplýsingagjöf til stjórnenda
- Gerð útboðslýsinga og þátttaka í framkvæmd útboða
- Samningagerð við verktaka

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf æskilegt
- Reynsla af verkefnastjórn nauðsynleg
- Góð almenn tæknikunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Góð skipulags- og stjórnunarhæfni
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð

### Um Gagnaveitu Reykjavíkur

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að uppbyggingu, þjónustu og rekstri á einu öflugasta ljósleiðaraneti landsins. Ljósleiðaranet GR nær um allt höfuðborgarsvæðið, til fjölda fyrirtækja og þúsunda heimila. Einnig nær netið um Vesturland til Bifrastar og um Suðurland til Vestmannaeyja. Um ljósleiðaranetið rekur Gagnaveitan öflugt dreifi- og samskiptakerfi fyrir sjónvarp, síma og Internet, byggt á IP/MPLS tækni.

capacent  
RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is



## Góð störf í pípunum!

Vegna aukinna verkefna óskar traust og gott verktakafyrirtæki eftir pípulagningameistara og pípulagningamönnum til starfa.

Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf hjá fyrirtæki sem leggur mikið upp úr vönduðum vinnubrögðum, metnaði og góðum starfsanda. Hópurinn er samheldinn og margt spennandi að gerast hjá fyrirtækinu á næstu mánuðum.

### Starf pípulagningameistara:

- Meistararéttindi í pípulögnum
- Yfirumsjón með pípulagningaverkum ásamt framkvæmdastjóra
- Samskipti við viðskiptavini
- Tilboðagerð
- Almenn pípulagningastörf

### Störf pípulagningamanna:

- Sveinspróf í pípulögnum æskilegt
- Reynsla í pípulagningu nauðsynleg
- Stundvísi og vinnugleði
- Almenn pípulagningastörf

Ef þú vilt vinna með skemmtilegum hóp í fjölbreyttum verkefnum er þetta starf fyrir þig

TALENT  
RÁÐNINGAR

| Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Mjóll Jónsdóttir hjá Talent Ráðningum, mjoll@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2008

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.

Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

## HÚSASMIÐUR HVAMMSTANGA

Staða húsasmiðs hjá brúarvinnuflokki Vegagerðarinnar Hvammstanga er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Samiðnar.

### Starfssvið

- Vinna við brúasmiði
- Ýmis tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í húsasmiði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Sigurðsson brúarsmiður hjá Vegagerðinni í síma 893 8589 (gs@vegagerdin.is). Umsjón með ráðningu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheilid, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti.

## VEFUMSJÓN

Landsnet óskar eftir að ráða í starf umsjónaraðila vefseturs fyrirtækisins.

### Starfssvið

- Umsjón með vefsetri Landsnets, rekstri og þróun
- Aðgangsstýring að búnaði vefseturs og aðstoð við notendur
- Framsetning efnis í samræmi við kröfur
- Sjálfvirk gagnasamskipti við aðila raforkumarkaðar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám í tölvunarfræði, tölvu- og rafmagnsverkfræði eða sambærileg menntun í upplýsingatækni
- Þekking og reynsla af vefforritun og "dot.net" umhverfi (MSDN2)
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og gagnavinnslu s.s. úr MS-SQL og Oracle
- Starfsreynsla af rekstri vefsetra æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar, frumkvæði og þjónustulund
- Áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheilid, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti.

## VIÐSKIPTASTJÓRI

Landsnet óskar eftir að ráða öflugan viðskiptastjóra í markaðsdeild. Viðskiptastjóri hefur m.a. umsjón með hönnun og undirbúningi á tilboðsmarkaði fyrir raforku.

### Starfssvið

- Þróun og markaðssetning nýs markaðsumhverfis fyrir raforku
- Viðskiptatengsl
- Samningagerð
- Þátttaka í gerð og þróun gjaldskrár, gjaldskrártillagna og mótun reglugerðarákvæða
- Vinna við gerð netmála sem snýr að viðskiptalegum þáttum

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á íslenskum raforkumarkaði æskileg
- Reynsla / þekking á viðskiptum á verðbréfamarkaði kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsvirkjun Power er hlutfélag í eigu Landsvirkjunar. Starfsmenn eru um 40 talsins og annast félagið rannsóknir, undirbúning og byggingu nýrra virkjana Landsvirkjunar á Íslandi. Félaginu er einnig ætlað að selja verkfræðiráðgjöf og fjárfesta í orkuverkefnum erlendis og nýta þannig þá þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í starfsemi Landsvirkjunar. Áhersla er lögð á góða stjórnun mannafla og þekkingar, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

## FJÁRMÁLASTJÓRI

Landsvirkjun Power óskar eftir að ráða fjármálastjóra. Fjármálastjóri sér um fjármála- og rekstrarstjórn hjá Landsvirkjun Power. Fjármálastjóri situr í framkvæmdastjórn félagsins.

### Starfssvið

- Fjármálastjórn og þátttaka í stjórnunarteymi fyrirtækisins
- Gerð rekstraráætlunar og eftirfylgni hennar
- Samantekt rekstrarupplýsinga
- Innri endurskoðun og áhættustýring
- Umsjón með rekstri upplýsingakerfa
- Samskipti við fjármálsvið móðurfélags og endurskoðendur
- Umsjón með uppgjöri verkefna
- Dagleg skrifstofustjórn

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði, rekstrarverkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálastjórn og rekstri
- Reynsla af uppbyggingu og rekstri vottaðra gæðakerfa æskileg
- Greiningarhæfni
- Metnaður til að ná árangri
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með ráðningu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsvirkjun Power er hlutfélag í eigu Landsvirkjunar. Starfsmenn eru um 40 talsins og annast félagið rannsóknir, undirbúning og byggingu nýrra virkjana Landsvirkjunar á Íslandi. Félaginu er einnig ætlað að selja verkfræðiráðgjöf og fjárfesta í orkuverkefnum erlendis og nýta þannig þá þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í starfsemi Landsvirkjunar. Áhersla er lögð á góða stjórnun mannafla og þekkingar, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

## JARÐHITAVÍSINDAMAÐUR

Landsvirkjun Power óskar eftir að ráða jarðhitavísindamann.

### Starfssvið

- Jarðhitavísindamaður stýrir jarðfræði- og jarðeðlisfræðirannsóknnum sem unnar eru á vegum Landsvirkjunar Power á háhitasvæðum innanlands og erlendis og er öðrum starfsmönnum félagsins til ráðuneytis í jarðhitamálum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í jarðvísindum
- Fimm ára starfsreynslu í jarðhitaverkefnum á háhitasvæðum
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita Árni Gunnarsson og Bjarni Pálsson hjá Landsvirkjun Power í síma 515 8900.

Umsjón með ráðningu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

## VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá hönnunarkaupum Suðvestursvæðis með aðsetur í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

### Starfssvið

- Umsjón með hönnunarverkefnum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Skýrslugerð

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingartækniþræði eða byggingarverkfræði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Kíktu á Vinna.is





## MAÐUR ER ALLTAF AÐ LEIKA SÉR Í VINNUNNI

Frístundaheimilin í Tónabæ óska eftir starfsfólki á öllum aldri í leik og starf með 6-9 ára börnum

Í boði eru hlutastörf með sveigjanlegum vinnutíma eftir hádegi á eftirtöldum stöðum:

Álftabær, Álftamýrarskóli	s. 664 7611
Sólbúar, Breiðagerðisskóli	s. 664 7612
Neðstaland, Fossvogsskóli	s. 664 7613
Krakkakot, Hvassaleitisskóli	s. 664 7616
Glaðheimar, Langholtsskóli	s. 664 7617
Laugarsel, Laugarnesskóli	s. 664 7618
Vogasel, Vogaskóli	s. 664 7619

### Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er á heimasíðu ITR, [www.itr.is](http://www.itr.is). Einnig er hægt að hafa samband við deildarstjóra barnastarfs í Tónabæ, s. 411 5400

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1  
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • [www.itr.is](http://www.itr.is) • [itr@itr.is](mailto:itr@itr.is)



HAMRAFELLENÍÐ

## Vélstjóri óskast á ísfisktogara.

Uppl. í síma 8963939



VINNUMÁLA  
STOFNUN

### Náms- og starfsráðgjafi

Vinnumálastofnun leitar eftir náms- og starfsráðgjafa fyrir þjónustuskrifstofu stofnunarinnar á Vesturlandi.

#### Starfssvið

- náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur
- skipulag og þróun úrræða fyrir atvinnulausa
- vinnumiðlun o.fl.

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- háskólanám í náms- og starfsráðgjöf, kennaramenntun eða sambærilegt nám
- góð þekking á vinnumarkaði og menntakerfi
- kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- mikil samskiptahæfni
- framtakssemi, sjálfstæði og skipulagshæfni

Vinnumálastofnun Vesturlands er staðsett á Akranesi. Ráðgjafi stofnunarinnar þjónustar atvinnuleitendur í öllu umdæminu og hans þíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Gunnars Richardssonar, forstöðumanns Vinnumálastofnunar Vesturlands, Stíllholti 18, 300 Akranesi eða á netfangið [gunnar.richardsson@vmst.is](mailto:gunnar.richardsson@vmst.is) fyrir 10. febrúar næstkomandi.

#### Nánari upplýsingar veita:

Gunnar Richardsson í síma 430 5300 og Huguína B. Hafliðadóttir, starfsmannastjóri í síma 515 4800.

# Starfsmaður í mótuneyti: 50% stöðugildi

Skýrr auglýsir eftir starfsmanni í 50% stöðugildi til að aðstoða matreiðslumann fyrirtækisins. Matreiðslumaður sér um starfsemi mótuneytis Skýrr í Ármúla 2 í Reykjavík. Að meðaltali borða þar um 130 manns í hádeginu. Vinnutíminn er frá kl. 10:00–14:00 alla virka daga. Góð vinnuástaða í boði.

Skýrr sækist eftir orkumiklu og jákvæðu starfsfólki sem leggur metnað í vinnu sína. Skýrr er fjölskylduvænt fyrirtæki í lifandi samkeppnisumhverfi. Starfsfólk fyrirtækisins myndar samhentan hóp þar sem mannauðurinn er í fyrirrúmi. Gildi Skýrr eru fagmennska, frumkvæði, jákvæðni og þjónustulund.

#### Starfslýsing:

- Aðstoð við matreiðslumann með salatbar
- Létt matreiðsla ef þörf krefur
- Móttaka aðfanga og frágangur á vörum
- Tiltekt og þrif í eldhúsi
- Veitingaumsjón fyrir fundi, námskeið og tilfallandi uppákomur
- Umsjón með kaffivélum og eldhúskrókum í húsinu
- Önnur tilfallandi störf í eldhúsi

#### Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Þjónustulund og lípurð í samskiptum
- Stundvísi og reglusemi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs, í síma 569 5100 eða gegnum netfangið [ingibjorg.odinsdottir@skýrr.is](mailto:ingibjorg.odinsdottir@skýrr.is). Eyðublað fyrir umsóknir er að finna á vefsvæði Skýrr ([skyrr.is](http://skyrr.is)). Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til mánudagsins 4. febrúar næstkomandi.**

Skýrr veitir um 2.300 viðskiptavinum fjölbreytta hugbúnaðar- og rekstrarþjónustu. Allt á einum stað. 24/7. Fyrirtækið er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi fyrirtækisins er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001.



Allt á einum stað



Fyrirtækið var stofnað árið 1999. Hjá fyrirtækinu, sem er í örum vexti, starfa rúmlega 80 starfsmenn í góðu samstarfi við áreiðanlega undirvertaka að lausnum fjölbreyttra verkefna fyrir stóran hóp traustra viðskiptavina. Sérhæfing fyrirtækisins felst í heildarlausnum á sviði byggingaframkvæmda hvort heldur er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki; nýbyggingar, framkvæmdir innanhúss, lóðaframkvæmdir og þjónusta við báta og skip. Helstu viðskiptavinir eru fyrirtæki í hátækniáæðnaði, bankastarfsemi, verslunarrekstri og útgerð en einnig einstaklingar sem gera miklar kröfur og vilja hátt þjónustustig.

## VERKEFNASTJÓRI

Öflugt fyrirtæki á sviði byggingaframkvæmda óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf verkefnastjóra. Í boði er spennandi framtíðarstarf á góðum vinnustað þar sem möguleikar á þróun eru til staðar.

### Starfssvið

- Yfirumsjón og verkefnastýring verkefna á sviði byggingaframkvæmda, bæði innanlands og erlendis
- Tilboðsgerð vegna nýrra verkefna
- Gerð kostnaðaráætlana
- Skipting verkefna á verkstjóra og samskipti við þá vegna verka
- Önnur tengd verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði byggingatæknifræði eða byggingaverkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun og eftirliti verka
- Reynsla af áætlanagerð, sem og sölu og samningagerð
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Mikill metnaður, sjálfstæði og frumkvæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## VIÐSKIPTASTJÓRI Í VÖRUHÚS

Við leitum að viðskiptastjóra í vöruhúsi BRAMMER á álverslóð Alcoa Fjarðaáls. Viðskiptastjóri ber ábyrgð á starfsemi BRAMMER samkvæmt samstarfssamningi við Alcoa Fjarðaál á sviði vöruhússareksturs, vörustýringar og innkaup varahluta og rekstravöru. Leitað er að einstaklingi sem er drifandi, árangursdrifinn, skipulagður og með framúrskarandi samskiptahæfileika.

### Starfssvið

- Ábyrgð á allri starfsemi og starfsmönnum BRAMMER hjá Fjarðaál
- Ábyrgð á velferð og hvatningu starfsmanna, framkvæmd frammistöðusamtala, ráðning nýrra starfsmanna, uppbygging liðsanda, markmiðasetningar og eftirfylgni með þeim
- Ábyrgð á stjórnun og skipulagningu starfseminnar
- Að tryggja að starfsfólk fylgi kröfum Alcoa um öryggi, heilsu og gæðaferla
- Ábyrgð á að halda fjarhagsáætlun
- Móta verðtilboð og eftirfylgni með þeim
- Verðeftirlit og eftirlit með reikningum
- Tölvuskráning varahluta
- Innkaup varahluta rekstrarvöru og smáverkfæra

### Hæfniskröfur

- Mikil þjónustulund
- Leiðtogaþæfileikar
- Hæfileiki til að byggja upp teymi og liðsanda
- Þekking og reynsla af vörustjórnun
- Góð ensku og íslenskukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta

Umsjón með ráðningu hafa Sigurlaug Þorsteinsdóttir (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## FRAMKVÆMDASTJÓRI STJÓRNAR VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf framkvæmdastjóra stjórnar laust til umsóknar.

Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök stjórn skipuð af umhverfisráðherra. Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða. Hlutverk svæðisráða er að vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði.

Stjórn hefur umsjón með náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði.

### Helstu verkefni stjórnar eru:

1. Stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins í samræmi við markmið laga þessara
2. Yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn
3. Gerð fjárhagsáætlunar um rekstur þjóðgarðsins, ráðstöfun fjár til rekstrarsvæða og samþykkt rekstraráætlunar hvers svæðis
4. Samræming á starfsemi rekstrarsvæða þjóðgarðsins
5. Eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar
6. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins

Framkvæmdastjóri starfar með stjórn þjóðgarðsins og fylgir eftir ákvörðunum stjórnar í umboði hennar. Framkvæmdastjóri vinnur náið með þjóðgarðsvörðum garðsins sem annast daglegan rekstur og stjórn viðkomandi rekstrarsvæða í umboði stjórnar.

### Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu og þekkingu eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu, fjármálastjórn og mannaforráðum
- Þekking á umhverfismálum og náttúruvernd
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk Norðurlandamáls

### Eftirfarandi kröfur um hæfni eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Tekur ákvarðanir og fylgir þeim eftir
- Sýnir frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi
- Er skipulagður og með ríka þjónustulund
- Sýni lipurð í mannlegum samskiptum

Starf framkvæmdastjóra er auglýst án staðsetningar en áskilið að búseta hans þjóni hagsmunum þjóðgarðsins.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Sigurlaug Þorsteinsdóttir (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## Tölvudeild 66°Norður

Vegna aukinna umsvifa leitar 66°Norður að öflugum einstaklingi í tölvudeild fyrirtækisins.

### Helstu verkefni:

- Uppsetningar og viðhald á tölvu- og upplýsingakerfum
- Þjónusta við notendur

### Hæfniskröfur:

- Góð þekking á Windows stýrikerfum
- Þekking á Axapta eða sambærilegum kerfum er kostur, en ekki nauðsyn.
- Forritunarkunnátta er kostur en ekki nauðsyn
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2008. Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Egilsson, í síma 535 6600 eða arni@66north.is

Umsókn ásamt ferliðskrá sendist á starf@66north.is Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Klæddu þig vel



www.66north.is



## Foldaskóli

Logafold 1, Grafarvogi, 112 Reykjavík.

### Skólaliði í mótuneyti starfsfólks.

Laus er starf skólaliða í mótuneyti starfsfólks frá og með 1. febrúar n.k.

Einnig er laus staða stuðningsfulltrúa í 70-80% starf frá 15. febrúar.

Nánari upplýsingar í skólanum hjá Kristni Breiðfjörð skólastjóra í síma: 540 7600 eða 664 8180 og Jóni Gunnari umsýsnarmanni skóla í síma 664 8182

## VANTAR ÞIG SMÍÐI?...

..múrara, pípara, hugbúnaðarsérfræðinga, hjúkrunarfræðinga eða aðra starfsmenn?

Höfum fólk á skrá sem óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

**proventus**  
Traust starfsmannaþjónusta

Sími 661-7000

www.proventus.is sverrir@proventus.is



TSH auglýsir eftir vönum smíðum. Mörg og fjölbreytt verkefni eru framundan í Reykjavík, Akranesi og Reykjanesbæ.

Frekari upplýsingar gefur Brynjar í síma 567 0797 og 660 1796.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og aðbúnaður góður.

## VILTU SKIPTA MÁLI OG NJÓTA ÞÍN Í STARFI?

Ef þú vilt starfa í samhentum og öflugum hópi sérfræðinga og ráðgjafa þá hlökkum við til að kynnast þér. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir metnaðarfullum einstaklingum í eftirfarandi stöður:

### RÁÐGJAFI

Ráðgjafi óskast til starfa í ráðgjafadeild Landsteina Strengs. Í starfinu felst verkefnastjórnun og ráðgjöf á viðskipta- lausnunum Microsoft Dynamics NAV og Dynamics AX.

**Hæfniskröfur:** Gerð er krafa um góða reynslu af verkefnastjórnun. Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði en einnig kemur til greina að ráða fólk með mikla reynslu á þessu sviði.

### HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

Hugbúnaðarsérfræðingar óskast við ráðgjöf, þarfagreiningu, forritun og innleiðingu á Microsoft Dynamics NAV (Navision), Dynamics AX (Axapta) og Dynamics XAL (Concorde). Einnig vantar til starfa hugbúnaðarsérfræðinga með reynslu af .NET forritunarumhverfinu.

**Hæfniskröfur:** Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af viðskiptakerfum er kostur.

### ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Við leitum eftir starfsmönnum í þjónustudeild Landsteina Strengs. Um er að ræða þjónustu og ráðgjöf á viðskipta- lausnunum Microsoft Dynamics NAV og Dynamics AX. Einnig óskum við eftir starfsmönnum til að þjónusta og setja upp verslunarlausnir Landsteina Strengs.

**Hæfniskröfur:** Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs, en einnig kemur til greina að ráða fólk með mikla reynslu á þessu sviði. Áhersla er lögð á viðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja.



Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007  
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005  
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

Landsteinar Strengur hf. leggur áherslu á að ráða til starfa hæfasta fólkið á sínu sviði á hverjum tíma. Það skiptir okkur miklu máli að starfsmenn leggi allan sinn metnað í vel unnið verk, að þeir séu í góðu sambandi við samstarfsfólk, beri út jákvæða ímynd fyrirtækisins og njóti sín í starfi. Aðrir eiginleikar sem við leitum eftir eru skipulagshæfileikar, rík þjónustulund, nákvæmni, frumkvæði, agi til þess að vinna undir verklagsreglum og vilji til sjálfstæðra vinnubragða.

Umsóknir óskast sendar á netfangið atvinna@LS.is eða í pósti. Umsóknarfrestur er til 4. febrúar. Allar upplýsingar um ofangreindar stöður veitir Sigurður Ari Sigurjónsson í síma 550 9000.



**LANDSTEINAR STRENGUR**

Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík  
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

Okkar þekking - þitt forskot!



# póst húsið

## Þjónustufulltrúi í dreifingardeild Dreifingardeild Pósthússins leitar að þjónustufulltrúa

### Í starfinu felst meðal annars:

- Símsvörðun og móttaka ábendinga á dreifingarefni
- Móttöku viðskiptavina
- Samskipti við blaðbera Pósthússins
- Önnur tilfallandi verkefni

### Viðkomandi einstaklingur verður að vera:

- Þjónustulundaður
- Hæfur í mannlegum samskiptum
- Góða almenna tölvuþekkingu

Viðkomandi verður að geta byrjað fljótlega. Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330.

Umsóknir um menntun og starfsferil skulu berast fyrir 1. febrúar næstkomandi á netfangið [dagnyr@posthusid.is](mailto:dagnyr@posthusid.is)

Pósthúsið er öflugt dreifingarfyrirtæki sem sér m.a. um dreifingu á Fréttablaðinu ásamt öðru dreifiefni. Hjá fyrirtækinu starfar samheldinn hópur einstaklinga með fjölbreytta reynslu og menntun.



Húsasmíðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmíðjuverkslanir eru 21 á landsvísu.

Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir. Hjá Húsasmíðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

[www.husa.is](http://www.husa.is)

## Áhugaverð framtíðarstörf á Reyðarfirði

### Óskum eftir að ráða áhugasamann einstakling til sölu- og afgreiðslustarfa

#### Starfssvið:

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Umsjón með ákv. vöruflokkum s.s. búshöldum, vinnufatnaði o.fl.
- Kassauppgjör
- Önnur tilfallandi störf.

#### Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Búa yfir heiðarleika og samviskusemi
- Þekking á byggingavörum er kostur en ekki skilyrði
- Einhver tölvukunnátta kostur

#### Umsóknarfrestur til 2. febrúar n.k.

- Umsóknir berist til Guðrúnar Kristinsdóttur, [atvinna@husa.is](mailto:atvinna@husa.is)
- Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmíðjunnar [www.husa.is](http://www.husa.is)



HÚSASMÍÐJAN  
...ekkart mál



Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu. Meginmarkmið stofnunarinnar er að fækka vinnuslysum, draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og stuðla að vellíðan starfsmanna á vinnustöðum.

## Vinnueftirlitið óskar að ráða eftirlitsmanni til starfa í vinnuvéladeild

### > Verksvið:

- Vinnuvéla- og tækjaeftirlit
- Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

### > Menntunar- og hæfniskröfur:

- Staðgóð tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu, s.s. vinna við stjórn eða viðgerð vinnuvéla
- Geti unnið sjálfstætt og sýni frumkvæði í starfi
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í tölvunotkun æskileg
- Reynsla af fræðslu- og kynningarstarfi kostur

Um er að ræða starf í Reykjavíkumráðuneyti. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Bildshöfða 16, 110 Reykjavík eða á netfang: [mg@ver.is](mailto:mg@ver.is) fyrir 10. febrúar nk. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Magnúsi Guðmundssyni s. 5504600/8917622 ([mg@ver.is](mailto:mg@ver.is)) eða Valgeiri Páli Guðmundssyni, s. 460 6800/892 7596, ([vpg@ver.is](mailto:vpg@ver.is)).



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

### Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

#### Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Proskapjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

#### Deildarstjóri:

Brekkuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380

#### Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135  
Berg við Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039  
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720  
Brekuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380  
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515  
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560  
Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470  
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360  
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350  
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096  
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995  
Holtaborg, Sólheimum 21, sími 553-1440  
Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770  
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870  
Klettabor, Dyrhömrum 5, sími 567-5970  
Laufskálar, Laufurima 9, sími 587-1140  
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125

Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351  
Rofaborg, Skólabaé 6, sími 567-2290  
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585  
Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380  
Sólhlið, við Engihlíð, sími 551-4870  
Vínagerði, Langagerði 1, sími 553 8085  
Vesturborg, Hagamel 55, sími 552-2438.  
Einnig er laus skilastaða.  
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040.  
Um er að ræða afleysingu.  
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810  
Ösp, Íðufelli 16, sími 557-6989

#### Leikskólasérkennari /proskapjálfi/atferlisþjálfari

Ásborg, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.  
Um er að ræða 75 stöðu.  
Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380  
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040

#### Aðstoðarmaður í eldhús

Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is). Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Störf á fjármálasviði

### Fyrirtækin starfa á ýmsum sviðum s.s.

- fjármálaþjónusta
- heildsölu
- sjávarútvegi
- hótél- og ferðaþjónustu
- fjarskiptaþjónustu
- fasteignarekstri

### Fjöldmargir af okkar traustu viðskiptavinum óska eftir að ráða til sín bókara, gjaldkera og almennt skrifstofufólk til að sinna fjölbreyttum verkefnum.

#### Verkefni

- Fjárhags- og viðskiptamannabókshald
- Verkbókshald
- Launabókshald
- Afstemmingar og uppgjör
- Áætlanagerð
- Skil til endurskoðanda
- Gjaldkerastörf
- Önnur skrifstofustörf

Um er að ræða spennandi störf í skemmtilegu umhverfi hjá framsæknum fyrirtækjum.

#### Hæfniskröfur

- Góð reynsla eða þekking á bókhaldi
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Góð kunnátta á bókhaldskerfi s.s. Navision, DK eða annað
- Góð kunnátta á Excel
- Talnagleggni og nákvæmni

Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig á heimasíðu Hagvangs, [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).

Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Hagvangs í síma 520-4700.



HAGVANGUR

- við ráðum



## Laus störf hjá Lyfjastofnun Sérfræðingur – Lyfjatæknir – Fulltrúi

Vegna nýrra verkefna óskar Lyfjastofnun eftir að ráða metnaðarfulla og drifandi starfsmenn. Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf.

### Sérfræðingur á skráningarsviði

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða til starfa sérfræðing á skráningarsviði. Góð þekking í lyfjaefnafræði og gæðastöðlum nauðsynleg.

Helstu verkefni eru mat á efna- og lyfjafræðilegum gögnum vegna skráninga lyfja. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í efna-, lífefna- eða lyfjafræði; meistaraþróf, sambærileg eða hærri prófgráða
- Góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar um starfið veitir Þorbjörg Kjartansdóttir, sviðsstjóri skráningarsviðs, sími 520 2100.

### Fulltrúi á stjórnsýslusviði

Leitað er að einstaklingi með góða almenna menntun og tungumálakunnáttu.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi, þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð, nákvæmni og sjálfstæðis til verka. Um er að ræða fullt starf, sem felst m.a. í aðstoð við forstjóra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar um starfið veitir Elin Þrúður Theodórs Lyfjatæknir eða Rannveig Gunnarsdóttir forstjóri, sími 520 2100.

### Lyfjatæknir á eftirlitssviði

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi, þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og nákvæmni. Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Helstu verkefni eru utanumhald og aðstoð við vinnslu verkefna

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Lyfjatæknimenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Enskukunnátta æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar um starfið veitir Regina Hallgrímsdóttir, sviðsstjóri eftirlitssviðs, sími 520 2100.

### Helstu verkefni Lyfjastofnunar eru:

- Mat á umsóknum um markaðsleyfi lyfja og breytingar á forsendum markaðsleyfa
- Lyfjaeftirlit
- Lyfjagát
- Klínískar lyfjarannsóknir
- Flokkun vöru / efna

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir um störfin óskast sendar, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum, til Lyfjastofnunar, merkt: Starfsumsókn Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2008. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknareyðublað ásamt nánari upplýsingum um Lyfjastofnun má finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is).



## FORSTÖÐUMAÐUR SUNDMÍÐSTÖÐVAR Á VÖLLUM

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða forstöðumann sundmiðstöðvar á Völlum, sem er með 50m og 16,3m sunlaugum, heitum pottum og vatnsrennibrautum allt innahúss ásamt tilheyrandi þjónusturými. Í sun miðstöðinni verður ennfremur heilsuræktaraðstaða í sjálfstæðum rekstri ásamt félagsaðstöðu fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar og íþróttafélagið Fjörð.

#### Helstu verkefni

- Ábyrgð á öllum rekstri og þjónustu
- Starfsmannamál
- Fjárhagsáætlunargerð
- Markaðsmál og framtíðarrekstur
- Samstarf við íþróttafélög, skóla og aðra um notkun mannvirkisins

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum er áskilin
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum er mikilvægt skilyrði
- Áhugi á íþróttum og heilsurækt er kostur

Um kaup og kjör fer samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags og Launanevndar sveitarfélaga. Næsti yfirmaður forstöðumanns er íþróttafulltrúinn í Hafnarfirði Ingvar S. Jónsson sem jafnframt veitir nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til **18. febrúar nk.** og skal umsóknum skilað til þjónustuværsins að Strandgötu 6. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Íþróttafulltrúinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500  
[WWW.HAFNARFJORDUR.IS](http://WWW.HAFNARFJORDUR.IS)



# ÆTTUM VIÐ EKKI AÐ TALA SAMAN?

Viltu starfa með skemmtilegu, metnaðarfullu og skapandi fólki í glæsilegum og vel búnum leikskóla? Þá ættum við að tala saman.

Við leitum að jákvæðum, hugmyndaríkum og sjálfstæðum leikskólakennurum og fólki með aðra uppeldismenntun sem vilja bætast í okkar góða hóp. Ef þú ert tilbúinn að takast á við ögrandi og lifandi verkefni í hlutverki deildarstjóra, leikskólakennara eða stuðningsaðila hafðu þá samband við okkur.

Einkunnarorðin okkar eru: „**HUGMYNDIR BARNINS, VERKEFNI DAGSINS**“ og horfum við til starfsaðferða Reggio Emilia í starfi okkar.

Upplýsingar um skólann og þau störf sem í boði eru fást hjá leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra í síma 517 5920 og í gsm 664 5862 og á heimasíðu skólans [www.leikskolinn.is/stekKjaras](http://www.leikskolinn.is/stekKjaras).

#### VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáðu upplýsingar um Hafnarfjörð og hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



## Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrufræðistofnun Íslands óskar eftir að ráða jarðfræðing til starfa við stofnunina á Akureyri.

### Starfsvið

Jarðfræðirannsóknir í jarðlagfræði í samræmi við rannsóknastefnu stofnunarinnar og áherslur á sérviðum.

### Menntun og hæfniskröfur

- Meistara- eða doktorspróf í jarðfræði æskilegt.
- Reynsla af jarðfræðikortlagningu.
- Þekking á landupplýsingakerfum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Reynsla af ARC-GIS landupplýsingakerfinu er æskileg. **Umsóknarfrestur er til 29. febrúar 2008.** Umsóknir berist til Náttúrufræðistofnunar Íslands, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri, eða á netfangið [nia@ni.is](mailto:nia@ni.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Við ráðningar í störf við Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar og eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst starf. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum BHM við fjármálaráðuneytið. Nánari upplýsingar um starfið gefur Kristinn J. Albertsson, forstöðumaður Akureyrarseturs ([kralb@ni.is](mailto:kralb@ni.is)), í síma 460 0500.

Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt eru þar stundaðar rannsóknir og unnið að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.

Ímpra er hluti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Ímpra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskipta-hugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Ímpra er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.

## Verkefnisstjóri á Höfn í fararbroddi til framtíðar

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að stofna starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Höfn í Hornafirði og veitt til þess fjármagn til ársloka 2009.

Auglýst er eftir verkefnisstjóra Ímpra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Hornafirði með starfsstöð í Nýheimum, þekkingarsetri á Höfn.

### Starfssvið

Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni verkefna og fræðslustarfs. Handleiðsla í tengslum við stofnun og rekstur litilla og meðalstórra fyrirtækja. Samstarf við fyrirtæki og stofnanir um þróun og rekstur nýsköpunarverkefna.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar, eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli

Upplýsingar um starfið veitir Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Ímpra, [berglindeh@nmi.is](mailto:berglindeh@nmi.is).

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknum skal skila fyrir 11. febrúar n.k. merktum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands  
Ímpra – Frumkvöðlar og sprotar  
Keldnaholti  
112 Reykjavík



Nýsköpunarmiðstöð Íslands

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Vélaborg leitar eftir framtakssömum, metnaðarfullum og drifandi einstaklingi til framtíðarstarfa í vaxandi fyrirtæki á spennandi markaði.

## Starfsmann í birgðabókhald og tollskjalagerð

Um er að ræða 100% starf. Reynsla af birgðabókhaldi og tollskjalagerð æskileg en ekki skilyrði. Starfsmaður þarf að hafa ágæta enskukunnáttu, geta unnið sjálfstætt og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: [anna@velaborg.is](mailto:anna@velaborg.is) fyrir 1. febrúar. Nánari upplýsingar gefur Anna Kristín Birkisdóttir fjármálastjóri í síma 414-8604.

Allar nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu Vélaborgar: [www.velaborg.is](http://www.velaborg.is)

Vélaborg ehf.



## Ævintýri alla daga

Geislabaugur, Kristnibraut 26, óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfólk með aðra menntun og reynslu. Einnig er laus staða aðstoðarmanns í eldhúsi.

Geislabaugur er fimm deilda leikskóli í Grafarholti. Stefna leikskólans er að þar ríki gott og jákvætt andrúmsloft þar sem börnum og starfsmönnum líður vel og fá að njóta sín í leik og starfi. Uppeldisstefna leikskólans er í anda Reggio Emilia með ríka áherslu á náttúru og umhverfi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Verið velkomin í heimsókn í Geislabaug eða hafið samband við Þóru Jónu Jónatansdóttur, leikskólustjóra í síma 517 2560 eða 693 9887.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)



## Við bjóðum áhugaverð störf á vinnustað þar sem góður starfsandi ríkir!

### Silkiprentari

Við óskum eftir að ráða til okkar silkiprentara. Starfið felur í sér prentun á fatnað. Við erum að leita eftir einstaklingi sem hefur reynslu af silkiprentun. Góð laun eru í boði fyrir réttan einstakling.

### Aðstoðarmaður í framleiðsludeild

Við óskum eftir að ráða til okkar aðstoðarmann í framleiðslu. Starfið felur í sér alla almenna aðstoð í prentsal. Við erum að leita eftir duglegum og stundvísnum einstaklingi.

### Saumavinna

Við óskum eftir að ráða til okkar starfsmann í saumavinnu. Starfið felur í sér ísaum (broderingu) í fatnað. Við erum að leita eftir einstaklingi sem er vanur sambærilegum störfum.

- Áhugasamir hafið samband í síma 569 9000 eða sendið netpóst á [bros@bros.is](mailto:bros@bros.is)
- Almennur vinnutími er virka daga frá kl. 08:00-16:15
- Ráðið verður í störfin strax.

**BROS**

– með þínu merki



Reykjavíkurborg



## Vilt þú taka þátt í að veita framúrskarandi þjónustu til íbúa Reykjavíkur?

**Reykjavíkurborg leitar að fólki með þjónustulund sem hefur gaman af áskorunum og vill vinna fjölbreytt og krefjandi starf.**

Um er að ræða starf þjónustufulltrúa í símaveri Reykjavíkurborgar.

Meginhlutverk símavers er að tryggja íbúum borgarinnar auðveldan aðgang að upplýsingum um þjónustu Reykjavíkurborgar í gegnum eitt símanúmer 4 11 11 11.

### Helstu verkefni:

- Upplýsingaþjónusta í síma, tölvupósti og vefspjalli
- Beina erindum til réttra aðila innan Reykjavíkurborgar
- Notendaþjónusta Rafrænnar Reykjavíkur
- Önnur skyld verkefni í upplýsingaþjónustu

### Hæfniskröfur:

- Mikil þjónustulund
- Reynsla og áhugi á framlínubjónustu

- Góð almenn tölvufærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í a.m.k. einu tungumáli auk íslensku
- Aðlögunarhæfni, geta hugsað hratt
- Frumkvæði
- Stúdentspróf eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi.
- Þekking á borgarkerfinu æskileg

Nánari upplýsingar veitir Sigurþóra Bergsdóttir, deildarstjóri símavers, netfang: sigurthora.bergsdottir@reykjavik.is, s: 411 1120/ 693 9367.

Umsókn fylgi yfirlit um nám og störf og skal skilað rafrænt til Sigurþóru Bergsdóttur eða sent til Ráðhúss Reykjavíkur merkt: Þjónustufulltrúi í Símaveru.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveru Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Vantar fleira fólk!

Vantar starfskraft í fullt starf í stafræna framköllun og afgreiðslu. Þekking á myndvinnslu kostur. Þjálfun í boði fyrir þá sem ekki hafa reynslu. Fjölbreytt og lífligt starf.

Sendið ferilsskrá og símanúmer á [bergur@fujifilm.is](mailto:bergur@fujifilm.is) eða komið á staðinn og fyllið út umsókn.



**FUJIFILM PENTAX** **UÓSMYNDAVÖRUR** **BETHI MYNDIR!**  
Skipholti 31, sími 568-0450 [uosmyndavorur.is](http://uosmyndavorur.is)



## Viltu verða Áfengis og vímuefnaráðgjafi?

Hjá Samtökum áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann starfa nú um 45 ráðgjafar við áfengis og vímuefnaeðferð á hinum ýmsum starfsstöðvum samtakanna:

- **Sjúkrahúsi SÁÁ Vogu Reykjavík**
- **Endurhæfingaheimili SÁÁ Vík Kjalarnesi**
- **Enduhæfingarheimili SÁÁ Staðarfelli Dalasýslu**
- **Göngudeild SÁÁ Von Efstaleiti Reykjavík**
- **Göngudeild SÁÁ Akureyri**
- **Sambýli SÁÁ Gunnarsbraut Reykjavík**

Við viljum fjölga í þeim hópi sem vilja læra Áfengis og vímuefnaráðgjöf hjá SÁÁ

Um er að ræða áhugavert starf, kennsla og starfsþjálfun fer fram samkv. reglugerð Heilbrigðis og Tryggingamálaráðuneytis nr 974/2006

Upplýsingar gefur Sigurður Gunnsteinsson sími 824-7625. [siggi@saa.is](mailto:siggi@saa.is)

Umsóknauðublöð fást hjá móttökuriturum á Vogu Umsóknir berist SÁÁ, Stórhöfða 45, 112 Reykjavík í síðasta lagi 10. febrúar n.k.

(eldri umsóknir óskast endurnýjaðar)

## Icepharma óskar eftir nýjum liðsmönnum

### Vörustjóri - Heilbrigðisvið

Starfið heyrir undir sölu- og markaðsstjóra á Heilbrigðisviði og er bæði spennandi og krefjandi. Starfið felst í sölu og markaðssetningu m.a. á vörum fyrir skurðstofur, svæfingu, gjörgæslu & hjartaþræðingu.

### Menntun- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla á heilbrigðisviði
- Áhugi á sölu og markaðssetningu
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, skipulagður og geta unnið í hóp
- Ensku og tölvukunnátta

### Starfssvið

- Kynningar og sala á skurðstofuvörum fyrir lækna, hjúkrunarfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Samskipti við erlenda birgja
- Að sækja ráðstefnur og þing á Íslandi og erlendis
- Þátttaka í sameiginlegum verkefnum

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilsskrá á netfangið: [sigrurdubriet@icepharma.is](mailto:sigrurdubriet@icepharma.is), merkt "VÖRUSTJÓRI-HS", fyrir 3. feb nk.

## Vörustjóri - Tæknideild

Starfið heyrir undir sölu- og markaðsstjóra á Heilbrigðisviði og er bæði spennandi og krefjandi. Starfið felst í sölu og markaðssetningu á tæknibúnaði.

### Menntun- og hæfniskröfur

- Tæknimenntun og/eða reynsla af tæknibúnaði í heilbrigðisgeiranum
- Áhugi á sölu og markaðssetningu
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, skipulagður og geta unnið í hóp
- Ensku og tölvukunnátta

### Starfssvið

- Kynningar og sala á tæknibúnaði fyrir heilbrigðisstarfsfólk
- Samskipti við erlenda birgja
- Að sækja námskeið og ráðstefnur á Íslandi og erlendis
- Þátttaka í sameiginlegum verkefnum

Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilsskrá á netfangið: [sigrurdubriet@icepharma.is](mailto:sigrurdubriet@icepharma.is), merkt "VÖRUSTJÓRI-TD", fyrir 3. feb nk

Fyrirmyndarfyrirtæki samkvæmt skoðana- könnun VR varðandi fyrirtæki ársins 2007



Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á heilbrigðisvörum og lækningatækjum. Fjöldi starfsmanna er rúmlega 70. Icepharma er skipað hæfu starfsfólki með mikla þekkingu á íslenskum lyfja- og heilbrigðismarkaði. Það á að baki langan starfsaldur og hefur margþætta menntun á sviði lyfja-, tækni-, viðskipta-, og hjúkrunarfræði.



**icepharma**  
Bætt líðan • Betra líf

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · [www.icepharma.is](http://www.icepharma.is)



## FRAMREIÐSLUMAÐUR ÓSKAST

VOX restaurant óskar eftir að ráða faglærðan framreiðslumann. Viðkomandi þarf að hafa mikinn metnað og áhuga á mat og víni, auk þess að vera stundvís og áreiðanlegur.

Einnig getum við bætt við okkur nemum í framreiðslu (þjónanemum).

**Áhugasamir eru beðnir um að senda umsóknir til yfirþjóns á [oo@icehotels.is](mailto:oo@icehotels.is) fyrir 30. janúar.**

Á VOX starfar teymi töframanna sem laðar fram það besta úr norrænu hráefni og umhverfi. Yfirmatreiðslumeistarinn Gunnar Karl Gíslason er hugmyndaríkur og þaulreyndur, hann leggur áherslu á glæsilegt útlit rétta og pottþétta uppsprettu hráefnis.

Ólafur Örn Ólafsson yfirþjónn veit að svangir þurfa aðhlyningu. Hann hefur innleitt afslappaða stemningu í þjónatemyð, viðmót sem miðar að því að upplifun gesta verði eftirminnileg fyrir fleira en bragðgæðin.

Tvikýndur Vínþjónn ársins á Íslandi, Elísabet Alba Valdimarsdóttir, er skarpur smakkari og enn betri ráðgjafi. Með einni stærsta og metnaðarfullsta vínlista landsins að vopni sér hún til þess að vín og matur fari ævinlega vel saman í maga gesta.

VOX Restaurant / Bistro  
Hilton Reykjavík Nordica, Sudurlandsbraut 2,  
108 Reykjavík, [www.vox.is](http://www.vox.is)



## KÆLIMENN - SMÍÐIR

Okkur vantar starfskraft sem hefur þekkingu á kælikerfum og rafmagni og vilja til að starfa við smíði á tækjum. Við leitum að manni sem getur tileinkað sér flest störf í sambandi við nýsmíði á innréttingum sem geta innihaldið kæli- og hitatæki.

Um er að ræða framtíðarstarf fyrir réttan mann við spennandi framleiðslu.

Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 892-9466 eða 565-7799



TÓNLISTARSKÓLI  
KÓPAVOGS

## Skólaritari

Tónlistarskóli Kópavogs auglýsir eftir skólaritara í hlutastarf. Í starfinu felst að hafa umsjón með nemendaskráningu og innheimtu skólagjalda auk almennra skrifstofustarfa. Við leitum að einstaklingi sem er ábyrgur og sjálfstæður í vinnubrögðum og hefur stúdentspróf eða sambærilega menntun. Þekking á starfsemi tónlistarskóla er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 4. febrúar næstkomandi.

Frekari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 570-0410.

**Stafnás**

Bygginga- & verkfræðifyrirtæki  
Contractors & engineers

## Iðnaðarmenn athugið

Stafnás ehf óskar eftir verkþökum í uppsetningu á 1700m2 flísalögn og frágang á flasningum kringum glugga.

Einnig vantar iðnaramenn vana uppslætti.

Stafnás ehf er ungt og framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði. Við leggjum kapp á að tryggja starfsmönnum öryggi og góðan aðbúnað. Verkstaða félagsins er mjög góð.

Frekari upplýsingar gefur Unnar Björn verkefnastjóri í síma 820-6141 eða rafrænt unnar@stafnas.is eða Hildur Birna starfsmannastjóri í síma 534-6009 eða rafrænt hildur@stafnas.is

Síðumúla 31  
108 Reykjavík  
Ísland  
Tel.: +354 534 6000  
Fax: +354 534 6001

## Prentarar og bókbindari óskast

Vegna aukinna verkefna vantar okkur strax eftirfarandi starfsfólk til starfa.

Prentara á Heidelberg Speedmaster 74 m/CP 2000 tölvustýrikerfi.

Prentara á Heidelberg Speedmaster 52 m/CP 2000 tölvustýrikerfi.

Prentara á rúlluprentvél fyrir samhangandi prentun.

Bókbindara á brot- og heftivél ásamt tilfallandi frágangsvinnu eftir prentun.

Æskilegt er að viðkomendur hafi góða fagkunnáttu og séu þægilegir í samskiptum.

Umsóknir sendist á netfang: georg@prent.is eða í pósti fyrir 15. febrúar.

**Litla prent**

Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogi  
Sími 540 1800 · Fax 540 180 · Netfang: litla@prent.is



# Við vinnum hjá öflugum þekkingarfyrirtæki

Vegna aukinna umsvifa er VST að ráða í eftirtalin störf:

VST er elsta og jafnframt ein af stærstu verkfræðistofum landsins og hefur ávallt verið í fararbroddi við mannvirkjagerð á Íslandi. Við sinnum verkefnum af fjölbreyttum toga og byggjum velgengni okkar á mannauði fyrirtækisins.

VST er með sjö starfsstöðvar vítt og breitt um landið og telur í heildina rúmlega 170 manns.

Í **Reykjavík** vantar verkfræðinga og tæknifræðinga á stóriðjusviði. Á öðrum sviðum vantar okkur auk þess hönnuð í gatna- og fráveitukerfum og raflagnahönnuð. Þá óskum við eftir að ráða sérfræðing í jarðtækni og sérfræðinga á sviði öryggismála, vinnuverndar og áhættumats. Síðast en ekki síst vantar tækniteiknara.

Á **Selfossi** vantar verk- eða tæknifræðing í hönnun og eftirlit vatnsveitu- og hitaveitulagna. Þekking varðandi fráveitukerfi og gatnagerð er einnig kostur.

Á **Ísafirði, Egilsstöðum** og í **Reykjanesbæ** vantar byggingarverkfræðinga eða byggingartæknifræðinga til starfa við hönnun og eftirlit. Á **Egilsstöðum** vantar einnig véla- verkfræðing eða véltæknifræðing.

Á **Akureyri** vantar burðarþolshönnuði til hönnunar steypu- virkja, timburvirkja og stálvirkja. Einnig vantar verkfræðinga eða tæknifræðinga í hönnun gatna-, vatns- og fráveitukerfa og á sviði lagna og loftræsingar.

### Umsóknarferli

Ítarlegri upplýsingar um störfin er að finna á [www.vst.is](http://www.vst.is).

Einungis er hægt að sækja um störfin á heimasíðunni á umsóknar- eyðublaði sem þar er að finna. Umsóknarfrestur er opin en ráðið verður í stöðurnar sem fyrst. Trúnaði er heitið við meðferð umsókna og verður öllum umsækjendum svarað.

### Nánari upplýsingar:

Úlfhildur Ösp Indriðadóttir, starfsmannastjóri,  
sími 569 5000, netfang uoi@vst.is.



**VST** Verkfræðistofa  
Sigurðar Thoroddsen hf.

## » Ráðningarþjónusta

# Rafmagnstæknifræðingur Iðnfræðingur

Öflugt þjónustufyrirtæki leitar að Rafmagnstæknifræðingi eða Iðnfræðingi.

## » Starfssvið

- Hönnun rafkerfa
- Undirbúningur verka
- Eftirlit með verkum
- Tæknileg aðstoð við þjónustudeild

## » Hæfniskröfur

- Menntun á sviði Rafmagnstæknifræði eða Iðnfræði
- Góðir skipulagshæfileikar
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir bednir um að sækja um starfið þar.

HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

## LJÓSMYNDARI

Við óskum eftir áhugasömum og færum fréttaljósmyndara til starfa.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af fréttaljósmyndun, vinnslu á dagblaði og/eda nám í ljósmyndun

Nánari upplýsingar veitir Inga Huld Hermóðsdóttir starfsmannastjóri í síma 515 5500 eða í tölvupósti [ingahuld@birtingur.is](mailto:ingahuld@birtingur.is)

BIRTÍNGUR  
ÚTGÁFUFELAG

DV

dvis

## Bókari

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan og skipulagðan einstakling til starfa á fjármálasviði fyrirtækisins.

### Leitum að einstaklingi sem býr yfir:

- Fjölbreyttri bókhaldsreynslu
- Góðri tölvukunnáttu
- Markvissum og sjálfstæðum vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til 31.01.2008. Umsóknum er hægt að skila á heimasíðu Atafis, senda til skrifstofu félagsins Lyngási 11, 210 Garðabæ eða á netfang starfsmannastjóra [maria@atafl.is](mailto:maria@atafl.is)  
Frekari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Atafis [www.atafl.is](http://www.atafl.is)



Atafl er eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Garðabæ.



## Félagsráðgjafi

Félagsráðgjafi óskast til starfa á geðsviði frá og með 15. febrúar 2008 eða eftir samkomulagi. Reynsla og áhugi á fjölskylduvinnu og fjölskyldumeðferð æskileg. Sérstök áhersla er lögð á vinnu með börn og unglina. Starfið byggir á heildarsýn, þar sem fram fer sálfélagsleg greining, ráðgjöf, meðferð og stuðningur. Unnið er með öðrum fagstéttum í þverfaglegum teymum og rík áhersla lögð á samvinnu sem og sjálfstæð vinnubrögð. Valið verður úr hópi umsækjenda á grundvelli viðtala og framlagðra gagna.

Umsóknargögn berist fyrir 15. febrúar 2008 til Sveinbjargar J. Svavarsdóttur, forstöðufélagsráðgjafa, 34C við Hringbraut og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 4050/ 4200, 824 5484, netfang [sveinbsv@landspitali.is](mailto:sveinbsv@landspitali.is).



Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reykláus vinnustaður

[www.landspitali.is](http://www.landspitali.is)



Reykjavíkurborg  
Menntasvið

## Störf í grunnskólum

### Austurbæjarskóli, v/Vítastíg, sími 411 7200

- Skólaliði í baðvörslu drengja, 60 - 100% starf
- Kennari í 1. bekk, 50 - 100% staða vegna forfalla

### Borgaskóli, Vættaborgum 9, sími 557 2900

- Skólaliði í íþróttahúsi

### Breiðagerðisskóli, v/Breiðagerði, sími 411 730

- Skólaliði; aðstoð í mótuneyti, ræsting og aðstoð við nemendur

### Fellaskóli, Norðurfelli 17-19, sími 557 3800

- Kennari á unglingsstigi
- Kennari á yngsta stigi

### Foldaskóli, Logafold 1, sími 540 7600

- Skólaliði í mótuneyti starfsmanna, 80 - 100% starf frá 1. febrúar
- Stuðningsfulltrúi, 70 - 80% starf frá 15. febrúar

### Grandaskóli, v/Keilugranda, sími 561 1400

- Proskapjálfi, 75 - 100% starf
- Matráður starfsmanna, 75% starf
- Umsjónarmaður skóla
- Skólaliði m.a. í baðvörslu stúlkna, 75 - 100% starf

### Hólabrekkuskóli, Suðurhólum 10, sími 557 4466

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Heimilisfræðikennari í hlutastarf

### Ingunnarskóli, Mariubaugi 1, sími 411 7828

- Umsjónarkennari á miðstigi

### Korpuskóli, Bakkastöðum 2, sími 411 7880

- Náttúrufræðikennari, afleysing vegna fæðingarorlofs frá 25. mars

### Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, sími 411 7444

- Skólaliði í baðvörslu drengja

### Réttarholtsskóli, v/Réttarholtsveg, sími 553 2720

- Stærðfræðikennari á unglingsstigi, tímabundin afleysing í 50% stöðu

### Rimaskóli, Rósarima 11, sími 411 7720

- Íslenskukennari á unglingsstigi
- Skólaliði, aðstoð við nemendur og ræsting

### Selásskóli, v/Selásbraut, sími 567 2600

- Kennari í textilmennt, 75% staða vegna forfalla

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á [www.menntasviid.is](http://www.menntasviid.is). Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti.

Upplýsingar veita skólustjórar og aðstoðarskólustjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglar það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## » Ráðningarþjónusta

## Ert þú í atvinnuleit? Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðlustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

## » Kannaðu málið á

[www.hhr.is](http://www.hhr.is)

HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík  
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



Lítill samfélög heilla Sögu Svavarsdóttur, sem hefur eytt sumrum bæði á Álandseyjum og í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

## Færeyingaaðdáandi númer eitt

**Saga Svavarsdóttir hefur farið tvívegis til Norðurlandanna á vegum Norðjobb; fyrst til Álandseyja og síðan til Færeyja þar sem eyjarskeggjar heilluðu hana upp úr skónum.**

„Ævintýraþráin rak mig af stað í fyrsta Norðjobbstarfið mitt þegar ég var átján ára. Þá fór ég ásamt þremur vinkonum til Álandseyja. Ég veit að mömmu og þabba fannst svolítið erfitt að senda mig eina út í heim, en það eru fáir sem sækja um þennan stað, sem ég skil alls ekki, svo við komumst allar að saman. Ég bjó á heimavist í landbúnaðarháskóla á eyjunni og vann við garðyrkjustörf í lystigarði. Það var hitabylgja í Evrópu þetta sumar og oftast þrjátíu stiga hiti svo við fórum nánast alltaf á ströndina eftir vinnu,“ segir Saga Svavarsdóttir, nemi í líffræði við Háskóla Íslands.

Álandseyjar tilheyra Finnlandi og að sögn Sögu er ekki beinlínis beint flug á áfangastað. „Þetta var ágætis ferðalag. Við tókum fyrst flug til Kaupmannahafnar, síðan lest til Stokkhólms, því næst rútu niður að höfn og síðan ferju til Álandseyja,“ útskýrir Saga, sem var að eigin sögn orðin slarkfær í tungumálinu að sumri loknu. „Þarna er töluð finnsk sænska sem var í fyrstu gjörsamlega óskiljanleg. Síðan var ég orðin svona slarkfær að sumri loknu og þetta kom mér gríðarlega vel þegar ég fór í næsta Norðjobb, til Færeyja,“ segir Saga, en næst var ferðinni heitið til Þórshafnar.

„Ég fór í ferðamálanám við bændaskólann á Hólum í Hjaltadal og þurfti þá að taka verknam um sumarið. Hins vegar er það mjög illa borgað á Íslandi, svo mér datt í hug að fara á vegum Norðjobb þar sem maður er á fullum launum og reyna að fá það metið. Það gekk eftir og ég fékk starf við upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Þórshöfn,“ segir Saga, sem þurfti að spjara sig í tungumálinu frá fyrstu

stundu. „Ég var látin svara símanum á öðrum degi og þá gat ég bjargað mér á Finnlandssænskunni. Þarna kom mikið af Norðmönnum og Svíum og þeir töluðu bara eigið tungumál, því Færeyingar kunna flestir dönsku og geta átt samskipti þannig. Þarna lærði ég að skilja á milli norrænu málanna. Ég lærði aldrei að tala færeyskuna almennilega en skildi hana mest eftir svona tvær vikur,“ segir Saga, sem hrósar hlýju Færeyinga í hástert.

„Norðjobb sér manni fyrir starfi og húsnæði án þess að taka fyrir það umboðslaun. Síðan greiðir maður sjálfur fargjald, leigu og mat. Þegar ég kom til Færeyja var einhver húsnæðisekla og þess vegna fékk ég inni hjá móðursystur mannsins sem sér um Norðjobb. Síðan fékk ég herbergi hjá konu úti í bæ. Færeyingar eru opnir og tóku rosalega vel á móti mér, sem er allt annað en ég kynntist á Álandseyjum,“ segir Saga, sem var boðin velkomin í öll fjölskylduböð, afmæli og Ólafsvökupartí. „Ég kynntist mörgu góðu fólki sem bæði hefur sótt mig heim og ég það. Ég er Færeyingaaðdáandi númer eitt og hef farið þangað á hverju sumri síðan ég var þarna með Norðjobb,“ segir Saga, sem lýsir reynslu sinni sem lærdómsríkri og gefandi.

„Ég mæli eindregið með Norðjobb fyrir ungt fólk. Maður þarf að vera orðinn átján ára, en síðan eru þeir ekki svo strangir á efri mörkum, sem eru tuttugu og sjö ára. Ég lærði ótrúlega margt nýtt og spennandi. Þetta vikaði sjóndeildarhringinn minn og vakti athygli mína á litlu hversdagshlutunum sem eru ekki eins og heima,“ segir Saga, sem getur vel hugsað sér að fara aftur á vegum Norðjobb. „Noregur gæti orðið næsti áfangastaður og þá helst eitthvert starf sem tengist líffræðinni, en ég útskrifast með BS í vor. Lítill samfélög heilla mig mikið þar sem er auðveldara að komast inn í hlutina svo ég gæti vel hugsað mér að fara til Norður-Noregs, en það verður bara að koma í ljós,“ segir Saga.

rh@frettabladid.is



Viðhald og Nýsmíði er verktafyrirtæki með fjölbætta þjónustu við endurbætur, viðhald og nýsmíði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Við starfrækjum verkstæði þar sem smíðaðar eru innréttingar, gluggar, hurðir o.m.fl. Við erum sérhæfðir í sérsníði og vinnum mikið við sérlausnir með arkitektum og hönnuðum.

## GÓÐIR SMÍÐIR ÓSKAST

• **Trésmíður á verkstæði**, þar sem smíðaðar eru innréttingar, gluggar, hurðir og önnur sérsníði.

• **Reyndir smíðir** í ýmis spennandi viðhalds- og nýbyggingaverkefni.

Fjölbreytt verkefni, mikil vinna og góð laun í boði.

**Nánari upplýsingar** veitir Guðmundur í síma 820 9710 eða gmk@vogn.is

Helluhrauni 2  
220 Hafnarfirði  
Sími 555 3300



**VIÐHALD & NÝSMÍÐI** ehf



**Reykjavíkurborg**  
Velferðasvið

## Ráðgjafar hjá Barnavernd Reykjavíkur

**Um er að ræða tvær afleysingastöður, út árið 2008.**

Annars vegar við eftirfylgd fósturbarna auk vinnu við umsagnarmál. Hins vegar samstarf við lögreglu, viðveru við skýrslutökur hjá lögreglu og fyrir dómi auk kannanna barnaverndartilkynninga.

*Barnavernd Reykjavíkur ber ábyrgð á meðferð einstakra mála sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga. Starfsmenn skrifstofunnar annast m.a. móttöku og mat tilkynninga um óviðunandi aðbúnað barna/unglinga, könnun á aðbúnaði þeirra, gerð og eftirfylgd meðferðaráttætlana, meðferð, stuðning og eftirlit í alvarlegum barnaverndarmálum. Þá sjá starfsmenn um málefni fósturbarna auk vistana barna á meðferðar/einkaheimilum og gerð umsagna í umgengismálum, ættleiðingarmálum auk úttekta á fósturheimilum og stuðningsfjölskyldum.*

Hjá Barnavernd Reykjavíkur starfa um 30 manns. Boðið er upp á handleiðslu, tækifæri til símenntunar og sveigjanlegan vinnutíma. Á vormánuðum er fyrirhugað að starfsemin flyti í nýbyggt húsnæði á Höfðatorgi.

**Menntun og hæfni:** Umsækjandi þarf að hafa lokið háskólaþrófi, t.d. á sviði félagsvísinda eða sálfræði. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af barnaverndarstarfi og meðferðarvinnu.

Starfið gerir kröfur til jákvæðs viðmóts og góðra hæfileika til mannlegra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir ásamt getu til skýrrar tjáningar munnlega og skriflega.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veita framkvæmdastjóri Halldóra D. Gunnarsdóttir, Helga Jóna Sveinsdóttir deildarstjóri fósturteymis eða Dóra Júlíussen deildarstjóri könnunarteymis í síma 535 2600.

Umsóknir sendist til Barnaverndar Reykjavíkur Skipholti 50b, 105 Reykjavík eða á netfangið halldora.drofn.gunnarsdottir@reykjavik.is fyrir 8. febrúar nk.

## Viltu starfa í hverfinu þínu ?

**Félagsmiðstöðin Árskógum 4 óskar eftir að ráða starfsfólk í félagslega heimaþjónustu og í sjálfstæða búsetu geðfatlaðra í Breiðholti.**

Vegna íbúasamsetningar er sérstaklega óskað eftir karlmönnum til starfa. Einnig vantar afleysingar í kvöld- og helgarþjónustu.

Um er að ræða skemmtileg og lærdómsrík störf sem fela í sér félagslegan stuðning, almenn heimilisstörf, stuðning til sjálfshjálpar og samfélagslegrar þátttöku. Starfshlutfall eftir samkomulagi.

**Hæfniskröfur:**

- Félagsliðamenntun æskileg
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og jákvæðni.
- Aldursskilyrði 18 ár.

## Félagsleg heimaþjónusta

**Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna félagslegri heimaþjónustu.**

**Helstu verkefni:**

- Félagslegur stuðningur
- Aðstoð vegna umönnunar barna og unglinga.
- Aðstoð við heimilshald og almenn þríf
- Aðstoð við athafnir daglegs lífs

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Félagsliðamenntun eða reynsla af almennum heimilisþrífum/umönnun æskileg.
- Umsækjandi þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt.
- Ökuréttindi kostur.

Við bjóðum upp á jákvætt og uppbyggilegt starfsumhverfi þar sem nýju starfsfólki er veittur góður stuðningur, aðlögun í starfi og fræðsla.

Áhugasamir hafið samband við: Pálu Jakobsdóttir deildarstjóra heimaþjónustu, netfang: pala.jakobsdottir@reykjavik.is eða Elísabetu E. Jónsdóttur, netfang: elisabet.eyglo.jonsdottir@reykjavik.is eða í síma: 535-2700.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags. Umsóknum skal skila á Félagsmiðstöðina Árskógum 4 eða á ofangreind netföng fyrir 11. febrúar nk.

Vinnutími er frá kl. 09:00 - 17:00 virka daga.

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ester Halldórsdóttir deildarstjóri heimaþjónustu, Hraunbæ 105 sími: 411 2730, netfang: ester.halldorsdottir@reykjavik.is Umsóknum skal skila í Félagsmiðstöðina að Hraunbæ 105 eða á ofangreint netfa ng fyrir 4. febrúar nk.

## Öryggisvörður til afleysinga

**Félagsmiðstöðin v/Vítatorg, Lindargötu 59 óskar eftir að ráða öryggisvörð til afleysinga.**

**Helstu verkefni:**

- Afleysingar fyrir fastráðna öryggisverði í vetrarorlofi í febrúar til mars og sumarleyfum í maí-september.
- Starfið felst m.a. í því að hafa öryggiseftirlit með íbúum og mannvirkjum en á staðnum eru 94 íbúðir og félagsmiðstöð.

**Vinnutími:**

Um er að ræða vaktavinnu, 8 klst. kvöld og nætur virka daga og 12 klst. vaktir um helgar og helgidaga. Eftir hverja 14 daga vaktahrinu er vaktafri í 7 daga.

**Hæfniskröfur:**

- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Samvirksemi og sveigjanleiki.
- Reglusemi og stundvísi.
- Gott heilsufar.
- Hreint sakavottorð.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Edda Hjaltsted forstöðumaður í síma 411 9540, netfang.edda.a.hjalsted@reykjavik.is

# Fabrikan

Auglýsinga- og hönnunarstofa  
Ingólfsstræti 5 101 Reykjavík fabrikan@fabrikan.is

## Ert þú grafískur hönnuður?

Ef þú býrð yfir reynslu úr auglýsingabransanum og ert sjálfstætt starfandi langar okkur að heyra í þér með samstarf í huga.

Sendu okkur póst með nokkrum sýnishornum og ferilskrá merkt **GRAFÍK** á [fabrikan@fabrikan.is](mailto:fabrikan@fabrikan.is).

## Ert þú prentsmiður/grafískur miðlarí?

Ef þú ert sjálfstætt starfandi og býrð yfir reynslu af myndvinnslu, umbroti og frágangi til prentunar langar okkur að heyra í þér með samstarf í huga.

Sendu okkur póst með nokkrum sýnishornum og ferilskrá merkt **PRENT** á [fabrikan@fabrikan.is](mailto:fabrikan@fabrikan.is).

# Horfir þú á sjónvarp?

Viltu hafa áhrif á daglegt líf 100.000 Íslendinga?

Taktu þátt í að móta sjónvarpsupplifun þjóðarinnar og þróa eitt framsæknasta sjónvarpskerfi í heimi.

### Vinnuumhverfi og verkefni:

Við hjá Símanum leitum nú að færum, hugmyndaþrikum og drifandi forritara. Þú myndir vinna við hönnun, forritun og viðhald á kjarnakerfum og viðmóti Sjónvarps Símans. Þú þarft að hafa háskólamenntun á sviði verk- eða tölvunarfræði. Einnig er æskilegt er að hafa a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og þekkingu af JAVA forritun.

Hjá Símanum er mikið lagt upp úr því að laða að framúrskarandi starfsfólk og veita því fræðslu og upplýsingar til þess að auka færni sína. Boðið er upp á hvetjandi starfsumhverfi og starfsmönnum gefst kostur á að þróa í starfi innan fyrirtækisins, hvort sem er til aukinna sérfræðistarfa eða meiri stjórnunarábyrgðar.

Hjá félaginu er alltaf pláss fyrir snillinga sem eru tilbúnir að tileinka sér þessi gildi og vinna að markmiðum félagsins af fullum heilindum.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

Umsóknarfrestur er til 5. febrúar.

Gildi Símans eru fimm: traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Starfsmenn Símans hafa þessi gildi að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

800 7000 - [siminn.is](http://siminn.is)

Það er Síminn

# SKO

ÖDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## Sölufulltrúi SKO

Sölufólk óskast í úthringiverkefni á kvöldin. Góð laun og sveigjanlegur vinnutími. Reynsla af sölustörfum ekki nauðsynleg. Umsóknir skulu sendar á [arnar@sko.is](mailto:arnar@sko.is).

## Átt þú fyrirtæki sem veltir yfir 150 milljónum króna árlega?

Við leitum að tækifæri fyrir fjársterkan umbjóðanda okkar sem vil kaupa fyrirtæki í góðum rekstri. Til greina kemur að kaupa rekstur að fullu eða umtalsverðan hlut í félagi á móti núverandi eigendum.

Sérstaklega áhugaverð eru fyrirtæki í þjónustu-, innflutnings- og/eða tæknistarfsemi.

Hafið samband við Sector viðskiptaráðgjöf í síma 517 1000 eða með tölvupósti á netfangið [sector@sector.is](mailto:sector@sector.is), þar sem frekari upplýsingar eru veittar.

viðskiptaráðgjöf  
**sector**

Sector viðskiptaráðgjöf - Bankastræti 5 - 101 Reykjavík - Sími 517 1000 - Fax 517 1055 - [sector@sector.is](mailto:sector@sector.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

**Leikskólakennarar!**  
**Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.**

**Arnarsmári: 564 5380**

- Leikskólakennarar

**Álfaheiði: 564 2520**

- Leikskólakennari

**Álfatún: 564 6266**

- Deildarstjóri – afleysing í ½ ár

- Leikskólakennarar

**Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 4350**

- Leikskólakennarar

- Sérkennslustjóri 75%

**Dalur: 554 5740**

- Stuðningur/leikskólakennari/leiðbeinandi

**Efstihjalli: 554 6150**

- Aðstoð í eldhús 75% starfshlutfall

- Leikskólakennarar

**Fagrabrekka: 554 2560**

- Leikskólakennari

**Fífusalir: 570 4200**

- Deildarstjóri

- Leikskólakennarar

**Hvarf: 570 4900**

- Leikskólakennarar

**Núpur: 554 7020**

- Leikskólakennarar

- Sérkennsla

**Rjúpnahæð: 570 4240**

- Leikskólakennarar

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**

- Leikskólakennarar

**Nánari upplýsingar á:  
[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)  
og [www.job.is](http://www.job.is)**



**SÖLUMÆÐUR - HÁRSNYRTIVÖRUR OFL**

Heildverslun óskar eftir duglegum reyklusum sölumanni, sem fyrst. Um hlutastarf er að ræða, frá þriðjud. til fimmtud.

Umsóknir ásamt uppl. um aldur og fyrri störf ásamt launakröfu sendist, augl.deild Fréttablaðsins fyrir 4.feb.n.k. eða box@frettabladid.is Merkt 3.



www.lyfja.is

# Atvinnutækifæri hjá Lyfju

## Lyfsöluleyfishafi Lyfja Egilsstöðum

Lyfja leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi í stöðu lyfsöluleyfishafa í Lyfju Egilsstöðum.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

Í starfinu felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og útibúa, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi. Undir Lyfju Egilsstöðum eru lyfjaútibú á Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði og Höfn. Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Í boði er stjórnunarstarf hjá leiðandi fyrirtæki, sem hentar metnaðarfullum einstaklingi sem vill ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í maí 2008.

### Menntun og hæfniskröfur

Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Í boði er krefjandi og spennandi starf, flutningsstyrkur, gott húsnæði á hagstæðum kjörum, samkeppnishæf laun og skemmtilegur vinnustaður í vaxandi bæjarfélagi. Til greina kemur að ráða í starfið tímabundið í 2-5 ár.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, í starfsmannahaldi í síma 530-3800.

Umsóknir sendist á netfangið hallur@lyfja.is og er umsóknarfrestur til 15. febrúar 2008.

## Lyfjafræðingur

Lyfja hf. leitar að sjálfstæðum, skipulögðum og metnaðarfullum lyfjafræðingi til starfa hjá Lyfjalausnum. Um hlutastarfer að ræða.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

Starfið felst í eftirliti og aðstoð við skömmtnun lyfja, lyfjafræðilegri þjónustu við stofnanir auk ýmissa annarra sérhæfðra starfa við lyfjaskömmtnun.

Í boði er framtíðarstarf, skemmtilegur vinnustaður, gott vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og möguleiki á ýmsum sérverkefnum. Unnið er samkvæmt samkomulagi virka daga á dagvinnutíma.

Nánari upplýsingar veitir Anna Sólmundsdóttir, forstöðumaður Lyfjalausna, í síma 693-2216 (anna@lyfja.is).

Sækja má um störfina á vefsetri okkar [www.lyfja.is](http://www.lyfja.is) eða senda ferilskrá til forstöðumanns (anna@lyfja.is).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Ráðið verður í starfið sem fyrst.



Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

ESJENKA STA.IS LYP HORSE 01 2008

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og velliðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsuþjónu víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtnun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.



## Ert þú hress ljósmyndari?

Gamanmyndir er framsækin ljósmyndastofa, sem sérhæfir sig í ljósmyndun og grafískri vinnslu á myndum. Hjá okkur fá viðskiptavinirnir að njóta sín.

Við leitum að hressum og skemmtilegum ljósmyndara / áhugaljósmyndara í framtíðarstarf. Starfið felst í ljósmyndun og grafískri vinnslu mynda.

### Kunnátta:

Ljósmyndun í stúdíoi og útimyndatökur, Photoshop, Lightroom, Flash stúdíoljós. Viðkomandi þarf að þekkja inn á börn og geta unnið með börnum. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera gædd/ur hæfni í mannlegum samskiptum.

Sendið ferilskrá á [gamanmyndir@gamanmyndir.is](mailto:gamanmyndir@gamanmyndir.is) fyrir 4.febrúar 2008.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.



**GAMANMYNDIR**  
Bæjarlind 14, Kópavogi - [www.gamanmyndir.is](http://www.gamanmyndir.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

#### Félagsþjónusta Kópavogs:

- Félagliði í kvöldþjónustu
- Aðstoð við heimilisstörf

#### Roðasalir - sambýli og dagþjálfun

- Sjúkraliði

#### Unglingasmiðjan

- Meðferðarfulltrúar

#### Íþróttamiðstöðin Versalir

- Afgreiðsla baðvarsla kvenna
- Laugarvarsla afgreiðsla, tímabundið

#### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

##### Digranesskóli:

- Matráður á kaffistofu starfsmanna 100%

##### Kársnesskóli:

- Náttúrufræðik. í 10. bekk 10 st. á viku
- Forfallakennari
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

##### Kópavogsskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl

##### Lindaskóli:

- Skólaliði I – Dægradvöl 50% starf
- Forstöðumaður Dægradvalar

##### Snælandsskóli:

- Kórstjóri allt að 50% starf

##### Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50%
- Stuðningsfulltrúi, fullt starf frá áramótum
- Kennari v/forfalla í 3.-4.bekk frá 1.1.'08

**Nánari upplýsingar á:**  
**[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)**  
**og [www.job.is](http://www.job.is)**



F-PROT Antivirus

## Þjónustufulltrúi

Við leitum að áhugasömum, drifandi og stundvísam starfskrafti til að sinna notendapjónustu við viðskiptavinum Friðriks Skúlasonar ehf. (FRISK Software) um allan heim.

Starfið er margþætt en helst felur það í sér að afgreiða pantanir og svara fyrirspurnum viðskiptavina og endursöluaðila í tölvupósti og síma.

### Hæfniskröfur:

- Mjög góð enskukunnátta skilyrði, jafnt í rituðu sem töluðu máli.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.
- Góðir skipulagshæfileikar eru ávallt kostur.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrám sendist á: [jobs@frisk.is](mailto:jobs@frisk.is)  
Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2008.

Friðrik Skúlason ehf. (FRISK Software) er alþjóðlegt öryggis- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði veiruvarna. Fyrirtækið framleiðir m.a. F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) og er í samstarfi við fyrirtæki um allan heim. Fyrirtækið starfar að mestu leyti á erlendum mörkuðum og er í dag eitt af fremstu veiruvarnar-fyrirtækjum heims. Hjá fyrirtækinu starfa um fjörtíu manns.



FRISK  
FRÍÐRIK Skúlason ehf

Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • [www.frisk.is](http://www.frisk.is)



## BLIKKSMÍÐI EHF

- Óskum eftir að ráða blikksmiði sem geta unnið sjálfstætt og stjórnað verkum.
- Óskum einnig eftir aðstoðarmönnum við blikksmiði.

Upplýsingar gefur Jón í s. 564 4111 & 893 4640.

## Viljum ráða Sjúkraliða og fólk í aðhlyningu, á Sólvang



### Við sækjumst eftir áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

#### Í boði er:

- Fullt starf, hlutastarf, einstaklingsmiðuð aðlögun og fræðsla,
Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur undanfarið átt í viðræðum við fulltrúa Búseta á Norðurlandi um byggingu búseturéttaríbúða í Fjallabyggð.

FRUM

Um er að ræða fullbúnaðar íbúðir, í minni fjölbýlishúsum, með bílageymslu eða bílskúli. Íbúðirnar yrðu byggðar miðsvæðis í byggðakjörnum sveitarfélagsins, með góðu aðgengi, þar sem stutt er í verslun og þjónustu. Fyrst verður hafist handa við að byggja á Siglufirði, síðan á Ólafsfirði

Búseti á Norðurlandi er húsnæðissamvinnufélag sem á og rekur íbúðir á kostnaðarverði.

Félaginu er ætlað það hlutverk að útvega félagsmönnum hagkvæmt húsnæði sem er vel viðhaldið og þægilegt. Heimasíða félagsins er [www.busetiak.is](http://www.busetiak.is)

Bæjarstjórn Fjallabyggðar vill með auglýsingu þessari kanna hvort áhugasamir aðilar séu til staðar sem hefðu hug á að leigja búseturéttaríbúðir, af Búseta á Norðurlandi, sem byggðar yrðu í Fjallabyggð.

Nánari upplýsingar og skráning áhugasamra aðila: Ómar Hauksson, atvinnumálafulltrúi SSSNV á Siglufirði, sími 464 9112 og 897 1935. Netfang: [omar@ssnv.is](mailto:omar@ssnv.is)



**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Fasteignasala  
snýst ekki bara  
um fasteignir...  
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

# Brekkuás 1-3

## Hafnarfirði



## Ásland 3

**Glæsileg 21 íbúða lyftuhús á fjórum hæðum.  
Íbúðir með útsýni í nálægð við ósnortna náttúru.**

- Stærð íbúða frá 82 fm – 124 fm
- Sérlega bjartar og rúmgóðar 2ja, 3ja & 4ja herbergja íbúðir
- 21 íbúð og 15 bílastæði í bílakjallara
- Glæsilegt útsýni yfir höfuðborgarsvæðið
- Gott aðgengi
- Tvö lyftuhús
- Glæsilegar innréttingar frá Brúnás
- Eldhústæki frá AEG
- Granít á borðum og gluggakistum
- Innangengt í bílageymslu
- Sjónvarpsdyrasými
- Ál/tré gluggar
- Tvennar svalir með endaíbúðunum
- Sérafnotaréttur með íbúðum á fyrstu hæð
- Til afhendingar í sept./okt. 2008
- Verð frá 22,1 millj.



Skipulag íbúða á  
3ju hæð í Brekkuási 1-3




**Eyktafás 11**110 Reykjavík  
Gott hús á vinsælum stað í ÁrbænumStærð: 285 fm  
Fjöldi herbergja: 6  
Byggingarár: 1980  
Brunabótamat: 38.200.000  
Bílskúr: Já**RE/MAX**  
Búi**Möguleiki á aukaíbúð með sérinngangi****Verð: 72.000.000**

Gott og afar fjölskylduvænt einbýlishús miðsvæðis í hverfinu. Örstatt í alla þjónustu s.s. sund og íþróttir, skóla og verstanir. Húsið er á tveimur hæðum, stendur ofanvert við götuna og er samtals 285 m<sup>2</sup>, þar af bílskúr 35 m<sup>2</sup>. Aðvælt að breyta neðri hæð í auka íbúð með sér inngangi. Byggingarár 1980. Gróin lóð 548 m<sup>2</sup> lóð með fallegum trjám. Eignin skiptist þannig: Efri hæð, forstofa, svefnherbergi, hjónaherbergi með útgengi út á timburpall í garði. Baðherbergi með ljósi innréttingu, flisar á veggjum og gólf. Rúmgóð stofa með mikilli loft hæð og útgengi út á stórar svalir. Frábært útsýni. Eldhús, borðstofa og þvottahús. Neðri hæð: Tvö rúmgóð svefnherbergi með skápum, rúmgitt alými með ami, geymsla og bað/sauna, inngangur og forstofa ásamt bílskúr. Húsið er í góðu ásigkomulagi, nýlegur sólpallur í garðinum.

Ólína Ásgeirsdóttir  
Sölufulltrúi  
898 8016  
olina@remax.isSighvatur Lárusson  
Sölufulltrúi  
864 4615  
sighvatur@remax.isSigurður  
Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali  
sigurdur@remax.is

RE/MAX Búi - Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sími: 5209400 - www.remax.is

**Heilsustúdíó/ snyrtistofa**112 Reykjavík  
Frábært tækifæri!Stærð: 0 fm  
Fjöldi herbergja: 0  
Byggingarár: 0  
Brunabótamat: 0  
Bílskúr: Nei**RE/MAX**  
Senter**Verð: tilboð**

Frábært tækifæri hvort sem fólk er sérmenntað eða ekki!!! Glæslegt Heilsustúdíó og snyrtistofa í flottu 128 fm leiguhúsnæði í hverfi 112 Rvk. Þekkt stofa með góðum tækjum. Sem dæmi er boðið upp á alla almenna snyrtingu (2 stólar) auk þess Eurowave, Hljóðbylgjur, Cello-nudd, Húðburstun, Fótanudd, Láivafninga, Jurtavafninga, Ultradermi, Aqua detox, Fórðun og FakeBake airbrush. Húsnæðið hentar rekstrinum mjög vel. 6 herb fyrir þjónustu og 2 sturtuherb. Rúmgóð móttaka. Góður tækjakostur.

Sigríður  
Sölufulltrúi  
663 3219  
sigga@remax.isÞórunn Gísladóttir  
Lögg. fasteignasali

thorunn@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**HÚSAKAUP**  
Farsæl miðlun fasteigna

Sími 530 1500 | www.husakaup.is | Guðrún Árnadóttir Löggiltur fasteignasali

**OPIN HÚS Í DAG****BOGAHLÍÐ 22 MILLI 14:00 OG 14:30**

Góð og björt 4ra herbergja (3 svefnherbergi), 114 fm, íbúð á 3ju hæð í góðu húsi í Hlíðunum. Húsið hefur verið tekið mikið í gegn. Sameignin er sérstaklega snyrtileg.

Albert Lúdvígsson  
albert@husakaup.is  
s. 617-1818

28,9 m.

**ÁLFHEIMAR 54 MILLI 14:00 OG 14:45**

Björt og falleg endaíbúð, 132,2 fm, í húsi sem hefur verið gert mikið upp. Rúmgóð og björt stofa, eldhús með borðkrók, 3 svefnherbergi og nýlega uppgerð baðherbergi.

Halldór Ingi Andrésson  
halldor@husakaup.is  
s. 617-1802

24,9 m.

**LITLIHJALLI 5 MILLI 14:00 OG 14:30**

Mjög gott 215 fm raðhús ásamt u.þ.b. 22 fm bílskúr í þessari litlu botnlangagötu þar sem eingöngu eru fjögur húsnúmer. Húsið er á tveimur hæðum og er frábært útsýni til norðurs af efri hæð hússins.

Jón Greinar Jónsson  
jon@husakaup.is  
s. 617-1800

51,9 m.

**STRANDVEGUR 23 MILLI 15:00 OG 15:45**

Stórglæsileg 128 fm íbúð á efstu hæð með gluggum á 3 hliðar og frábæru útsýni. Hvert smáatriði er útfært af natni og útsjónarsemi þar sem allt tréverk er sér smíðað úr hnotu.

Albert Lúdvígsson  
albert@husakaup.is  
s. 617-1818

Tilboð

**STRANDVEGUR 23 MILLI 15:00 OG 15:45**

Björt 104 fm íbúð í Sjálandshverfinu. Stór stofa og eldhús í sameiginlegu rými, herbergin tvö eru góð. Vel búið baðherbergi og sér þvottaherbergi í íbúð. Staði í bílageymslu.

Albert Lúdvígsson  
albert@husakaup.is  
s. 617-1818

37,9 m.

Bóas  
Sölufulltrúi  
699 6165  
boas@remax.isGunnar  
Sölufulltrúi  
899 0800  
go@remax.isÞórarinn  
Jónsson Hdl.  
Löggiltur  
fasteignasali**RE/MAX**  
LindVerðmetum **FRÍTT** fyrir þig!  
Hringdu núna ☎ 699 6165**Fjúluás 2-6, 221 Hafnarfjörður****Afhend fokheld  
að innan  
fullbúin að utan****Verð frá aðeins 41.400.000**

- 250 fermetrar
- 2 hæða
- 5 herbergja
- 2-3 baðherbergi
- Rúmgóður 33 fm bílskúr
- Hjónaherbergi með fataherbergi
- Pantaðu eignamöppu með öllum frekari upplýsingum sem og teikningum

☎ **699 6165****BÓAS & TEYMI**

# NÝJAR GLÆSILEGAR ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR Í MÖRKINNI SUÐURLANDSBRAUT 58-62



Um er að ræða 78 glæsilegar fullbúnar 90-140 fm íbúðir í lyftuhúsi. Ekkert hefur verið til sparað við hönnun íbúðanna sem eru bjartar og rúmgóðar. Íbúðirnar snúa mót suðri. Lofthæð í íbúðunum er 2,70 m sem er meira en gengur og gerist í nýbyggingum og aukin hjóðeinangrun er í íbúðunum. Gæði og þægindi eru einkennisorð íbúðanna sem verða afhentar með gólfefnum, innréttingum og tækjum. Bílastæði í bílageymslu fylgir hverri íbúð.

Fyrstu íbúðirnar verða afhentar í mars 2008.

Húsin eru á mörkum þjónustu- og verslunarkjarna og í nágrenni við nokkur af vinsælustu útivistarsvæðum borgarbúa. Göngustígar tengja íbúðabyggðina í Mörkinni við aðra hluta borgarinnar. Örstutt í Elliðaárdalinn.

Í Mörkinni verður þjónustumiðstöð, Heilsusetrið, þar sem skipulögð dagskrá verður í gangi. Innangengt verður úr íbúðunum í þjónustumiðstöðina. Þangað kemur fólk til að fá góða og heilbrigða hreyfingu, fræðslu, skemmtun, aðhlyningu, þjálfun, félagsskap, góðan og hollan mat og ekki síst til að láta dekra við sig. Stefnt er að því að geta boðið íbúum við Suðurlandsbraut 58-62 uppá þjónustu eftir óskum og þörfum hvers og eins. Um verður að ræða heilsusetur í hæsta gæðaflokki. Við Heilsusetrið verður auk þess púttvöllur

Hjúkrunarheimili verður í næsta nágrenni við íbúðirnar og íbúum í Mörkinni verður boðið uppá heimahjúkrun. Þá verður boðið uppá sjúkrapjálfun í Heilsusetrinu.

Sjá nánar inná [www.thjonustuibudir.is](http://www.thjonustuibudir.is)



**EIGNAMIÐLUN**  
sala fasteigna í 50 ár

Sími: 588 9090

Síðumúla 21 - [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is) - [eignamidlun@eignamidlun.is](mailto:eignamidlun@eignamidlun.is) - Fax: 588 9095

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

Kjartan Hallgeirsson og Þorleifur St. Guðmundsson fasteignasalar  
á Eignamiðlun veita nánari upplýsingar um íbúðirnar í síma 588-9090.



**Sími**  
**535 0200**  
www.neseignir.is

**FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84**

**VATNAGARÐAR - FJÁRFESTING**

Fróm

Vorur að fá í einkasölu mjög gott 1703 fm skrifstofu- og lagerhúsnæði við Vatnagarða. Góð aðkoma og flott staðsetning við aðal tengibrautir Reykjavíkursvæðisins. Hér er á ferðinni frábær fjárfesting á flottum stað. Húsnæðið losnar 1. febrúar n.k. Leigumöguleikar fyrir hendi. **Allar nánari upplýsingar gefur Kristinn R. Kjartansson í sínum 535 0200 og 820 0762.**

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignisali

**Auglýsingasími**

**512 50 50**

Fréttablaðið

- Mest lesið

**Til leigu**

Fróm



**ÁRMÚLI - LAGERHÚSNÆÐI - TIL LEIGU!**

Til leigu 686,5 fm húsnæði á jarðhæð á þessum eftirsóttasta stað sem er í návist við alla helstu þjónustu. Húsnæðið er með allt að 3m lofthæð og malbikuðu bílplani og góðri innkeyrsluhurð. Húsnæðið skiptist í eldhús og salernisastöðu, þrjú góða sali með miklum nýtingar möguleikum. Húsnæðið verður laust frá og með 1. apríl 2008 eða fyrr eftir samkomulagi. Mjög hagstætt leiguverð. 1.200 kr per fm án vsk. Einnig er möguleiki á að leigja efri hæð sem er skrifstofu- húsnæði/heildsala ca 300 fm og leigist á 1.450,- kr fyrir utan vsk.

**Nánari upplýsingar gefur Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300**

Akkurat FASTEIGNASALA STÓRHÖFÐA 27 Sími 594 5000 Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast

**Til leigu**

Fróm



**ÁRMÚLI SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI/VERSLUN - TIL LEIGU!**

Mjög gott ca 300 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í Ármúla. Bak við Parket og Gólf. Gæti hentað vel fyrir heildsölu eða skrifstofurými. Sérinnangangur á 2. hæð, komið inn í sal í dag heildsala, innaf eru skrifstofur, snyrting, kaffistofa og geymslur. Mjög gott húsnæði í miðju Reykjavíkur. Leiguverð 1.450,- kr fyrir utan vsk. Laust 1. apríl nk. Einnig er möguleiki á að leigja neðri hæð sem er lagerhúsnæði 686,5 fm og leigist á 1.200,- kr fyrir utan vsk.

**Nánari upplýsingar gefur Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300**

Akkurat FASTEIGNASALA STÓRHÖFÐA 27 Sími 594 5000 Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast

**DP FASTEIGNIR**  
www.dpfasteignir.is

Langabrekka 18 - 200 Kópav. OPIÐ HÚS FRÁ KL. 16-17.



Um er að ræða rúmgóða, bjarta og mikið endurnýjaða 125,9 fm efri sérhæð (engar tröppur) ásamt 24,5 fm bílskúr eða samtals: 150,4 fm. Undir bílskúrnum er 25 fm óskræð rými með glugga og hurð út í garð sem býður upp á mikla möguleika. Í þessu rými í dag er gufubað og sturta. Nýleg innrétting í eldhúsi og á baðherbergi. Öll tæki í eldhúsi ásamt gólfefnum í stofu og eldhúsi eru ný. Allar hurðir eru einnig nýlegar (úr mahogny við). Þakið er síðan 2001, gluggar að mestu hafa verið endurnýjaðir. Að sögn seljanda er ástand hússins að utan mjög gott. Verð 39,9 millj.

**Klapparstígur 7-101 Reykjavík**



Mjög glæsileg og björt 3ja herbergja 78,8 fm íbúð á 4. hæð ásamt 11,5 fm stæði í bílageymslu eða samtals 90,3 fm í 5. hæða fallegu lyftuhúsi á góðum stað í Miðbæ Reykjavíkur. Húsið er klætt að utan með áli og er því viðhaldslítið. Húsvörður. Laus til afhendingar - lykjar á skrifstofu DP FASTEIGNA. Svalir sem snúa í austur. Allar innréttingar og hurðir úr kirsuberjavið. Stutt í alla verslun og þjónustu. Verð 32,9 millj.

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745

DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is

Opið hús í dag frá 16:00 til 17:00 Rauðamýri 15 - 270 Mosfellsbær



Til sýnis í dag 163,3 fm raðhús á einni hæð m/innbyggðum bílskúr. Húsið er tilbúið til afhendingar STRAX, fullbúið að utan með frágenginni lóð og tilbúið til innréttinga að innan - FULLMÁLAD. Möguleiki á að fá húsið afhent lengra komið. Á efri palli er bílskúr, geymsla, þvottahús, forstofa, eldhús og borðstofa. Á neðri palli er stofa, sjónvarpshol, tvö stór svefnherbergi og baðherbergi. Gólfhiti er í öllu húsinu. Öllum frágangi utanhúss er lokið. Búið að helluleggja, tyrfa og setja upp sólpall. Verð 38,9.

**Gústaf sími 895 7205, sölumaður Höfða sýnir húsið á milli kl. 16 og 17 í dag.**

Opið hús í dag frá kl. 14:00 til 16:00 Álholt 16 - íbúð 102.



Til sýnis í dag sérlega falleg sérlega falleg 3ja herb. 69,6 fm endaiðbúð á 1. hæð í 5 íbúða fjölbýli. Parket og flisar á gólfum. Þvottahús í íbúð. Suður svalir út frá stofu, gott útsýni. Verðlaunagarður er við húsið. Hér er stutt í skóla, leikskóla og alla helstu þjónustu. Hér er á ferðinni íbúð með karakter. Verð 22,9 millj.

**Kristinn og Dagný sýna íbúðina í dag á milli kl. 14 og 16.**

Suðurlandsbraut 20 Sími 533 6050 Bæjarhrauni 22 Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali - Kristin Pétursdóttir, lögg. fast.sali

**A**



**Bókaðu skoðun!**

**VÆTTABORGIR - 112 RVK**

Mjög skemmtilegt og fallegt 163,1 fm raðhús á 2. hæðum (annað hús frá enda) 4 svefnherbergi - suðurgarður. Góður bílskúr, upphitað plan. Stutt í alla þjónustu og verslanir. **VERÐ 46,9 millj.** **Nánari uppl. veitir Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 2225**

**K**



**Bókaðu skoðun!**

**PVERÁS - 110 REYKJAVÍK.**

Mjög vel skipulagt 148,7 fm einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, nýtt eldhús og eikarparket og flisar á gólfum. Fallegur garður og góð aðkoma er að húsi. Stutt í skóla og leikskóla. Einstök eign í vinsælu hverfi. **VERÐ 47,4 millj.** **Nánari uppl. veitir Þóra Prastardóttir lögg. fast. 822 2225**

**K**



**Bókaðu skoðun!**

**NÚPALIND - 201 Kópavogur.**

Stórglæsileg Fjögurra herbergja 113,3 fm. íbúð á þriðju hæð í nýlegu mjög snyrtilegu fjölbýli með lyftu. Þetta er vonduð og vel umgengin eign á frábærum stað rétt hjá Smáranum. **Laus strax.** **VERÐ 29,8 millj.** **Nánari uppl. veitir Bjarni hjá Akkurat 896 3875**

**U**



**Bókaðu skoðun!**

**MÓVAÐ - 110 REYKJAVÍK.**

Glæsilegt 219 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Húsið er vel staðsett í Norðlingaholtinu, fallegar gönguleiðir eru í nágrenninu en svæðið er einstakt með tilliti til útivistar. **VERÐ 82 millj.** **Nánari uppl. veitir Þóra Prastardóttir lögg. fast. 822 2225**

**A**



**Bókaðu skoðun!**

**KLEPPSVEGUR - 104 RVK.**

Falleg mikið endurnýjuð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð með frábæru útsýni. Nýleg eldhúsinnrétting frá Habitat, ágætt baðherbergi með aðstöðu fyrir þvottavél. Þrjú svefnherbergi. Stofa og borðstofa. Nýtt parket. Suður-svalir. Falleg eign á góðum stað. **Verð: 23,5 millj.** **Nánari uppl. veitir Ásdís hjá Akkurat 898-3474**

**T**

Akkurat FASTEIGNASALA STÓRHÖFÐA 27 Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast. 824 5051 Viggó Sigursteinsson lögg. fast. 824 5066 Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300



**NAUTAHLAUPID Í PAMPLONA** Sigmar keyrði allan Norður-Spán og endaði svo á því að hlaupa í nautahlaupinu í Pamplona 14. júlí.

## NAUTAHLAUP Á SPÁNI

„Árið 2003 flaug ég til Barcelona og ákvað að fara í öðruvísi ferð um Spán á eigin vegum. Við leigðum okkur bíl og keyrðum um Norður-Spán og vorum mjög frjáls. Ég ferðast öðruvísi um Evrópu en þegar ég er á meira framandi slóðum. Þannig reyni ég að finna mér bækur um öðruvísi gistimöguleika

en þessi stöðluðu hótél – svo sem á sveitahótélum, í gömlum höllum og jafnvel hlöðum.

Það er merkilegt með Spán að um leið og komið er út fyrir borgirnar er maturinn alltaf æðislegur, sama hversu lítill veitingastaðurinn er. Við rúntuðum á milli og fórum meðal annars niður til

Pamplona og ég ákvað að hlaupa í nautahlaupinu. Hlaupið er á hverjum degi í viku og mikil stemning í kringum þetta.

Þetta er nánast hættulaust því það er alltaf hægt að skjóta sér til hliðar undan nautinu, nema vera þeim mun drukknari, eins og margir þarna eru.“



Jaro fyrir valinu þar sem það þykir þægileg byrjunarganga.

## ÖNGUSKÓM

er það í einu skipti. Það er ólíklegt að ég vilji klífa annan stöfan var búin að hafa þótt við manni á flugslóð að því leyti mjög gott sem ég þurfti að hafa þóttir gönguskór, hlýr brúsi. Tjöldin, mat, hitt sá ferðaskrif-

stofan um. Ferðin var erfið þar sem ég fékk matareitrun og ég mæli með því að fólk taki með sér klósettappír því í þessu landi er búin að rækta alla mýkt úr plöntum – burknarnir eru meira að segja með göddum! Einnig er sniðugt að taka vatnsleysanleg vítamín með bragðefni því neysluvatnið er soðið upp úr sömu pottum og maturinn er soðinn í og bragðið því vont.“

## TIL CHILE MEÐ FJÖLSKYLDUNA

„Árið 2003 var ég að byrja á lokaári mínu í tölvunarfræði og ákvað að taka námið í fjarnámi og búa einhvers staðar á meðan þar sem ódýrt væri að lifa. Chile varð fyrir valinu og fluttum við til borgar á stærð við Reykjavík, Vina del Mar, sem er um klukkutíma frá Santiago. Kærastan mín skráði sig í nám í háskólanum og þriggja ára dóttir okkar var með í för. Skólinn útvegaði okkur húsnæði hjá fjölskyldu sem við ætluðum að vera

hjá í mánuð og finna okkur svo eigin leiguhúsnæði en okkur kom öllum svo vel saman að úr varð að við dvöldum hjá henni allan tímann, í heilt ár. Þegar við vorum ekki að læra notuðum við tímann í að ferðast og keyra um og keyptum okkur ódýran bíl. Chile er eitt þróaðasta land Suður-Ameríku og ég mæli tvímælaust með því að fólk noti sér tækifæri eins og fjarnám í að ferðast í leiðinni á skemmtilegar slóðir.“



**ÞJÓÐARRÉTTUR CHILEBÚA** Grillaður naggrís er þjóðarréttur Chilebúa og er hann borinn fram eins og hér sést – í heilu lagi.

## GÓÐ RÁÐ FYRIR FRJÁLSLEG OG FRUMLEG FERÐALÖG ÚR HANDRÁÐA SIGMARS

► Kaupu bara miða aðra leiðina. Þú veist ekki hvaðan þú munt fljúga aftur heim. Yfirleitt er ódýrast og best að fljúga í gegnum London, nema þú sért að fara til Suður-Ameríku, þá er yfirleitt best að fljúga í gegnum New York eða Orlando.

► Láttu ráðast hvert þú flýgur frá millistoppunum, svo sem London og New York, með því að skoða hvert þú færð ódýr flug. Vertu opinn fyrir tilboðum og nýjum stöðum því alls staðar í heiminum er áhugaverða staði að finna. Ekki láta fordóma og hræðslu, sem byggð er á litlum rökum, ráða ferðinni.

► Oft er gott ef þú ert að fara til staða eins og Suður-Ameríku, og ætlar þér að vera lengi, að byrja á því að skrá þig í skóla til að læra eitthvað í tungumálinu. Bæði kynnistu fólki og skólinn getur séð um að útvega þér húsnæði til að byrja með á meðan þú ert ná áttum.

► Góð regla ef þú ert að ferðast til frumstæðari staða: Vertu alltaf með pening á þér. Ferðatékkar og kreditkort eru sjaldnast tekin. Og bankinn getur þess vegna verið lokaður viku í senn.

► Gott er að muna að þótt flug til fjarlæggra staða séu oftast dýrari, er það fljótt að vinnast upp, því hótél og matur er yfirleitt hræðdýrt. Hægt er að finna hótél sem kosta allt niður í 200 krónur nóttin.

► Ekki vera hrædd við að prófa ódýr hótél. Því ódýrara hótéli sem þú gistir á, því líklegra er að þú kynnist fólki því oft er boðið upp á að deila herbergi með öðrum. Þannig geturðu oft hitt aðra ferðalanga sem eru að fara eitthvað spennandi og gaman að slást með í för. Það er líka alltaf betra, öryggisins vegna, að vera fleiri en einn eða tveir. Sjálfur hef ég aldrei lent í vandræðum með fólk.

► Vegabréfsskoðun getur tekið tíma í litlum landamærastöðvum. Verið því viðbúin því að þurfa að sýna þolinmæði. Á sumum stöðum þurfa þeir einfaldlega að hringja símtal til að fá það staðfest að Ísland sé hreinlega til.

► Vertu óhræddur við að leita þér hjálpar og spyrjast fyrir en hafðu fyrirvara á fólki sem er áfjád í að hjálpa þér að fyrri bragði og á það fyrst og fremst við í stórborgum. Úti í sveit er fólkið yfirleitt með alvöru og einlægum áhuga á að hjálpa þér.

► Ég nota alltaf tvær ferðabækur þegar ég ferðast um framandi staði. Annars vegar nota ég Lonely planet til að leita að gistingu og vel þá yfirleitt ódýra staði því mér er sama hvar ég gisti. Hins vegar finnst mér gott að borða góðan mat og til að finna bestu veitingastaðina nota ég Frommers mer til leiðsagnar. Frommers er líka góð sé fólk að leita að dýrari gistingu.

► Til er kort sem kallast Priority pass og fylgir það sumum kreditkortum. Kortið gefur þér réttindi til að nota flugvélabiðstofur fyrir fyrsta flokks farþega og er í raun alger nauðsyn á löngum ferðalögum því þá geturðu oft komist í sturtu, hvílt þig í rúmi, farið í tölvu og borðað á flugvellinum.

► Ekki vera smeyk við að taka börn með í ferðalög á framandi slóðir. Fólk með börn er til dæmis oftast treyst betur og ferðamönnum með börn betur tekið. Ferðalögin verða þannig oft mun meira gefandi.

► Sértu að fara á framandi slóðir, er oftast best að fljúga fyrst á höfuðborgina og leigja þér sæmilegt hótél í tvo daga meðan þú ert að ná áttum og jafna þig. Svo geturðu ákveðið í framhaldi hvað þú vilt gera. Ekki panta þér kofann á ströndinni hérna heima í pakkaferð og fara beint í hann. Þannig verður fólk oftast fyrir vonbrigðum því kofinn á eyðiströndinni líkist svo þegar á reynir einna helst Benidorm á vondum degi.

► Það þarf alls ekki að vera slæmt að ferðast á rigningartímabili á framandi slóðum, bæði er gisting ódýrari og minni túrismi.

**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**



**VIN Í EYDIMÖRKINNI** Lítið þorp í miðri eyðimörk Perú. Sigmar segir að það hafi verið afar surrealistískt að keyra í gegnum sand og svo allt í einu birtist lítið vatn og hús. Fjölskyldan notaði tækifærið og skellti sér á sandbretti.



**MACHU PICCHU – TÝNDA BORGIN** Yfirgefin Inkaborg í Perú og eitt frægasta kennileitið þar.



**PÁSKÆYJAR** Þegar Sigmar dvaldi í Chile fór hann meðal annars í ferðalag til Páskæyja og dvaldi þar með fjölskyldunni.

## FJALLAVEGIR Í PERÚ OG FLOTIÐ NIÐUR AMAZON

„Eitt af þeim ferðalögum sem við fórum í þegar við vorum í Chile var frábær ferð til Perú. Það þekktist ekki að ferðamenn leigi sér bílaleigubíl í Perú til að ferðast utan borgarinnar en við gerðum það engu síður og enduðum reyndar á því að þurfa að setja blýlaust bensín á bíl sem var gerður fyrir blýbensín en í sveitinni er aðeins selt blýlaust.

Við keyrðum suður með ströndinni og skoðuðum meðal annars Nasca-línurnar og sáum Inkarrústir, sem eru magnaðar því enn eru allar fornminjar óáreitnar í þeim. Leiðin lá svo til Titicacavatns sem er í fimm þúsund metra hæð og skoðuðum við sefeyjarnar frægu. Á þessu ferðalagi keyrðum við meðal annars fáfarinn fjallaveg til Lima en slíkt hafa túristar ekki gert því hryðjuverkasamtökin Skínandi stígur hafa verið virk á þessu svæði en

voru á þessum tíma að leggja upp laupana.

Aksturinn í gegnum fjöllin tók sextán tíma og sáum við þar afskaplega frumstæða hlið á Perú og mættum við aðeins um tveimur bílum alla þessa leið. Dóttir mín, sem er mjög ljóshærð, vakti mikla athygli en margir þarna höfðu aldrei séð ljóshært fólk áður og vakti það enn meiri kátínu þegar hún talaði svo reiprennandi spænsku.

Við enduðum svo í borginni Ayacucho, vígi Skínandi stígs, og þar höfðu varla sést ferðamenn. Við keyrðum til Lima og þar kvaddi ég fjölskylduna og ætlaði þá að sigla niður Amazon-fljótið. Ég flaug til þorpsins Pucalpa og kynntist þar nýrri hlið á Suður-Ameríku, Amazon-svæðinu, sem minnir meira á Filippseyjar en Suður-Ameríku.

Niðri á höfn fann ég bát sem

sigldi niður ána en tilhögun á slíkum ferðalögum með fljótabátum er þannig að maður tekur einfaldlega með sér hengirúm, hengir það á þilfarið og er þar svo í rúminu á leið niður ána – ég var í viku. Ég lenti á æðislegum bát með fullt af fólki og allir virtust þurfa að ferðast með hænuna sína með sér hvert sem þeir fóru. Ég greip að vísu fljótlega til skemmdarverka, þar sem Madonna var spiluð í botni allan sólarhringinn á þilfarinu, og klippti fljótlega á hátalaravírinn. Þá var þetta fullkomið – landslagið og upplifunin ótrúleg og maður naut þess að lesa og slappa af.

Einni sinni á leiðinni skipti ég um bát og þegar ég kom að landamærum Kólumbíu og Perú fór ég úr bátinum og flaug til Bogota, höfuðborgar Kólumbíu. Þaðan flaug ég til Orlando og svo aftur til Chile.“



**Á LEIÐ UPP** í nærri 5.000 metra hæð á leið upp til Titicacavatns.



## SRÍ LANKA

„Þarsíðustu jól var ég á leið til Indlands en var svo lengi að fá vegabréfsáritun þangað að ég hætti við og hélt þess í stað til Srí Lanka, en þangað þurfti enga vegabréfsáritun. Mér fannst heppilegt að fara þangað þar sem þar höfðu geisað óeirðir og því auðvelt að fá gistingu þar ódýrt. Auðvitað var ég þó búinn að kynna mér það að hryðjuverkin beindust ekki gegn ferðamönnum, þvert á móti reyna Tamílatígrar að gera vel við Vesturlandabúa og vinna sér inn stig. Ég flaug til London, þaðan til Dubai og svo til Srí Lanka. Flugíð kostaði í heild um 70.000 krónur en þetta var um jólin og mig lang-

**FÍLAR Í SRÍ LANKA** Sé ferðast með bílaleigubíl um Srí Lanka má sjá mikið af filum hist og her.

aði því að gera mér einhvern dagamun. Ég bókaði mig því inn á dýrasta hótelið, sem var bresk nýlenduhöll, en samt var gistingin ódýr. Þar borðaði ég fimm rétta hátiðarmat á jóladag og annan í jólum og ákvað svo að ferðast út fyrir borgina til minna þorps í fjöllum, Ella, en það fann ég í Lonely Planet-bókinni. Það var ótrúlega fallegt þorp og var ég þar í afslöppun í þrjá daga og hélt þá til Arugam Bay, brimbrettabæjar sem ég las um í sömu bók, og fór þangað með bílaleigubíl. Þar hafði enginn ferðamaður sést í tvær vikur en ég var svo heppinn að ég rambaði þar inn á hótél sem Íslendingur rak. Leigði ég mér strákofa á ströndinni og eyddi þar restinni af ferðinni í hengirúmi að lesa og leysa Sudoku.“

juliam@frettabladid.is

[www.ultimathule.is](http://www.ultimathule.is)  
Spennandi ferðir um allan heim





# Ferðaáætlun 2008

[www.fi.is](http://www.fi.is)

Ferðaáætlun FÍ er komin út



**Skógar Transylvaníu**

Hvernig væri að skjóta smá gotneskri hryllingsrómantik í lífið? Rúmenía býður upp á ævintýrlegt landslag – skógi vaxnar hæðir þar sem birnir og úlfar ráfa um villtir, og bændur á hestvögnum á rólegum sveitavegum. Rúmenía er að sjálfsögðu líka fæðingarstaður Drakúla greifa eða Vlad stjaksetjara þrátt fyrir að heimamenn segi vampírurina hreinan uppspuna írsku rithöfundarins Bram Stoker. Það er samt eflaust sniðugt að pakka hvítlauk í ferðatöskuna. Prófið gistiheimili Kalnokys greifa á [www.transylvaniacastle.com](http://www.transylvaniacastle.com)

**Sund og safarí í Malaví**

Afríka er án efa einn heitasti áfangastaðurinn árið 2008 og ógrynni af áhugaverðum stöðum að velja úr hvort sem það eru safarí- eða strandferðir. Spannandi hótél verður til dæmis opnað í Malaví í júlí en það er tíu herbergja skáli við Malavívatn með útsýni yfir hvíta strönd. Farið er í safaríferðir snemma á morgnana þegar dýrin eru á ferli og svo synt í kristalstæru vatninu undir heitri Afríkusól um eftirmiðdaginn. Athugið ferðir á [www.western-oriental.com](http://www.western-oriental.com)

**Leiktu Bond í Oman**

Zighy Bay á Musandan-skaga er óneitanlega ríkmannlegasti áfangastaður ársins. Eigendurnir segja að þeir hafi viljað mótisvar við hættulausu lífi okkar og bjóða þér meðal annars að mæta á staðinn í svifdreka, klifra í döldu-pálmatrjám og klífa hin einstöku Hajar-fjöll. Svo getur maður slakað á í hefðbundnum miðausturlenskum villum. Athugið [www.theprivatetravelcompany.co.uk](http://www.theprivatetravelcompany.co.uk)

**Túristalaus Kanaríeyja**

Íslendingar flykkjast til Kanarí á veturna og slík túristamergð höfðar ekki til allra. Hins vegar er eyjan El Hierro blessunarlega ferðamannalaus og er einstaklega athyglisverð. Einungis er hægt að nálgast þessa eldfjallaeyju með ferju og hún er dálítið ógnvekjandi sjón þar sem hún rís hátt upp úr sjónum. Flestir eyjarskeggjar búa svo ofan í eldgígnum El Golfo í höfuðborginni Valverde.

**De Niro-hótél í New York**

Íbúar stóra eplisins bíða spenntir eftir opnun hótelsins Greenwich Hotel í TriBeCa ([www.greenwich-](http://www.greenwich-)



Hverjir eru svölu og skemmtilegustu staðirnir á komandi ári? Hér eru nokkrir áfangastaðir úr alfaraleið.



hotelny.com) sem er í eigu stórleikarans Roberts De Niro. Heyrst hefur að innanhússhönnunin sé guðdómleg og skartar hún að sögn meðal annars sundlaug sem er uppljómuð af gamaldags lugtum og veitingastað þar sem loftið er búið til úr nítú þúsund vínkorkum.

**Indiana Jones-filingur í Sýrlandi**

Fyrir þá sem njóta þess að upplifa nýjan menningarheim er borgin Aleppo í Sýrlandi fullkomin. Hún er uppfull af skrýtnum götumörkuðum þar sem auðvelt er að villast

af leið og minnir mikið á fyrstu Indiana Jones-myndina. Prófaðu að gista í hinu klassíska Baron Hotel eða á Beit Wakil ([www.beit-wakil.com](http://www.beit-wakil.com)).

**Hjólaðu á lestarteinum í Svíþjóð**

Daltrail er stórsniðugur hjólavagn sem er notaður á gömlum lestarteinum í vatnahéraðinu Svanskog fyrir norðan Gautaborg. Þú hjólar sumsé eftir teinum í villtri náttúru þar sem enga vegi er að finna en elgir eru fjölmargir. Á áfangastað getur þú svo slegið upp tjaldi

eða snúið heim eftir ári á kanó. Kíktu á [www.daltrail.se](http://www.daltrail.se)

**Marquez-stemming í Kólumbíu**

Cartagena í Kólumbíu er sögusvið meistaraverksins Ástin á tímum kólerunnar eftir Gabriel Garcia Marquez. Borgin er fræg fyrir eiturlyf og ofbeldi, en það sem kemur á óvart við hana nú til dags er að hún er ekkert hættuleg. Cartagena er hins vegar afskaplega sjarmerandi með gömlum spænskum byggingum og einnig er hægt að skreppa í ævintýraferðir í Amazon-

frumskóginn og í Andes-fjöllin. Athugið [www.lastfrontiers.com](http://www.lastfrontiers.com)

**Lemúrdýr og kameljón á Madagaskar**

Munið þið ekki eftir teiknimyndinni? Madagaskar er ekkert ósvipuð henni, fáir ferðamenn og undarlegar dýrategundir. Nú býst lúxusdýrum fágætur kostur á eyjunni við Afríkustrendur, en það er Mandrare River Camp í skógum Ifotaka í suðri. Þar er einnig hægt að heimsækja forna grafreiti og læra að skjóta úr teygjubyssu eins og innfæddir. Athugið [www.audleytravel.com](http://www.audleytravel.com)

**Buddha Bar hótél í Prag**


Meginstraumurinn liggur til Tallinn þessa dagana þannig að smartsettið er farið að fara aftur til Prag. Ekki er nóg með að þessi miðaldaborg í Mið-Evrópu sé undurfögur heldur er verið að opna þar nýtt hótél með sömu eigendum og hinn frægi Buddha Bar. Hótelið heitir [www.buddha-bar-hotel.com](http://www.buddha-bar-hotel.com). Einnig er breski hótélmaðurinn Rocco Forte að opna nýtt hótél í gömlu 13 aldar klaustri sem kallast The Augustine ([www.roccofortecollection.com](http://www.roccofortecollection.com)) og á að vera súper smart.

**Glamúr í Beirút**

Einu sinni var þessi stríðshráða borg nefnd París Mið-Austurlanda og þotulið þyrptist þangað. Berút er enn dásamlega litrík borg þar sem fólk kann sannarlega að borða góðan mat og skemmta sér. Hinn breski Gordon Campbell Gray opnar hótelið Le Gray í sumar og segir sjálfur að Beirút sé heimsins skemmtilegasta borg. Eina hættan sem gestir hans geti lent í sé að freistast til að reykja vindil á hinum ofurfallega vindlabar á hótelinu. [www.campbellgrayhotel.com](http://www.campbellgrayhotel.com). Hægt er að fljúga til Beirút með bæði British Airways frá London og Air France frá París. [www.campbellgrayhotels.com](http://www.campbellgrayhotels.com)

**Viltar nætur á Mykonos**

Þessi gríska eyja er víðfræg fyrir næturlíf sitt og er reyndar einnig vinsæll áfangastaður samkynhneigðra. Flottir næturklúbbar eru meðal annars Cavo Paradiso ([www.cavoparadiso.gr](http://www.cavoparadiso.gr)) og The Paradise Club ([www.paradisoclub-mykonos.com](http://www.paradisoclub-mykonos.com)). Smartasta hótelið er án efa Mykonos Grace, sem er gert upp í Philippe Starck-stíl þar sem öll herbergi skarta stórum svölum með heitum pottum. ([www.mykonosgrace.com](http://www.mykonosgrace.com))



Nánari upplýsingar á [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is) og í síma 534 5000

# EINSTÖK UPPLIFUN



## 5 STJÖRNU HELGAR Í BERLÍN

HOTEL DE ROME • HOTEL HILTON BERLIN

Helgarferðir (fimmtudag-sunnudags) á tvö glæsilegustu hótél Berlínar.  
Frábær staðsetning, með öll helstu kennileiti borgarinnar í göngufæri.  
Takmarkað sætaframboð - Verð frá kr. 67.000 á mann í tvíbýli - Bókaðu strax!



[www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Samstarfsaðili GB ferða



[www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is)



# PÓSTKORT FRÁ BÓLIVÍU

Klængur Gunnarsson ferðaðist til Cochabamba

Cochabamba er þriðja stærsta borg Bólívíu og ein sú mest lifandi. Meðal annars er hægt finna risastóra útmarkaðinn „La Cancha“ en hann er líklegast sá stærsti í Suður-Ameríku. Þar er hægt að finna allt frá litríkum fatnaði innfæddra, varahlutum í reiðhjól, mat, hljóðfæri og fleira. Lífið í þessari borg sem heimamenn kalla „Borg eilífs vors“, vegna afar milds veðurfars allan ársins hring, er fjölbreytt og litríkt. Á hverju götuhorni í miðbænum selur fólk ýmsar vörur, tónlistarmenn spila á torgum og himnhá stytta af Jesú teygir anga sína og vakir yfir bænum.



## HEIMAMAÐURINN

KRÍSTÍN AGNARSDÓTTIR,  
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR OG NEMI

### ► SAN FRANCISCO

**UPPHALDSVERSLUNARGATAN:** Fillmore St. í Pacific Heights. Þar eru allar litlu búðirnar sem alltaf vantar í miðbæina í stórborgum. Laust við Gap, Old Navy og fleiri leiðinlegar keðjuverslanir.

**FALLEGASTA KAFFIHÚSIÐ TIL AÐ STOPPA Á:** Farley's á 18du í Potrero Hill er alltaf jafn frábært. Ásamt góðu kaffi

og bakkelsi fást þar bestu og flottustu tímaritin. Starfsfólkið er það svalasta sem fyrirfinnst og því álitur maður sig hálf heppinn að hafa lent þar inni. [www.farleyscoffee.com](http://www.farleyscoffee.com)

**SMARTASTI BARINN:** Endalaust margir flottir og allar gerðir í boði. Bestu hverfin til að fá sér drykk eru Haight og Lower Haight, ásamt SOMA-hverfinu (South of Market) sem er þó heldur skuggalegt, en fólk lætur það sjaldan stoppa sig. Valencia Street í Mission-hverfinu býður líka upp á fjölmarga möguleika.

**EKKI MISSA AF ...** Útsýninu uppi á Twin Peaks, og Bay to Breakers-hlaupinu sem árlega er haldið þriðja sunnudag í maí. Þó að þeir hafi nýlega bannað nekt eru hlaupararnir oftast en ekki af skrautlegri gerðinni.

**NEFNDU TVO BESTU VEITINGASTAÐINA Í BORGinni:** Nopa á Divisadero við Hayes er í dýrari kantinum en þó þess virði, og biðarinnar. Magnolia Bistro á Haight við Masonic býður svo upp á klassískari pöbbumat og eigin bjórframleiðslu með San Francisco-tvisti, allt náttúrulegt og framleitt í heimabyggð.

**HVAR ER HÆGT AÐ UPPLIFA HINA GÖMLU HIPPASTEMNINGU BORGARINNAR?** Á Haight Street er fræga hipparhornið Haight/Ashbury. Þar í kring lifir þessi gamli tími góðu lífi (um of á köflum) og margir virðast hafa festst í skynörvandi skræpóttum bolum sem anga stöðugt af ódýru reykelsi.

**NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN ?** Kaffihúsakeðjan Boulangerie Bay Bread. Erfitt að finna betri dögurð í bænum, og súperfint kaffi.

**BESTI STAÐURINN TIL AÐ FARA MEÐ BÖRN:** Fisherman's




Wharf og sæljónin þar ættu að slá í gegn, sem og Alcatraz-fangelsið en hægt er að sigla þangað og fara í leiðsögutúr um gangana. Dagskrá Golden Gate-garðsins er svo hægt að skoða en þar eru reglulegar uppkomur fyrir fjölskyldufólk.

**ÞAÐ SEM KEMUR MEST Á ÓVART VIÐ SAN FRANCISCO ER ...** Hversu auðvelt er að rata um göturnar. Ef hægt er að ná sáttum við að sjó sé að finna í þrjár áttir er þetta leikur einn. Einnig furða ég mig enn á hversu ólíkt veðurfar getur fundist milli hverfa í borginni en hæðirnar og dalirnir og sjórinn allur skapa mörg lítil veðursvæði.

# Fáðu meira fyrir ferðina

Velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar



ÍSLENSKA SÍÐAS FLEI AÐSÁ 01.2008



## Gerðu bestu kaupin í upphafi ferðarinnar

Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðustu misserin. Verslunar- og þjónusturýmið hefur ríflega tvöfaldast og fjölmargir nýir rekstraraðilar bæst í hópinn. Veitingastöðum fjölga jafnt og þétt og úrval verslana og vöruframboð hefur aldrei verið glæsilegra.

## Fáðu meira – mættu fyrr!

Við hvetjum alla farþega til að mæta tímanlega og njóta alls þess sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur að bjóða. Farþegar Icelandair geta nýtt sér sjálfsafgreiðslustöðvar – innritun tekur innan við mínútu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á [airport.is](http://airport.is)



ferð til fjár  
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



## UNGRÚ INGVELDUR ... fer í vínsmökkunarferð til Bordeaux

Ingveldur vill vita meira um frönsk eðalvín. Hún er með kampavín í bláum æðunum. Bragðaði á sínum fyrsta kampa-víndreitli þegar hún var ný mánaða gömul í kokkteilpartí með foreldrum sínum. Freyðandi munnyfillin gleymdist aldrei. Þegar hún fékk svo auglýsingu frá vínklúbnum um vínsmökkunarferð til Bordeaux-héraðsins í Frakklandi vissi hún að þetta væru forlög. Örlög hennar og Bordeaux voru samantvinnuð í orgíu sætra þrúgna og einhvers staðar í bakgrunninum sveimuðu dökk augu dularfulls fransmanns. Svo settist hún með Dior-sólgleraugun í gluggasæti í TGV-lestinni frá París og tók Marcel Pagnol upp úr spánnýju Hermés-handtöskunni.



„Þetta er nú eitthvað annað en þetta Gallo-sull,“ segir maðurinn í 66°N-peysunni í sætinu á móti við eiginkonu sína og mundar litla flugvélaflösku af frönsku rauðvíni með skríftappa. Ingveldur er að fatta að síðustu sætin í vínsmökkunarferðinni voru á útsölu. Þegar á leiðarenda er komið blasir við dásamleg en dálítið hrörleg frönsk villa. Maður sem gæti verið tvífari Johnny Depp birtist í anddyrinu og heldur á dauðri kanínu. „Je m'appelle Jean-Luc,“ segir hann rámrí Gitane-þvældri röddu og Ingveldur deyr þúsund litlum dauðögum. Í vínsmökkunarferð næsta dags er Jean-Luc lifandi biblíu vínandans. Hann réttir Ingveldi vínglas eftir vínglas og á bjagaðri ensku útskýrir hann hvernig hún geti fundið bragð og ilm af myglu, bláberjum, sveppum og trjám úr hinum djúprauðu veigum. Ingveldur er hætt að hrækja víninu út úr sér. „Il faut vivre,“ hugsar hún um leið og hugurinn reikar að fögru svörtu yfirvararskeggi Jean-Lucs. „Æ ég veiddaðekki Ásta mín, ég er nú hrifnari af þessum áströlsku,“ gellur í bjúguðu rauðu fési úr Íslendingahópnum. „Það er bara svo miklu meiri fylling í þeim.“ Svo heldur hann áfram syndandi augum. „Þessir Frakkar halda enn að heimsveldið og vínið sé þeirra,“ segir hann og glottir. Kona hans flissar. „Jú nó, I think that you frogs lost against the New World,“ bætir hann við og bankar kumpánlega á axlir fransmannsins. Og fær stig hjá öllum hinum karlkyns Íslendingunum sem er í nöp við Jean-Luc og allt hans bölvada kyn sem þykjast vera eitthvað betri elskhugar en allir aðrir.

En næsta morgun veit Ingveldur svo miklu betur. Og brosir hljóðlátu og makindalegu brosi á meðan hún setur upp sólgleraugun á ný.

## BESTU VALENTÍNUSARHELGARNAR

HINN 14. FEBRÚAR ER RÓMANTÍSKASTI DAGUR ÁRSINS OG UPPLAGT AÐ BJÓÐA ELSKUNNI Í HELGARFERÐ.

**FENEYJAR** Þessi ævintýralegi staður hefur áhrif á alla sem koma þangað. Fagrar byggingar, gondólar og dásamlegur matur gera ferð til Feneýja ógleymanlega.

**PARÍS** Það er alltaf rómantískt í París, alveg sama hver árstíminn er. Gangið hönd í hönd eftir Signubökkum, fáið ykkur ís á Île Saint-Louis, röltið í gegnum antikmarkaði og gangið tröppurnar upp að Sacré-Cœur.

**BRUGGE** Miðaldaborgin Brugge í Belgíu er afar rómantísk og falleg. Fullkomin fyrir þá sem hrífast af gömlum arkitektúr, frábærum mat og besta súkkulaði í heimi.

**AMSTERDAM** Af einhverjum ástæðum eru borgir með síkjum alltaf taldar þær rómantísk-

ustu. Amsterdam hefur verið kölluð Feneýjar norðursins og ekki að ástæðulausu. Litlar þröngar götur, fallegur arkitektúr og skemmtilegt andrúmsloft.

**PRAG** Ein skemmtilegasta borg Austur-Evrópu og er orðin afar smart. Gnægð af flottum hótélum og veitingastöðum og kastalinn og Karls-brúin eru víðfræg fyrir rómantik sína.

**KAUPMANNAHÖFN** Kósí blanda af gömlu og nýju og ávallt rómantísk. Njótið þess að röltla um göturnar, setjast á kaffihús eða fara saman í Tivólílið.

**FLÓRENS** Maður missir andann yfir stórfenglegum byggingum, kirkjum, gördum og söfnum og ástin svífur yfir vötnum.



**BÚDAPEST** Rómantik á bökkum Dónár með angurværan leik sígauna í bakgrunninum. Njóttu þess að skoða gamla hlutann því þar eru ótrúlegar byggingar og kirkjur, og borðaðu svo gúllas við eitt af hinum fallegu torgum.

Glæsileg lúxusgisting Gran Bahia Principe Jamaica

Opnaði í des. 2006

Allt innifalið í 10 eða 11 daga - frá aðeins **149.990 kr.**

Frábær kjör - takmörkuð gisting

Frá **104.990 kr.** - allt innifalið\*

# Jamaica

**14. febrúar** – 10 nætur **og 24. febrúar** – 11 nætur

Jamaica er ein fegursta eyja Karíbahafsins og hún býður stórkostlega náttúruferð og veðurfar. Á Jamaica ríkir einnig einstakt andrúmsloft og menningin á sér vart hliðstæðu í Karíbahafinu. Sandstrendurnar eru drífhvítar og með þeim fegurstu í heimi. Eyjan skartar náttúruperlum eins og Dunn's fossunum, Blue Mountains og YS fossunum sem eru einstakar og láta engan ósnortinn. Reggíe tónlistin ómar allsstaðar, taktur Bob Marleys fægasta sonar Jamaica. Þeir sem hafa komið til Jamaica eru flestir sammála um að eyjan hafi einstakt aðdráttaraf. Hún er einn þessara heillandi áfangastaða Karíbahafsins sem laða ferðmenn til sín aftur og aftur.

**Gran Bahia Principe Jamaica – allt innifalið**

Stórglæsilegt, árs gamalt fimm stjörnu glæsihótel við ströndina í Runaway Bay. Hér finnur þú alla þá þjónustu í fríinu sem hægt er að óska sér. Glæsilegan garð með 3 sundlaugum, barnalaugum, fjölda veitingastaða, bara, verslana, líkamsrækt og tennisvöllum. Golfvöllur og fjölbreytt sjósport í nágrenninu. Hótelid er með 700 herbergjum sem öll eru svitur með nuddbaðkari. Öll herbergi eru með gervihnattasjónvarpi, síma, loftkælingu, baðherbergi, öryggishólf og svölum/verönd. Þetta er stórglæsilegt hótel og örygglega eitt það allra besta á Jamaica – hér er dekr- að við þig í aðbúnaði og þjónustu.

**Allt innifalið:**

- Morgunverðarhlaðborð
- Hádegisverðarhlaðborð
- Kvöldverður (val um 5 veitingastaði)
- Innlendir drykkir
- Aðgangur að diskóteki hótelsins
- Aðgangur að líkamsrækt
- Sólbekkir, sólliflar og handklæði
- Skemmtidagskrá á daginn og kvöldin
- Minibar m/vatn, gos og bjór (fyllt á daglega)
- Köfunarkennsla í sundlauginni (1 klst.)
- Frítt á brimbretti, tennis, báta án mótors eða reiðhjól (í 1 klst.)

**Öll herbergi eru svitur**

**Hvað er í boði**

- 5 veitingastaðir
- 5 barir
- 3 sundlaugar
- Verslanir
- Öryggishólf (gegn gjaldi)
- Barnagæsila
- Líkamsrækt
- Heilsulind
- Barnaklúbbur
- Tennisvöllur
- Fjölbreytt sjósport
- Diskóteki
- Píanó bar, Karaoke bar og sport bar
- Mótor- og reiðhjólaleiga
- Lækniþjónusta
- Golf, Runaway Bay Golf Club
- Kayakar
- Skemmtidagskrá fyrir börnin

Allt innifalið í 10 eða 11 nætur - frá aðeins **104.990 kr.** - allt innifalið

**Shaw Park Beach Hotel & Spa**

Shaw Park Beach Hotel & Spa er gott fjögurra stjörnu hótel staðsett við fallega strönd og í göngufæri frá Ocho Rios bænum. Hótelid býður góða aðstöðu og góðan aðbúnað fyrir gesti. Aðstaða og aðbúnaður hótelsins var endurnýjuð verulega árið 2005. Herbergin eru rúmgóð og smekklega innréttað í karabískum stíl, með gervihnattasjónvarpi, síma, loftkælingu, öryggishólf, straujarni- og borði, baðherbergi með hárpurku og svölum/verönd. Sundlaugargarður og falleg strönd við hótelid. Þrjú veitingastaðir eru á hótelinu, barir, líkamsræktarstöð, spilasalur, heilsulind/spa (gegn gjaldi) og margt fleira. Á hótelinu er allt innifalið sem felur í sér morgun- og hádegisverð, miðdagshressingu og kvöldverð, innlenda drykki, aðgang að líkamsrækt, sólbekkir, og strandhandklæði, stutt köfunarkennsla í sundlauginni, notkun báta án mótors o.fl. Golfvöllur er staðsettur stutt frá hótelinu. Stutt er í mannlífið fyrir þá sem kjósa að leita út fyrir hótelid.

\*) Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli með allt innifalið í 10 nætur, 14. febrúar. Ferð 24. feb. (11 nætur) kostar aðeins kr. 2.000 aukalega. Ath. mjög takmörkuð gisting í boði á þessu sérstaka tilboðsverði.

## FRÆNDI DAVÍÐS MEÐ AFBURÐA- PEKKINGU Í EVRÓPURÉTTI

Skipan Ólafs Barkar Þorvaldssonar í embætti hæstaréttardómara, frá 1. september 2003, olli miklu fjaðrafoki. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði Ólaf Börk í embætti.

Skipan Ólafs Barkar þótti umdeild þar sem hann og Davíð Oddsson eru systkinabörn, en Davíð var á þessum tíma formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra. Einnig var það mat dómara við Hæstarétt að hann væri ekki hæfastur umsækjenda.

Ólafur Börkur er lögmaður frá Háskóla Íslands, útskrifaðist með 7,16 í meðaleinkunn árið 1987. Hann starfaði sem héraðsdómari árið 2002 lauk hann meistaraþrófi í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, með afburða-einkunn. Sérhæfing hans á sviði Evrópuréttar var talin honum til tekna, þegar skipanin var rökstudd.

Þessu mati voru ýmsir álitsgjafar ósammála og umsögn hæstaréttardómara var á annan



veg. Umsækjendurnir Ragnar H. Hall og Eiríkur Tómasson þóttu hæfari. Upp hófust þá deilur um hvernig verklag við skipan dómara ætti að vera.

„Til að tryggja sjálfstæði dómsvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu, og efla eftirlit löggjafans með því, þarf aðkomu Alþingis að skipan hæstaréttardóm-

ara,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson, núverandi viðskiptaráðherra, meðal annars í pistli í útvarpsþættinum Speglinum í Ríkisútvarpinu. Fleiri stjórnáamenn viðruðu svipaðar skoðanir á opinberum vettvangi. Þá upphófust einnig umræður um hvort það væri eðlilegt að hæstaréttardómara röðuðu umsækjendum í hæfiströð í umsögn sinni.

Aðrir umsækjendur voru Allan Vagn Magnússon, Eggert Óskarsson, Eiríkur Tómasson, Hjördís Hákonardóttir, Jakob R. Möller, Ragnar H. Hall og Sigrún Guðmundsdóttir.

## Auglýsingasími

# 512 5050



- Mest lesið



## HÆTTI EFTIR EINN DAG

Auðun Georg Ólafsson var ráðinn fréttastjóri 9. mars 2005 eftir að útvarpsráð mælti með honum í starfið. Ráðningin var mjög umdeild. Starfsfólk Ríkisútvarpsins mótmælti ráðningunni og taldi hana ekki vera byggða á faglegum sjónarmiðum „heldur pólitískum“ eins og haft var eftir Jóhanni Haukssyni, sem var dagskrárstjóri Rásar 2 á þeim tíma sem Auðun Georg var ráðinn.

Jóhann var einn af fimm umsækjendum sem forstöðumaður fréttasviðs, Bogi Ágústsson, mælti með. Jóhann sagði upp störfum í kjölfar ráðningarinnar og starfsmenn Ríkisútvarpsins mótmæltu harðlega. Einkum var deilt um það hvort Auðun Georg hefði menntun og reynslu sem nýttist í starfi.

Þegar Auðun var ráðinn hafði hann lokið MA-námi í stjórnmálafræði frá Kaupmannahafnarháskóla auk viðbótarnáms við lagadeild Tohoku-háskólans í Japan. Hann var fréttamaður í hlutastarfi hjá Stöð 2 og Bylgjunni á árunum 1993 til 1999 en hafði að öðru leyti litla reynslu af ritstjórnarvinnu.

Fréttamenn sögðu augljóst að Auðun hefði ekki það sem þyrfti í starfið en Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, þáverandi formaður útvarpsráðs, taldi Auðun bera af hvað hæfi varðar þar sem reynsla hans af rekstri og stjórnun vægi þyngra en hjá öðrum umsækjendum. Þessu mati voru starfsmenn RÚV ósammála og sögðu rökinn fyrirslátt svo hægt væri að ganga erinda stjórnáamálafla en Auðun var tengdur við flokksstarf Framsóknarflokksins. Auðun neitaði því alltaf í viðtölum að hann hefði verið ráðinn í starfið vegna pólitískra tengsla. Slíkt hið sama gerðu útvarpsráðsfulltrúar.

Eftir því sem tíminn leið magnaðist óánægja starfsmanna RÚV. Fréttir af óánægju á fréttastofum Útvarps og Sjónvarps voru áberandi í fréttum hjá fréttastofunum sjálfum á þessum tíma. Svo fór að starfsmenn RÚV skoruðu á Auðun að taka ekki við starfinu. Hann mætti til starfa en vann aðeins í einn dag þar sem samstarfsvilji bróðurpartar starfsmanna RÚV virtist ekki fyrir hendi.

## LEIÐTOGAR VERÐA EKKI TIL FYRIR TILVILJUN

### Master

**RENAULT MASTER**  
VERÐ FRÁ KR. 3.160.000  
VERÐ FRÁ KR. 2.538.152 ÁN VSK.  
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 47.715  
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 38.326 ÁN VSK.\*

### Trafic

**RENAULT TRAFIC**  
VERÐ FRÁ KR. 2.520.000  
VERÐ FRÁ KR. 2.024.096 ÁN VSK  
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 38.052  
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 30.563 ÁN VSK.\*

### Kangoo

**RENAULT KANGOO**  
VERÐ FRÁ KR. 1.698.000  
VERÐ FRÁ KR. 1.363.855 ÁN VSK  
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 25.639  
FJÁRMÖGNUNARLEIGA KR. 20.594 ÁN VSK.\*

[www.renault.is](http://www.renault.is)

  
**ATVINNUBÍLAR**  
FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

[www.atvinnubilar.is](http://www.atvinnubilar.is)

### RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneyni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýttist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneyni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínu. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

### B&L ATVINNUBÍLAR

GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS



\* Fjármögnunarleiga m. v. 60 mána. lán í erlendri mynktörfu (50% chl og 50% jpy) með 20% útborgun, með og án vek.



## Ert þú efni í góðan ökukennara?

Ökukennaranám á vegum Símenntunar – Rannsókná – Ráðgjafar Kennaraháskóla Íslands hefst í júní 2008, fáið til þess næg þátttaka. Upplýsingar um inntökuskilyrði og fyrirkomulag náms má fá á vefslóðinni <http://srr.khi.is/okukennaranam> eða hjá Arnaldi Árnasyni, verkefnastjóra ökukennaranáms, sími: 5634888 (kl. 9-12). Netfang: [arnarnas@khi.is](mailto:arnarnas@khi.is).

Umsóknarfrestur til 15. febrúar.



„Hugurinn ber þig alla leið“

### Kári Eyþórsson MPNLP

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fáir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.

NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

Námskeið í NLP tækni verður haldið 22.-24.febr. og 29.febr.-02.mars 2008.

[www.ckari.com](http://www.ckari.com); Mail: [rosa@ckari.com](mailto:rosa@ckari.com); Sími: 894-2992

JOHN C. REILLY

# WALK HARD

THE DEWEY COX STORY

9 HVER VINNURI!

FRÁ GAURNUM SEM FÆRDI ÞÉR **KNOCKED UP** OG **SUPERBAD** FRUMSÝND 1. FEBRÚAR

SENDU JA WHF Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNID!  
Vinningar eru Bíómíðar fyrir tvo, tölvueikir, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRA BÍÓ REGNBOGINN

Auglýsingasími

# 512 50 50

Mest lesið

## STUÐ MILLI STRÍÐA Að fara langt yfir strikið

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR TALAR UM TILGANGSLAUSAR BRJÓSTABIRTINGAR



Í vikunni komst keppni í Morfís, mælsku- og rök-ræðukeppni framhaldsskólanna, í fréttirnar. Lengi hefur verið reynt að koma keppninni almennilega á framfæri í fjölmiðlum og við almenning. Morfís hefur nefnilega alltaf verið í skugganum af Gettu betur, sem allir landsmenn þekkja. Í báðum keppnunum hefur sama vandamálið verið viðvarandi: hveru fær stelpur taka þátt.

Fyrir ekki svo löngu síðan keppti ég í þessari keppni. Ég var eina stelpa í mínu liði, og flest liðin voru eingöngu skipuð strákuum. Menntaskólinn sem ég var í hefur unnið keppnina oftast, alls níu sinnum, en samt skilst mér að ég sé

önnur tveggja kvenna sem hafa verið í sigurlíði skólans.

Liðin hafa yfirleitt lagt mikið á sig til þess að vekja athygli dómara, og það hefur tíðkast að ganga aðeins fram af fólki. Þetta hefur svo gengið lengra og lengra, og loks kom að því að það var farið yfir strikið. Og það alveg ofboðslega langt.

Liðsmaður Borgarholtsskóla sýndi mynd af andstæðingi sínum, stelpu, þar sem sást í brjóst hennar. Þetta kom rök-ræðukeppni kvöldsins ekki við á neinn hátt og þjónaði engum tilgangi. Þjálfari Borgarholtsskóla kom í framhaldinu í viðtal þar sem hann sagði að sýning myndarinnar hefði ekki verið til að lítillækka stúlkuna sem um ræddi.

Það hlýtur þó að vera öllum ljóst að það var eini tilgangurinn sem mögulega gat komið til greina.

Ég held að lið Borgarholtsskóla og þjálfari þess hafi ekki gert sér almennilega grein fyrir afleiðingum þessa máls. Ég held að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri kvenfyrirlitningu sem felst í myndbirtingunni. Þeir sýndu hins vegar með því mikið dómgreindarleysi, og gleymdu atriði sem þarf að taka tillit til í ræðukeppnum sem og annars staðar – aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Á meðan svona er komið fram við þær fáu stelpur sem hafa kjark til að taka þátt í þessum keppnum er ekki mikil von til þess að þeim fjölgi.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







## Kl. 14

Listasafn Íslands býður upp á leiðsögn Þóru Þórisdóttur myndlistarmanns um sýningu á verkum Kristjáns Davíðssonar í dag kl. 14. Í leiðsögninni fjallar Þóra um verk Kristjáns í tengslum við hið sjálf-sprottna í rómantískum hugmyndum um listsköpun og í ljósi listastefna á borð við art brut, óformlega list og abstrakt expressjónisma.

# menning

menning@frettabladid.is

## Óperufræðsla

Íslenska óperan frumsýnir óperuna góðkunnna La traviata eftir ítalska tónskáldið Giuseppe Verdi í febrúar næstkomandi. Í tilefni af því stendur áhugasömum til boða að fræðast um verkið frá tveim sérlegum sérfræðingum í málinu.

Þeir Garðar Cortes og Bergþór Pálsson hafa báðir reynt af því að syngja eitt þriggja aðalhlutverkanna í fyrri uppfærslu Íslensku óperunnar á La traviata. Þeir kumpánar hafa nú tekið að sér fræðslustörf fyrir Vínafélag Íslensku óperunnar í tengslum við þessa nýjustu uppfærslu á verkinu.

Garðar Cortes, sem er tenórsöngvari og söng hlutverk Alfredo Germont í fyrstu uppfærslu Íslensku óperunnar á La traviata árið 1984, mun stýra námskeiði hjá Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands þar sem óperan er til umfjöllunar. Námskeiðið spannar þrjú kvöld og á lokakvöldinu fer hópurinn á sýningu á verk-

inu og nýtur þannig fræðslunnar sem hlotist hefur út í ystu æsar.

Þar munu námskeiðsgestir eflaust hitta fyrir Bergþór Pálsson, því hann mun kynna verkið fyrir áheyrendum, sem áhuga hafa, á hverri sýningu fyrir utan frumsýningu, þeim að kostnaðarlausu, 45 mínútum áður en sýning hefst. Bergþór, sem er baritónsöngvari, söng hlutverk Giorgio Germont, í uppfærslu Íslensku óperunnar á verkinu árið 1995.

La traviata er ein þekktasta og vinsælasta ópera sögunnar. Hún segir frá fylgdarkonunni Violetta, sem verður ástfangin af ungum aðalsmanni, Alfredo. Faðir hans, Giorgio, neyðir Violettu hins vegar til að gefa Alfredo upp á bátinn, til að bjarga heiðri fjölskyldunnar. Í nýjustu uppfærslu Íslensku óperunnar á verkinu eru það þau Sigrún Pálmadóttir, Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Tómas Tómasson sem syngja aðalhlutverkin.



BERGÞÓR PÁLSSON SÖNGVARI Fræðir óperugesti um La traviata.

## Iceland.today: yes! Ástæða til að lifa!

### LEIKLIST

#### norway.today

eftir Igor Bauersima  
Þýðandi: María Kristjánsdóttir  
Leikmynd: Högni Sigurþórsson  
Ljós: Benedikt Axelsson  
Myndvinnsla: Halldór Snær Bjarnason og Högni Sigþórsson  
Leikstjóri: Vigdís Jakobsdóttir

★★★★

Trúverðug og áhrifamikil sýning um mikilvægt álitamál: Er lífið þess virði að lifa því?



LEIKLIST Þórir Sæmundsson og Sara Marti Guðmundsdóttir í vandaðri sýningu fyrir ungt fólk og þá sem eldri eru að auki.

Um þessar mundir þeysast ungr listamenn úr Þjóðleikhúsinu um landið og sýna öðrum ungmennum leikritið norway.today, leiksýningu sem sniðin er fyrir þann hóp sem verið er að höfða til. Á Akrahúsi á fimmtudaginn létu nemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands sig ekki vanta í hátíðarsalinn eftir að búið var að breyta honum í leikhús. Nemendur á svipuðum aldri og aðalpersónur verksins með GSM-síma í höndum, hlaðin samlokum, gosdrykkjum með i-potta hangandi í bandi, fylltu salinn þrátt fyrir handboltann. Unglingarnir í verkinu voru líkir þessum ungu áhorfendum sem tóku sýningunni ákaflega vel.

Þau Ágúst og Júlía kynast á netinu. Það er kunnuglegt. Þau eru leitandi. Það er kunnuglegt. Þau eru græjufólk. Það er kunnuglegt. Þau tala um sjálfa sig. Það er kunnuglegt. Þau vilja fremja sjálfsmorð saman. Er það kunnuglegt? Þau eru að prófa sig í umhverfinu, í lífinu og spegla sig hvort í öðru. Það er kunnuglegt.

Ungmenni sem sjá engan tilgang með lífinu og vilja finna tilgang með því að fyrirfara sér en enda svo brosandir og ástfangin, það er léttir. Hitt er svo annað mál að sjálfsvíg eða hugdettur um sjálfsvíg ungmenna er því miður eitt af þeim fyrirbærum um hegðun í samfélaginu sem hefur faraldursáhrif og því mjög viðkvæmt umfjöllunarefni. Það eru aðeins örfáir dagar síðan sagt var frá því í fréttum að sjö ungmenni í sama bæ hefðu fyrirfarið sér í Stóra-Bretlandi eftir að hafa haft um það samráð á netinu.

Það er vandasamt að búa til listaverk af þessu tagi og mikilvægt að gera grín með ábyrgð og nálgast alvöruna með ábyrgð en

það tekst höfundu snilldarlega í sínu handriti. Leikhópnum hér tekst einnig að glæða verkið því lífi að fara úr kvíða yfir í létti, yfir í laufletta framtíðarsýn, enda mátti sjá það á andlitum áhorfenda þegar þeir fögnuðu listamönnum í leikslok.

Þau heita Júlía og Ágúst og klifra saman upp á háan klett einhvers staðar í Noregi með það í huga að varpa sér oní djúpan fjörð saman. Það er ekki nema í blábyrjun sem við trúum að það geti gerst. Að þau heita Ágúst og Júlía er líka ákveðinn léttir, því allir vita jú hvernig fór fyrir þeim Róméó og Júlíu.

Áhorfendum voru sjálfir beðnir um að skrifa umsögn um sýninguna og hverjum manni rétt til þess ákveðið eyðublað þar sem meðal annars er spurt:

Gætu Ágúst og Júlía verið til í alvörinni? Eru þau trúverðugar persónur? Jáhá, svaraði falleg ljóshærð stúlka og vinkonur hennar í bekknum kinkuðu kalli til samþykkis. Það er einmitt styrkur þessarar sýningar að ungmenni tvö eru svo fjárir trúverðug.

Þórir Sæmundsson, sem menntaður er í Noregi, lék hinn vandræðalega Ágúst og varð að þeim hettupeysustrák sem við öll þekkjum, vandræðalegur, hallærislegur, blíður, fyndinn, örlítið nördalegur og ekki þunglyndari en það að dulítið kelerí í ísköldu tjaldi fær hann algerlega til þess að gleyma áformunum um að stytta sér aldur, þó svo að þau haldi áfram að tala um það alveg í gegnum allt verkið. Það verður eins og að hjakka í sameiginlegu áhugamáli. Þórir hefur sterka nærveru og takta sem flestir strákarnir í salnum gátu speglað sig í. Hann

þurfti ekki að ofreyna sig til þess að hlegið var datt og mikið.

Með hlutverk Júlíu fer Sara Marti Guðmundsdóttir. Hún skilar sínu hlutverki fantavel. Júlía er auðvitað leiðinlegri og frekari og stjórnar gangi meir heldur en hinn hengilmænulegi Ágúst en er engu síður mjög blæbrigðaríkur karakter af hendi höfundar. Sara Marti náði einmitt mjög vel tökum á þessum mismunandi blæbrigðum, angst, endurminningum, stjórnsemi og dótadýrkun.

Þau leggja í hann með vídeókameru og það sem gerist inni í tjaldinu er til að mynda sýnt á breiðtjaldi fyrir svo utan að þau eru að leika sér með myndavélina, í fúlustu alvöru þar sem þau eru að taka upp sín lokaorð. Hér var tækninni og græjulegðinni beitt markvisst til þess að ganga í augun á þessum áhorfendaaldrum og það var mjög vel til fundið því þetta er jú þeirra blek og penni.

Vigdís Jakobsdóttir á hrós skilið fyrir að raða saman þessum viðkvæmu og þó á sumum stöðum hlægilegu myndskeldum þannig að heildin varð að góðri sýningu. Það hefði þó mátt stytta leik þeirra með upptökuvélina nokkuð í lokin og eins koma aðeins brattar inn í byrjun, sum sé þetta sýninguna aðeins. Leikmyndin minnti á opna tölvu þar sem skjárin blasir við og enginn vandi að ímynda sér klettasyllu uppi við opinn fjörð hvort heldur var í Noregi eða hér á landi. Tónlistin í upphafi var vel valin og gaf einhvern veginn svo augljóslega til kynna hvers konar ungmenni voru á ferðinni.

Það er hægt að tala um erfið mál, það er bara ekki sama hvernig það er gert. Þetta var vel gert.

Elisabet Brekkan

## Sýningarlok Hreins

Sýningu á verkum Hreins Friðfinnssonar lýkur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, í dag. Af því tilefni býður safnið upp á leiðsögn um sýninguna kl. 15 í dag.

Tjáningarmáti Hreins er undirstríkaður af hárfinni kímni og ein-

kennist af endurtekningum, draumum, þjóðsögum, sjónblekkingum og hinu yfirnáttúrulega. Á sýningunni er ekkert verk öðru fremra eða í aðalhlutverki. Þess í stað eru safngestir staddir í miðju dreifðar veraldar þar sem áherslur eru jafnar.

ÁST  
SÖNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vésturport

25 jan uppselt  
30 jan örfá sæti laus  
27 febrúar  
28 febrúar

Miðasala 568 8000  
www.borgarfeikhus.is

Barna- og unglíngaleikhúsið kynnir

Söngleikurinn  
**Öskubuska**  
Í AUSTURBÆ

Aukasýning vegna fjölda áskoranna  
Sunnudaginn 27.jan kl. 16.00  
miðaverð kr. 1.900.-  
Miðasala í síma 5514700 og á midi.is

Leiklistarskóli Leynileikhússins, skráning á leynileikhusid.is og í s. 8498877

Ertu í húsgagnaleit?

**Útsala**  
Opið í dag

frá kl.13-16

**Val** húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

**HALLA & KÁRI**  
KÖLSVARTUR GAMMANLEIKUR EFTIR  
HAVAR SIGURJÓNSSON

í kvöld kl. 20  
Fös. 1. febrúar kl. 20  
Sun. 3. febrúar kl. 20  
Lau. 9. febrúar kl. 20  
Sun. 10. febrúar kl. 20

HAFNARFIJARDAR  
LEIKHUSIÐ

## Mozart á Kjarvalsstöðum

Árlegir Mozart-tónleikar í tilefni af fæðingardegi tónskáldsins fara fram á vegum Reykjavíkurborgar á Kjarvalsstöðum í kvöld.

Á efnisskrá kvöldsins eru tvær sönötur fyrir píanó og fiölu, kv.376 og kv.481, ásamt píanósönötu kv.576 og Kegelstatt-tríóinu kv.498 fyrir klarinett, víólu og píanó.

Flytjendur á tónleikunum eru þau Krystyna Cortes og Valgerður

Andrésdóttir píanóleikarar, Laufey Sigurðardóttir fiöluleikari, Þórunn Ósk Marinósóttir víóluleikari og Einar Jóhannesson klarinettuleikari. Að auki mun Helgi Jónsson fræða tónleikagesti um tónskáldið og tónlistina sem flutt verður.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og fer sala aðgöngumiða fram við innganginn.

## Nálastungur Íslands ehf.

Ríkharður Mar Jósafatsson  
Doctor of Oriental Medicine

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47  
Sími 458 9400 & 863 0180

**> VISSIR ÞÚ?**

Leikstjórnir og bræðurnir Joel og Ethan Coen eru oft kallaðir „tvíhöfða leikstjórn“ vegna þess hversu náð samstarf þeirra er á tökustað. Nýjasta mynd þeirra, No Country for Old Men, var á dögunum tilnefnd til átta Óskarsverðlauna.



**fólk**  
folk@frettablaun.is

# Theron og Walken heiðruð

Óskarsverðlaunahafarnir Charlize Theron og Christopher Walken fá enn eina viðurkenninguna í febrúar þegar þau verða heiðruð með Hasty Pudding-verðlaununum.

Leiklistarnemar í Harvard-háskólanum afhenda verðlaunin á hverju ári þeim stjörnum sem hafa lagt sitt af mörkum til skemmtanaíðnaðarinnar. Theron verður hylt sem kona ársins í skrúðgöngu hinn 7. febrúar og Walken verður á sama hátt kjörinn maður ársins 15. febrúar.

Hin 32 ára Theron var valin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt sem fjöldamorðingi í myndinni Monster árið 2003.

Tveimur árum síðar var hún tilnefnd fyrir North Country. Síðasta mynd hennar nefnist In the Valley of Elah.

Walken, sem er 64 ára, var valinn besti aukaleikarinn fyrir hlutverk sitt í Vietnam-myndinni The Deer Hunter sem kom út 1978. Hann var aftur tilnefndur árið 2002 fyrir Catch Me If You Can. Nýjustu myndir hans eru Hairspray og Balls of Fury.

Á síðasta ári hlutu Ben Stiller og Scarlett Johansson Hasty Pudding-verðlaunin.

**CHARLIZE THERON** Theron verður hylt sem kona ársins hinn 7. febrúar.



**CHRISTOPHER WALKEN** Leikarinn reyndi fékk Óskarsverðlaunin fyrir hlutverk sitt í The Deer Hunter á áttunda áratugnum.

## Síðustu mynd Ledgers slegið á frest

Framleiðsla á kvikmyndinni The Imaginarium of Doctor Parnassus hefur verið hætt um óákveðinn tíma vegna dauða leikarans Heaths Ledger, sem fór með annað aðalhlutverkanna.

Tökur á myndinni hófust í London í desember en allar innanhússtökur og tæknitökur áttu að hefjast á mánudag. Leikstjóri er Terry Gilliam sem gerði garðinn frægan með Monty Python-hópnum á sínum tíma. „Heath var frábær leikari, góður vinur og með rétta hugarfarið. Við erum enn þá í miklu uppnámi og erum dofin af sorg,“ sagði í yfirlýsingu frá framleiðslufyrirtækinu. Meðal annarra leikara í myndinni voru Lily Cole, Tom Waits og Christopher Plummer.



**HEATH LEDGER** Síðasta mynd leikarans Heaths Ledger var The Imaginarium of Doctor Parnassus.

## Endurbættu Nýju lífi fagnað

Útgáfuteiti var haldið á skemmtistaðnum B5 til að fagna sameiningu tímaritanna Nýs lífs og Ísafoldar undir merkjum hins fyrrnefnda. Stemningin var góð enda voru gestir almennt bjartsýnir um komandi útgáfu.

Ritstjórnir Ásta Andrésdóttir og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir voru að vonum ánægðir með nýja tímaritið en hönnun þess var í höndum Jóns Óskars. Fjöl margir starfsmenn Birtings samfögnuðu með ritstjórnunum og skáluðu fyrir Nýju lífi.



**RIJTSTJÓRAR** Þær Ásta Andrésdóttir og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjórar Nýs lífs, voru að vonum brosmildar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Í **GÓÐUM GÍR** Þórarinn Þórarinnsson, Guðmundur Steingrímsson og Örn Úlfar Sævarsson skemmtu sér vel í útgáfuteitinu.



**KOLBRÚN OG HALLGRÍMUR** Blaðakonan Kolbrún Bergþórsdóttir og rithöfundurinn Hallgrímur Helgason spjölluðu saman.



**VINKONUR** Vinkonurnar Hulda Helgadóttir, Sara María Eyþórsdóttir og Sara Andrínadóttir voru í góðu skapi.



**SIF OG PÁLL** Sif Rut Sigurðardóttir og Páll Leifur Gíslason létu sig ekki vanta í teitið.



**FÖGNUMU NÝJU LÍFI** Ási Már, Ásta Kristjánsdóttir og Anna Clausen fögnuðu nýja tímaritinu.

**GAMAN AÐ SJÁ ÞIG!**  
Þú færð merkin í næsta útibúi Glitnis

UNIFERDARSTOFA GLITNIR

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif

Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler

- 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálfvirk tölvustýrð miðstöð
- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 girum aftur á bak
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
- 31" TOYO dekk • Leðurvelstýri og leðurgírstöng
- Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
- Pokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
- Hiti í sætum • Pakbogar • 6 hátalarar



Glæsileg og sérlega þægileg innrétting

## Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...

**SSANGYONG**

**Bilabúð Benna**

Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík  
Sími 590 2000 • [www.benni.is](http://www.benni.is)  
Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.  
Laugardaga 12.00 - 16.00.

**Akureyri**

Bílasalan Ós  
Njarðarnesi 1  
sími 462 1430

**Borgarnes**

Bílasala Vesturlands  
Sólbakka 2  
sími 437 2100

**Egilsstaðir**


Bílasala Austurlands  
Fagradalsbraut 21  
sími 471 3005

**Reykjanesbær**

Bílahorníð hjá Sissa  
Brekustíg 38  
sími 420 3300

**aðeins 8,7 ltr. á 100 km.**

Eyðsla í blönduðum akstri



# Einstakur viðburður

– sem þú mátt ekki missa af!

- Viltu þekkja tækifærin þegar þau bjóðast?
  - Viltu auka tekjurnar?
- Hvaða stefnu viltu að líf þitt taki?
  - Viltu ná betri árangri?




Jack Canfield

Einn allra eftirsóttasti árangursþjálfari heims, Jack Canfield heimsækir Ísland og kennir lögmál sigurgöngunnar í Háskólabíói á laugardaginn kemur kl. 9.30-16.30.

Gerðu 2008 að tímamótaári í lífi þínu!

**Miðasala á [newvision.is](http://newvision.is)**



Verð frá 19.900 kr.

Athugið að mörg stéttarfélög endurgreiða félagsmönnum sínum námskeiðsgjaldið að hluta eða í heild.

  
newvision


# Hlustendaverðlaun veitt í mars

Hlustendaverðlaun FM957 verða veitt í Háskólabíói 8. mars næstkomandi. Þau eru í fyrsta skipti veitt fyrir en íslensku tónlistarverðlaunin, sem veitt verða einni viku síðar. Brynjar Már Valdimarsson á FM957 lofar „ógeðslega flottri“ hátíð.

„Við veitum verðlaun í átta flokkum, þeirra á meðal eru „besta erlenda aktið“ og „sóló-artísti ársins“, sem eru nýir flokkar. Í staðinn erum við hættr með flokkana „bestir á balli“ og „myndband ársins“, enda eru bæði fyrirbærin alveg búin þannig séð. Sveitaballastemningin er allavega alveg fyrir bí og við erum að spá í að koma með „bestir á sviði“ í staðinn.“

Brynjar segir að tilnefningarnar liggi fyrir eftir um það bil mánuð og að kosið verði á netinu í þrjár vikur fyrir verðlaunafhendinguna. „Það hefur alltaf verið gífurleg þátttaka og verður örugglega með mesta móti nú enda hefur íslensk tónlist sjaldan verið eins áberandi hjá okkur.“

Því til sönnunar nefnir Brynjar sögulegar vinsældir Páls Óskars. „Það gerðist í fyrsta skipti í sautján ára sögu stöðvarinnar að íslenskt lag var mest spilaða lag ársins í hittifyrri, Barfly með Jeff Who? Í fyrra toppaði Páll Óskar svo öll met og átti ekki bara vinsælasta lag ársins heldur var með þrjú lög á topp tíu. Ekkert þessu líkt hefur gerst hjá okkur áður.“




SIGURSTRANGLEGUR Páll Óskar átti þrjú lög á toppnum í árslista FM957.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sýna grínþætti á Youtube

Erling Bang, trommari roksveitarinnar I Adapt, og vinur hans, Jón Atli Guðjónsson, eru mennirnir á bak við þættina Rúnar sem hægt er að skoða á heimasíðunum Youtube og Kvikmynd.is.



VIGGI OG RÚNAR Erling Bang (til vinstri) og Jón Atli Guðjónsson leika þá Vígga og Rúnar í nýjum þáttum á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Nýir þættir Erlings Bang og Jóns Atla Guðjónssonar á Youtube fjalla á gamansaman hátt um þá Rúnar og Vígga sem búa saman. Rúnar er mállaus og Vígga er tónlistarmaður með stjórnur í augum. Þrír þættir eru komnir á netið og er hver þeirra fimmtán mínútna langur. „Við byrjuðum alveg óvart að gera þetta. Allt í einu klæddi Jón Atli, sem leikur Rúnar, sig í þennan búning og við ákváðum að taka þetta upp á „vídeókameru“ og gera einhverja steik.“ segir Erling, sem leikur Vígga.

Hann vill ekki meina að draumur um kvikmyndagerð sé að ræstast með þáttunum heldur sé miklu áhugaverðara að búa til tónlist við þættina. „Mig hefur alltaf langað til þess enda hef ég alltaf haft mikinn áhuga á kvikmynda-tónlist.“ segir Erling, sem hefur fengið bæði góð og slæm viðbrögð

við þáttunum. „Það eru óvenju margir sem klicka á þetta og nenna að horfa á svona marga þætti um svona mikið bull.“

Að sögn Erlings eru fleiri þættir um þá Rúnar og Vígga væntanlegir á netið auk þess sem hugmyndir eru komnar að nýjum þáttum. Einnig er Ellert að búa til

eigin tónlist, sem er ekki skrítið því I Adapt ætlar að hætta störfum í næsta mánuði. „Það gengur mjög vel og er mjög spennandi. Það er allt á íslensku og allt öðruvísi en I Adapt.“ Nálga má þættina á Youtube.com og Kvikmynd.is með því að slá inn leitarorðið „Rúnar“.

freyr@frettabladid.is

**NÝTT Í BÍÓ!**

ETTIVAD SKELFILEGT ER Á SVEIMI!  
STÆRSTA JANUAROPHUN SÖGUNNAR Í BANDARÍKJUNUM!  
CLOVERFIELD

CHARLIE WILSON'S WAR

THE DARJEELING LIMITED

NÚ MÆTAST ÞAU AFTUR!  
T.V.-KVIKMYNDIRIS

BRÚÐGUMINN LÚXUS

THE MIST

PERSEPOLIS

ALVIN & IKORNARNIR

DUGGHOLLFÓLKID

<b>SMÁRRÁ BÍÓ</b> SÍMI 564 0000	<b>REGNBÖGINN</b> SÍMI 551 9000
CLOVERFIELD kl. 2-4-6-8-10	THE DARJEELING LIMITED kl. 3-6-8-10
BRÚÐGUMINN kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	BRÚÐGUMINN kl. 4-6-8.20-10.30
BRÚÐGUMINN LÚXUS kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	LUST CAUTION kl. 3-6-9
ALIEN VS PREDATOR 2 kl. 6-8-10.10	I'M NOT THERE kl. 5 ótextuð
THE MIST kl. 5.30-10.30	THE MIST kl. 8-10.30
THE GOLDEN COMPASS kl. 8	
ALVIN & IKORNARNIR kl. 1.30-3.30 ISLENSKT TAL	
DUGGHOLLFÓLKID kl. 1.45-3.45	
<b>HAÁSKÓLABÍÓ</b> SÍMI 530 1919	<b>REGNBÖGINN</b> SÍMI 462 3500
CHARLIE WILSON'S WAR kl. 3.30-5.45-8-10.15	CLOVERFIELD kl. 6-8-10
THE DARJEELING LIMITED kl. 4-6-8-10	BRÚÐGUMINN kl. 4-6-8
BRÚÐGUMINN kl. 3.40-5.50-8-10.10	ALIEN VS PREDATOR 2 kl. 10
PERSEPOLIS kl. 8-10	ALVIN & IKORNARNIR kl. 4 ISLENSKT TAL
DUGGHOLLFÓLKID kl. 4-6	

**AUKAKRÖNUR** FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDAN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

DEATH AT A FUNERAL

SAMBIO.is SAMBÍÓIN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

CHARLIE WILSON'S WAR

THE GAME PLAN

ALFABAKKA

KEFLAVÍK

AKUREYRI

KRINGLUNNI

SELFOSS

CHARLIE WILSON'S WAR kl. 3:40D-5:50D 8D-10:20D	BRÚÐGUMINN kl. 6-8-10
CHARLIE WILSON'S WAR kl. 3:40-5:50-8-10:20 VIP	GAME PLAN kl. 1:40-3:50
THE GAME PLAN kl. 1:30-3:20-5:40-8-10:20	SYDNEY WHITE kl. 6
NAT. TREASURE 2 kl. 5:30-8-10:30	THE NANNY DIARIES kl. 8-10
DEATH AT A FUNERAL kl. 2-4-6-8-10-10	ALVIN OG ÍKO... M/ISL TAL kl. 2-4
I AM LEGEND kl. 8	CHARLIE WILSON'S WAR kl. 8-10
TÖFRAPRINSESSAN M/ISL TAL kl. 1:30D-3:30	THE GAME PLAN kl. 2-4-6
ENCHANTED M/ENSK TAL kl. 5:50	DEATH AT A FUNERAL kl. 8
AMERICAN GANGSTER Síbustu sýningar kl. 10:20	NATIONAL TREASURE 2 kl. 10
BÝFLUGUMYNDIN M/ISL TAL kl. 1:30-3:30	TÖFRAPRINSESSAN ISL TAL kl. 2-4
CLOVERFIELD kl. 4-6-8-10	BÝFLUGUMYNDIN ISL TAL kl. 6
CHARLIE WILSON'S WAR kl. 8-10:20	BRÚÐGUMINN kl. 3:40-5:50-8-10:10
MICHAEL CLAYTON kl. 5:40-8	NANNY DIARIES kl. 8
THE GAME PLAN kl. 1:30-3:40-5:50	RUN, FAT BOY, RUN kl. 10:10
NAT. TREASURE 2 kl. 10:30	SIDNEY WHITE kl. 6
TÖFRAPRINSESSAN M/ISL TAL kl. 1:20-3:30	ALVIN OG ÍKOR... M/ISL TAL kl. 1:40
BÝFLUGUMYNDIN M/ISL TAL kl. 2D	TÖFRAPRINSESSAN ISL TAL kl. 1:40
	BÝFLUGUMYNDIN ISL TAL kl. 4

**Nýtt í bíó** SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

CLOVERFIELD

BRÚÐGUMINN

ALIEN VS PREDATOR 2

THE GOLDEN COMPASS

ALVIN OG IKORNARNIR - ISL TAL

BÝFLUGUMYNDIN - ISL TAL

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

26. og 27. janúar

# Sparbíó 450 kr

Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

GAME PLAN kl. 1 í ÁLF., 1:30 í KRINGL. OG KL. 1:40 í KEFLAVÍK OG KL. 2 Á AK.

DEATH AT A FUNERAL kl. 2 í ÁLFABAKKA

TÖFRAPRINSESSAN M/ISL TAL KL. 1:30 í ÁLFABAKKA, 1:20 í KRINGLUNNI, 2 Á AKUREYRI OG 1:40 Á SELFOSS

450 kr. 450 kr. 450 kr.

kl. 3 í Regnboganum - kl. 4 í Háskólabíói kl. 3.30 í Háskólabíói kl. 3 í Regnboganum

SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

# Ódýrt í bíó

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

THE GOLDEN COMPASS

ALVIN & IKORNARNIR


BEE MOVIE

## Alvöru danspopp

Ein af betri popplötum síðasta árs var án efa önnur breiðskífa írsku söngkonunnar Róisín Murphy. Þessi fyrrverandi söngkona hljómsveitarinnar Moloko gerði frábæra hluti með fyrstu sólóskífunni sinni, Ruby Blue, árið 2005 en platan var unnin í samstarfi við danstónlistarmanninn Matthew Herbert. Margir vildu eigna Herbert heiðurinn af gæðum plötunnar jafnvel þótt Murphy væri höfundur allra laganna. Á Overpowered kveður Murphy hins vegar í kútinn þessar efasemdar-raddir sem sögðu að vinsældir Murphy væru einhverjum öðrum að þakka en henni sjálfri.

Af Murphy verður þó ekki skafið að hún kann að velja réttu samstarfsfélagana til að ná fram markmiðum sínum. Á Overpowered fær hún til liðs við sig Seiji úr hinn ágætu hljómsveit Bugz in the Attic og soul-house danstónlistarmanninum Mike Patto (nei, þetta er hvorki Mike Patton né hinn sálugi Mike Patto úr hljómsveitunum Timebox og Patto. Í raun er þetta sonur þess síðarnefnda). Og útkoman? Jú, eins og áður segir, ein af betri popplötum síðasta árs.

Á plötunni flæðir lostafullt grúvið sem alsæla um líkama manns, fær endorfínið til að streyma og þannig líður hlustandanum ósjálfrátt vel. Taktarnir eru þar að auki stórfenglega dillivænir og seyðandi söngur Murphy sjálftrar setur loks punktinn yfir i-ö. Ein af þessum plötum sem sett er á fóninn í helgarpartíi, stelpurnar byrja fljótlega að dansa (af hverju ætli dansþörfin sé ríkari meðal stúlkna en stráka?) og eftir



### TÓNLIST

#### Overpowered

Róisín Murphy

★★★★

Róisín Murphy heldur áfram á sömu braut og framreiðir „gourmet“ danspopp á sinni nýjustu skífu.

nokkur lög sjá strákarnir að sér og byrja einnig að dilla sér.

Bestu lög plötunnar eru án vafa Overpowered, You Know Me Better, Let Me Know og Cry Baby en allt eru þetta lög sem geta orðið mega dansgólfslagarar. Reyndar hafa einhver þeirra náð þeim áfanga nú þegar. Murphy hoppar reyndar nokkrum sinnum ofan í drulluga klisjupolla, til dæmis í neu-rave laginu Movie Star, og stundum kemur fyrir að grúvið í melóðfunum nær sér ekki á strik. Þessir lestir heyrast hins vegar til undantekninga. Forvitnilegt verður síðan að sjá hvað Murphy tekur sér fyrir hendur á næstu plötu.

Steinþór Helgi Arnsteinsson


## Eastwood vill ekki vera stóll

Clint Eastwood hefur stefnt húsgagnafyrirtæki eftir að það framleiddi stóllalínu sem það kallar The Eastwood. Leikarinn sakar Palliser Furniture um að hafa notað nafn hans í leyfisleysi. Fyrirtækið hefur áður nefnt hönnun sína í höfuðið á leikurum, svo sem Marlon Brando, James Cagney, Gary Cooper, Charles Bronson og Sir Sean Connery.

Í kærinni sem Eastwood lagði fram stendur meðal annars að hann hafi löngum hafnað tilboðum á borð við þetta, þar sem hann vilji ekki að nafn hans sé notað af þriðja aðila, heldur eingöngu í sambandi við verkefni sem hann tekur persónulega þátt í.

Eastwood fer fram á skaðabætur og vill að frekari auglýsingar, sala og dreifing á vörunni verði stöðvuð.

Dánarbú Marlons Brando fór í svipað mál gegn fyrirtækinu í fyrra, til að koma í veg fyrir að það seldi stóllinn The Brando. Fyrirtækið hélt því þá fram að stóllinn hét í höfuðið á bæ á eyjunni Korsíku, en ekki leikaranum.



THE EASTWOOD ÓLÖGLEGUR Clint Eastwood fer fram á skaðabætur vegna stólsins The Eastwood, sem húsgagnafyrirtæki nefndi eftir leikaranum.

OWEN WILSON ADRIEN BRODY JASON SCHWARTZMAN

WES ANDERSON

- THE DARJEELING LIMITED -

★★★★★

„Leikurinn er stórkostlegur. Adrien Brody, sem er nýr liðsmaður Wes, er ótrúlegur í sínu hlutverki... Þessi töfrandi og sannfærandi mynd er hápunkturinn á blómlegum ferli Wes Anderson.“  
- Peter Travers, Rolling Stone

FERÐIN TIL DARJEELING FRUMSÝND 25. JANÚAR Í HÁSKÓLABÍÓI OG REGNBOGANUM

1 Ekkert hlé

2 Minna af auglýsingum

3 Engin truflun

FRÉTTABLAÐIÐ

2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvisun þessarar úrklippu.

www.graenajosid.is - Skráning í Bióklúbb Græna ljóssins margborgar sig

græna ljósið

- Ekkert hlé á göðum myndum

## Vildi gerast nunna

Væntanleg bók breska rithöfundarins Andrews Morton um Tom Cruise inniheldur meira en staðhæfingar um að raunverulegur faðir Suri Cruise sé enginn annar en upphafsmaður Vísindakirkjunnar, L. Ron Hubbard. Hann heldur því einnig fram að eftir skilnað Cruise og Nicole Kidman hafi leikkonan verið svo miður sín að hún hafi velt því fyrir sér að gerast nunna. Upp úr tíu ára hjónabandi Cruise og Kidman slitnaði árið 2001. Morton heldur því fram að Vísindakirkjunni hafi verið um það að kenna.

„Nicole skoðaði klaustur í Ástralíu sem vildi taka á móti konum sem höfðu verið giftar,“ skrifar Morton í bókinni, en hann heldur því einnig fram að skilnaðurinn hafi að miklu leyti verið Vísindakirkjunni að kenna. Morton hefur varið þær staðhæfingar sem hann setur fram í bókinni, en þær hafa, eins og gefur að skilja, vakið mikla athygli. Hann segir orðstír sinn vera þann að hann sé mjög nákvæmur ævisagnaritari.

„Ég hef varið yfir tveimur árum



MIÐUR SÍN YFIR SKILNAÐI Andrew Morton segir Nicole Kidman hafa verið svo miður sín yfir skilnaðinum við Cruise að hún hafi viljað ganga í klaustur.

Í að afla heimilda fyrir þessa bók. Ég bað Tom um viðtal og hann afþakkaði það,“ segir Morton.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:

30%

aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á stod2.is m.v. 12 mánaða skuldbindingu

2

skemmtilegrí

FLÓTTINN  
HELDUR ÁFRAM

Prison Break - Í kvöld kl. 22:00

## > Stórleikur í Iceland Express-deild kvenna

Íslands- og bikarmeistarar Hauka taka á móti Keflavík í Iceland Express-deild kvenna að Ásvöllum í dag kl. 16.00. Keflavíkurstúlkur eru sem stendur í þriðja sæti deildarinnar með 22 stig eftir fjórtán leiki en Haukastúlkur fylgja þeim fast á eftir í fjórða sæti með 20 stig eftir fimmtán leiki. Liðunum var spáð efstu tveimur sætum af þjálfurum, fyrirlíðum og forráðamönnum liðanna í Iceland Express-deildinni fyrir tímabilið. Keflavík hefur haft betur í tveimur fyrri viðureignum liðanna í deildinni í vetur, en liðin eru bæði komin í undanúrslit Lýsingarbikarsins og gætu mæst í úrslitaleiknum þar.

**sport**  
sport@frettabla-



## SVERRIR ÞÓR SVERRISSON, NJARÐVÍK: TELUR LEIKINN GEGN KEFLAVÍK GETA SKIPT SKÖPUM UPP Á FRAMHALDIÐ

# Purfum hver og einn að leggja meira af mörkum

Sverrir Þór Sværissón verður í eldínunni með Njarðvík gegn toppliði Keflavíkur í Iceland Express-deildinni í kvöld kl. 19:15, en Sverrir lék áður með Keflavík.

„Það er alltaf sérstakt að spila gegn uppeldisfélagi sínu og liði sem ég hef spilað með sjö síðustu tímabil á undan tímabilinu í ár. Leikurinn leggst bara vel í mig og menn eru alltaf á tánum fyrir svona stóra leiki. Rígurinn á milli þessara liða er líka alltaf til staðar og það gefur þessu bara gildi og gerir körfuboltann eins skemmtilegan og raun ber vitni. Sumir leikmenn liðanna vinna til að mynda saman, auk þess sem leikmennirnir tengjast inn í fjölskyldur hins liðsins og fólk þrífst á þessu næstu dagana eftir sigur síns liðs,“ sagði Sverrir Þór, sem telur að Njarðvíkingar verði að fara að taka sig saman í andlitinu ef þeir ætli sér einhverja hluti í ár.

„Við töpuðum síðasta leik okkar í deildinni gegn ÍR, þar sem við spiluðum mjög vel í fyrri hálfleik og gátum svo

ekki neitt í seinni hálfleik, þannig að við verðum að rífa okkur upp. Við erum að berjast við að halda fjórða sætinu og þurfum því að fara að hugsa okkar gang ef við ætlum okkur einhverja hluti í vetur.

Við þurfum hver og einn í liðinu að leggja meira af mörkum og það yrði virkilega sterkt upp á framhaldið að ná góðum leik í Keflavík. Við vitum það að við verðum að spila vel í 40 mínútur til þess að eiga möguleika á sigri, það þýðir ekki að mæta með hangandi haus,“ sagði Sverrir Þór, sem hefur hrifist af spilamennsku Keflavíkur í vetur.

„Ég er búinn að sjá nokkra leiki með þeim og þeir eru með góða blöndu af leikmönnum. Bæði eru þeir með sterkan kjarna af íslenskum leikmönnum og svo eru þeir með mjög góða erlenda leikmenn, þannig að þeir eru með vel samstillt lið og eru í raun liðið sem hin liðin í deildinni eru að eltast við,“ sagði Sverrir Þór.



HEITUR Guðmundur er búinn að vera að leika vel með Eslöv í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Sænska deildin í borðtennis:

## Guðmundur fór fyrir sínu liði

**BORÐTENNIS** Guðmundur E. Stephensen, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis, var í eldínunni með liði sínu Eslöv í sænsku úrvalsdeildinni í borðtennis í fyrrakvöld. Meistarar Eslöv lögðu þá Söderhamn 5-2 og fór Guðmundur fyrir sínum mönnum með því að vinna báða sína leiki, fyrst gegn Johan Sondhell 3-1 (11-5, 9-11, 12-10 og 11-5) og svo gegn Nordberg Hampus 3-2 (11-2, 7-11, 7-11, 14-12 og 12-10). Eslöv er efst í deildinni með 27 stig en Halmstad kemur þar á eftir með 18 stig.

Eslöv mætir svo Borussia Düsseldorf í Meistaradeild Evrópu á morgun.

- óþ

Henning Berg, Lyn:

## Theodór er spennandi

**FÓTBOLTI** Theodór Elmar Bjarnason hefur nú þegar spilað sinn fyrsta leik með norska liðinu Lyn eftir að hafa gengið í raðir liðsins fyrir stuttu síðan. Theodór Elmar var í byrjunarliði Lyn í 2-1 tapi í æfingarleik gegn Strømsgodset og Henning Berg, knattspyrnu- stjóri Lyn, var sáttur með sinn mann í lok leiksins. „Þetta var fyrsti leikurinn hans en hann er tvímælalaust spennandi leikmaður með mikinn hraða,“ sagði Berg við fjölmiðla.

- óþ

# Styttist í fyrsta markið fyrir Reggina

Emil Hallfreðsson er byrjaður að æfa á ný með liði sínu Reggina í ítölsku Serie A-deildinni og er bjartsýnn á framhaldið hjá liðinu, sem er í mikilli fallbaráttu. Emil lætur orðróm í ítölskum fjölmiðlum um að hann sé á leiðinni frá Reggina sem vind um eyru þjóta og ætlar að einbeita sér að því að spila vel með liði sínu.

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson hefur ekkert getað leikið með liði sínu Reggina í ítölsku Serie A-deildinni síðan 1. desember síðastliðnum þegar hann meiddist á læri í leik gegn Sampdoria.

„Þetta er búið að vera svaklegt basl, ef ég segi eins og er. Ég átti alls ekki von á því að það tæki svona langan tíma að jafna sig á höggi í lærið, en þar sem höggið var svo þungt kom smá rífa á vöðvann og því tekur þetta sinn tíma,“ sagði Emil, sem sér þó loksins fyrir endann á þessu.

### Bjartsýnn á framhaldið

„Ég er byrjaður að æfa með liðinu og er bjartsýnn á að þetta fari að koma. Ég var að vonast til þess að geta spilað gegn AC Milan á miðvikudaginn, en það er frekar raunhæft að ég spili gegn Torino um næstu helgi. Ég vil bara ná mér 100% og ég held að forráðamenn Reggina skilji það vel. Þó svo að þeir leggi hart að mér að ég spili sem fyrst, þá er það bara gott að finna það að þeir vilji fá mig inn á völlum sem fyrst,“ sagði Emil, sem finnst andrúmsloftið hafa batnað með komu knattspyrnustjórans Renzo Ulivieri. „Gengið hefur verið betra hjá liðinu upp á síðkastið. Þó svo að við séum vissulega ennþá í fallbaráttunni erum



VEKUR ATHYGLI Emil Hallfreðsson hefur fengið mikið lof fyrir leik sinn með Reggina á sínu fyrsta tímabili í Serie A-deildinni og hefur verið undir smásjá Napoli ef marka má ítalska fjölmiðla.

NORDIC PHOTOS/GETTY



við hægt og bitandi að vinna okkur upp töfluna og það er stutt í næstu lið fyrir ofan okkur. Reggina hefur líka fengið nokkra nýja leikmenn upp á síðkastið og það er komin fin samkeppni um stöður í liðinu, sem er bara hið besta mál. Menn eru að æfa af kappi og eru virkilega

einbeittir að verkefninu sem fram undan er,“ sagði Emil.

### Vekur mikla athygi

Emil hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína með Reggina í vetur og hefur meðal annars ítrekað verið orðaður við lið Napoli í ítölskum fjölmiðlum.

„Mér gekk mjög vel fram að meiðslunum og get ekki beðið eftir því að ná mér góðum af þeim og komast aftur út á völlum. Ég er ekkert að spá í þennan orðróm sem er í gangi með Napoli

heldur tek því bara sem hrósi ef rétt reynist að einhver lið séu að sýna mér áhuga. Ég einbeiti mér bara að því að standa mig sem best með Reggina. Ég finn það líka að fyrsta mark mitt fyrir félagið er ekki langt undan. Nú þarf ég bara að komast af stað á ný og þá er bara næsta verkefni að setjann. Ég væri náttúrulega pottþétt búinn að skora ef ég hefði ekki meiðst, það er engin spurning um það,“ sagði Emil á léttum nótum.

omar@frettabladid.is

Þrír íslenskir keppendur tóku þátt í Swedish International Stockholm um helgina:

# Ragna féll úr keppni í gærðag

**BADMINTON** Þrír íslenskir landsliðsmenn, Magnús Ingi Helgason, Tinna Helgadóttir og Ragna Ingólfsdóttir, voru á meðal þátttakenda í alþjóðlega badmintonmóti Swedish International Stockholm sem fram fer í Täby Ragna Ingólfsdóttir komst lengst af íslensku keppendum.

Nýkrýndur íþrótta- maður Reykjavíkur, Ragna Ingólfsdóttir, byrjaði mótið á að leggja Bing Xing Xu frá Spáni í fyrstu umferð naumlega í þremur lotum 13-21, 21-9 og svo 22-20. Þar næst mætti hún Anastasiu Kudinovu frá Svíþjóð í sextán- manna úrslitum og þá þurfti Ragna aðeins tvær lotur til og vann 21-15 og 21-19.

Í átta-manna úrslitum varð Ragna hins vegar að jatta sig sigraða gegn Ölgu Konon frá Hvíta-Rússlandi, en þær stöllur

eru einmitt á svipuðu reiki á heimslistanum, Ragna númer 53. og Olga númer 60. Olga vann fyrstu lotuna nokkuð auðveldlega 21-12 en þá næstu vann Ragna 21-18 og því þurfti oddalotu til þar sem Olga vann aftur 21-12.

Tinna Helgadóttir tók eins og Ragna þátt í einliðaleik en hún þurfti að leika í undankeppni fyrir mótið. Þar byrjaði Tinna á því að vinna norsku stúlkuna Söru B. Kverno, en varð að jatta sig sigraða gegn dönsku stúlkunni Christinu Andersen í jöfnum úrslitaleik um sæti í fyrstu umferð adal- keppninnar. Tinna keppti svo í tvenndarleik með Magnúsi Inga bróður sínum þar sem þau töpuðu í annarri umferð gegn belgsku pari.

Magnús Ingi tapaði í fyrstu umferð í einliðaleik, en komst í 32-liða úrslit í tvíliðaleik með írskum félagi sínum.

- óþ

**Golf** með Express ferðum

**Benidorm Real de Faula**  
15.-22. mars

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið, gisting á Hotel Sheraton ásamt morgunverði, rútuferðir til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og 5 golfhringir.

Verð á mann í tvíbýli  
**113.600 kr.**

**London Hanbury Manor**  
19.-24. mars

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, frítt í flug fyrir golfsettið og gisting á hótelinu ásamt morgunverði.

Verð á mann í tvíbýli  
**88.900 kr.**

Nánar á [expressferdir.is](http://expressferdir.is)  
eða í síma 5 900 100

**Express ferðir**

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express





Meirihlutinn er fallinn

# „Þau sáu það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með fréttina um yfirvofandi meirihlutaskipti í Reykjavík. Hann er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

**visir.is**  
...ég sá það á visir.is



## ÚRSLITIN Í GÆR

### Enska úrvalsdeildin:

Aston Villa-Blackburn 1-1  
0-1 Roque Santa Cruz (67), 1-1

### STADAN Í DEILDINN:

Man. Utd.	23	17	3	3	46-11	54
Arsenal	23	16	6	1	46-17	54
Chelsea	23	15	5	3	36-16	50
Everton	23	13	3	7	40-23	42
Aston Villa	24	11	8	5	43-31	41
Liverpool	22	10	10	2	37-16	40
Man. City	23	11	7	5	30-24	40
Blackburn	24	10	8	6	32-31	38
Portsmouth	23	10	7	6	34-23	37
West Ham	22	9	6	7	28-21	33
Tottenham	23	7	6	10	44-40	27
Newcastle	23	7	6	10	27-39	27
M'brough	23	5	7	11	20-37	22
Reading	23	6	4	13	30-49	22
Bolton	23	5	6	12	24-34	21
Birmingham	23	5	5	13	23-34	20
Wigan	23	5	5	13	23-39	20
Sunderland	23	5	5	13	22-42	20
Fulham	23	2	9	12	23-42	15
Derby	23	1	4	18	11-50	7

### Enska FA bikarinn:

Arsenal-Newcastle	3-0
1-0 Emmanuel Adebayor (51.), 2-0 Emmanuel Adebayor (83.), 3-0 Sjálfsmark (89.).	
Liverpool-Havant & Waterlooville	5-2
1-0 Richard Pacquette (8.), 1-1 Lucas (27.), 1-2 Sjálfsmark (31.), 2-2 Yossi Benayoun (44.), 3-2 Yossi Benayoun (56.), 4-2 Yossi Benayoun (59.), 5-2 Peter Crouch (90.).	
Wigan-Chelsea	1-2
0-1 Nicolas Anelka (54.), 0-2 Shaun Wright Phillips (82.), 1-2 Antoine Sibierski (87.).	
Mansfield-Middlesbrough	0-2
0-1 Dong-Gook Lee (17.), 0-2 Sjálfsmark (87.).	
Portsmouth-Plymouth	2-1
0-1 Chris Clark (5.), 1-1 Lassana Diarra (34.), 2-1 Niko Kranjcar (45.).	
Derby-Preston	1-4
0-1 Karl Hawley (14.), 0-2 Simon Whaley (33.), 0-3 Karl Hawley (45.), 1-3 Rob Earnshaw (55.), 1-4 Neil Mellor (90.).	
Oldham-Huddersfield	0-1
Watford-Wolves	1-4
Coventry-Millwall	2-1
Southampton-Bury	2-0
Peterborough-W.B.A	0-3
Barnet-Bristol Rovers	0-1

### Skoska úrvalsdeildin:

Aberdeen-Hearts	0-1
0-1 Christian Nade (55.). Eggert Gunnþór Jónsson var í byrjunarliði Hearts og var inná allan leikinn.	



ÓHEPPINN Jonathan Woodgate er búinn að vera mikið meðdur síðustu ár.

NORDIC PHOTOS/GETTY

### Enska úrvalsdeildin:

## Woodgate aftur til Newcastle?

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Jonathan Woodgate hjá Middlesbrough er á leiðinni til Newcastle ef marka má útvarpsstöðina BBC í Newcastle á Englandi.

Woodgate er sagður hafa neitað boði frá Tottenham og vera nú í viðræðum við sitt gamla félag Newcastle eftir að Middlesbrough samþykkti sjö milljóna punda tilboð. Woodgate fór frá Newcastle til Real Madrid árið 2004 en meiddi settu strík í reikninginn hjá honum og hann fór síðar í láni til Middlesbrough áður en hann var keyptur til félagsins. Gareth Southgate, knattspyrnustjóri Middlesbrough, kvaðst ekki vera undir neinni pressu að selja en hann hafði gefið Woodgate leyfi til að fara ef gott kauptilboð bærst í hann.

„Við myndum ekki láta neinn fara nema að ég væri viss um að við værum vel settir í þeirri stöðu á velli sem viðkomandi leikmaður spilar,“ sagði Southgate en David Wheeler, Robert Huth, Emanuel Pogatzetz og Matthew Bates eru allir að keppa um tvær stöður í miðju varnarmannanna hjá Middlesbrough. - óþ

# Utandeldarliðið stóð í Liverpool

Havant & Waterlooville náði tvisvar forystu gegn Liverpool á Anfield og fengu mikið lof fyrir frammistöðu sína frá áhængendum Liverpool. Preston jók á eynd Derby og Arsenal og Chelsea komust í næstu umferð.

**FÓTBOLTI** Tölf leikir fóru fram í enska FA bikarinn í gær og þar voru nokkur óvænt úrslit. Utandeldarliðið Havant & Waterlooville stal senunni með því að komast tvisvar yfir gegn Liverpool á Anfield en tapaði svo og Preston skelti lálausu Derby liði á Pride Park. Arsenal og Chelsea komust áfram í næstu umferð.

Það voru margir búnir að biða spennir eftir leik Havant & Waterlooville og Liverpool og örugglega ekki síst leikmenn utandeldarliðsins sem voru vitanlega í hæstu hæðum með að fá tækifæri til þess að leika á Anfield.

### Ótrúlegt ævintýri

Leikmenn Havant & Waterlooville voru þó alls ekki komnir eingöngu til að skemmta sér því þeir byrjuðu leikinn af miklum krafti og Richard Pacquette kom þeim yfir með skalla á áttundu mínútu, eitt-hvað sem engum hafði órað fyrir að ætti eftir að gerast. Neil Sharp var svo nálægt því að bæta við öðru marki en náði ekki að skora úr fínu færi. Liverpool náði hins vegar að jafna leikinn á 27. mínútu þegar hinn ungi Lucas Leiva skoraði með góðu skoti. Þá bjuggust flestir við því að Liverpool tæki leikinn í sínar hendur, en svo var ekki. Martin Skrtel, varnarmaður Liverpool, varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark og utandeldarliðið komið aftur yfir.

### Þáttur Benayoun

Gestirnir voru þó ekki lengi í paradís og Yossi Benayoun skoraði þrjú mörk í röð fyrir Liverpool og breytti stöðunni í 4-2. Peter Crouch innsigldi svo heima-manna-með

marki í lokin, en leikmenn Havant & Waterlooville gátu vel við unað þrátt fyrir tap og stóðu sig frábærlega miðað við að vera í sjöttu deild á Englandi. Shaun Gale, knattspyrnustjóri Havant & Waterlooville var í skýjunum í leikslök.

„Við vorum frábærir. Það var einstök tilfinning þegar Liverpool aðdáendurnir stóðu upp fyrir okkur og fögnuðu okkur í leikslök,“ sagði Gale að springa úr gleði.

**HEITUR** Emmanuel Adebayor skoraði tvö fyrir Arsenal í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY



**HETIUR ÞRÁTT FYRIR TAP** Leikmenn Havant & Waterlooville geta borið höfuðið hátt þrátt fyrir 5-2 tap gegn Liverpool á Anfield í gær, enda áttu fáir von á því að þeir myndu ná að skora gegn Liverpool. Utandeldarliðið komst hins vegar tvisvar yfir í leiknum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Kevin Keegan er enn að leita eftir fyrsta sigri sínum sem knattspyrnustjóri Newcastle, en liðið tapaði gegn Arsenal á Emirates leikvanginum í gær 3-0, eftir að hafa átt ágæt-an

fyrri hálfleik. Í seinni hálfleik reyndist Arsenal of sterkt.

### Adebayor með tvö mörk

Emmanuel Adebayor reyndist varnarmönnum Newcastle erfiður og skoraði tvö mörk áður en Nicky Butt skoraði sjálfsmark í lok leiksins. Keegan sá þó ástæðu til bjartsýni í leikslök.

„Þetta var finnr fyrri hálfleikur hjá okkur og við sýndum að við vorum ekki hræddir að sækja á þá. En því miður náðum við ekki að halda það út allan leikinn og þeir gengu á lagið,“ sagði Keegan.

### Martröðin heldur áfram

Vandræðagangur Derby virðist engan enda ætla að taka og liðið var hreinlega kjöldregið af 1. deildarliðinu Preston á Pride Park í gær. Preston komst í 0-3 áður en Rob Earnshaw náði að minnka muninn fyrir heimamenn. Neil Mellor fullkomnaði svo niðurlægingu Derby með marki í lok leiksins

og lokatölur 1-4. Paul Jewell, knattspyrnustjóri Derby, gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslök.

„Ég er orðlaus. Leikmenn mínir eru allt aðrir á æfingum frá mánuðegi til föstudags og svo brotna þeir saman um leið og þeir sjá mótherjann,“ sagði Jewell hundfúll.

### Úrvalsdeildarlið áfram

Chelsea, Portsmouth og Middlesbrough komust einnig í næstu umferð.

Chelsea komst reyndar áfram á kostnað annars úrvalsdeildarliðs, Wigan. Chelsea komst í 0-2 og Nicolas Anelka skoraði fyrsta mark sitt fyrir Chelsea, áður en Antoine Sibierski minnkaði muninn í lok leiksins.

Portsmouth var í vandræðum með Plymouth á heimavelli sínum og lenti undir í leiknum en náði svo að bæta við tveimur mörkum.

Middlesbrough sýndi heldur engan snilldarleik gegn Mansfield en vann 0-2. [omar@frettabladid.is](mailto:omar@frettabladid.is)

Einn leikur fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þar sem Aston Villa og Blackburn gerðu jafntefli á Villa Park:

## Aston Villa skaust upp í fimmta sætið

**FÓTBOLTI** Aston Villa og Blackburn skildu jöfn 1-1 í eina leiknum í ensku úrvalsdeildinni í gær. Aston Villa komst upp fyrir Liverpool í fimmta sæti deildarinnar með jafnteflinu.

Gestirnir í Blackburn fengu kjörið tækifæri til þess að taka forystu í leiknum þegar þeir fengu dæmda vítaspyrnu. Scott Carson, markvörður Aston Villa, gerði sér hins vegar lítið fyrir og varði spyrunu Matt Derbyshire og staðan var markalaus í hálfleik.

Blackburn náði hins vegar að komast yfir á 68. mínútu þegar markahrókurinn Roque Santa Cruz skoraði úr frákasti eftir að Carson hafði varið skot David Dunn. Gestirnir náðu þó ekki að hanga lengi á forystunni og fimmmínútum síðar skoraði Ashley Young glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu. Aston Villa komst næst því að skora á lokamínútnum þegar Marlon Harewood átti

skot í stöng en niðurstaðan var jafntefli á Villa Park.

Martin O'Neill, knattspyrnustjóri Aston Villa, var afar sáttur með stigið og karakter leikmanna sinna.

„Þetta var erfiður leikur og Blackburn eru þekktir fyrir að gera andstæðingum sínum erfitt fyrir. Við vorum kannski ekki að spila okkar besta leik, en við héldum samt alltaf áfram að reyna,“ sagði O'Neill. Mark Hughes, knattspyrnustjóri Blackburn, var ekki jafn sáttur og starfsbróðir hans í leikslök.

„Spilamennska okkar var það góð að við hefðum átt skilið að fá meira en eitt stig út úr leiknum. Aston Villa eru með líkamlega sterkt og gott lið og það var gott hjá okkur að koma hingað og vera betri aðilinn. Nú erum við taplausir í sex leikjum í röð og við verðum bara að halda áfram,“ sagði Hughes. - óþ



**AFHAUSUN** Gabriel Agbonlahor tók hressilega á Stephen Warnock í leik liðanna í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY



## ÚRSLITIN Í GÆR

## Iceland Express-deild kvk:

KR-Valur 76-94 (38-44)  
 Stíg KR: Monique Martin 26 (11 frá., 5 stolnir), Helga Einarsdóttir 14 (17 frá.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 11, Sigrún Ámundadóttir 11 (12 frá.), Hildur Sigurðardóttir 9 (13 stoðs.), Guðrún Ósk Ámundadóttir 5.

Stíg Vals: Molly Peterman 35 (8 frá., 8 stoðs., 5 stolnir), Signý Hermansdóttir 19 (12 frá., 12 varin, 6 stoðs.), Hafdis Helgadóttir 10 (9 frá., 5 stoðs.), Þórunn Bjarnadóttir 10 (8 frá., 6 stoðs.), Berglind Ingvarsdóttir 7, Guðrún Baldursdóttir 7, Tinna Björk Sigmundsdóttir 6.

Hamar-Fjölnir 76-75

## NI-deild kvenna:

HK-Akureyri 33-18

Afríkukeppnin í fótbolta:

## Mútumál valda fjaðrafoki

**FÓTBOLTI** Mikið fjaðrafok hefur verið í kringum Afríkukeppnina síðustu daga. Reinhard Fabisch, þjálfari Benín, lýsti því yfir fyrir skömmu að maður hefði komið að máli við hann og boðið honum háa peningaupphæð í skiptum fyrir að hann sæi til þess að lið sitt tapaði gegn Malí.

„Maðurinn reyndi að bjóða mér peninga en ég sagði honum að hann hefði tvær mínútur til þess að koma sér í burtu áður en ég hringdi á lögregluna,“ sagði Fabisch í samtali við BBC Sport en Malí vann leikinn 1-0.

Í gær komu svo leikmenn Namibíu fram og tjáðu fjölmiðlum að þeim hefðu verið boðnar mútur fyrir að tapa leik sínum gegn Gíneu á mánudag, en þrátt fyrir að Namibía eigi nú litla möguleika á að komast áfram úr riðli sínum kvað John Muinjo, forseti knattspyrnusambands Namibíu, fráleitt að halda því fram að leikmenn Namibíu myndu leggjast svo lágt að þiggja peninga fyrir tap.

„Leikmennirnir komu að máli við mig um leið og þeim voru boðnar mútur og ég er stoltur og ánægður með viðbrögð þeirra,“ sagði Muinjo.



BIARTSÝNN Teitur Þórðarson vonast til að styrkja lið sitt en er sáttur með öflugt unglíngastarf Whitecaps.

Teitur Þórðarson, Whitecaps:

## Erum að reyna að styrkja liðið

**FÓTBOLTI** Teitur Þórðarson, knattspyrnustjóri Vancouver Whitecaps, stýrði sinni fyrstu æfingu með liðið fyrir helgi, en tímabilið byrjar 12. apríl þegar Montreal Impact kemur í heimsókn á Swangard-leikvanginn. Teitur er smátt og smátt að kynna þeim leikmannahópi sem hann er með í höndunum en var þó bjartsýnn í viðtali við opinbera heimasíðu liðsins eftir fyrstu æfinguna.

„Við erum bara með einn markmann eins og er en við erum að skoða annan markvörð. Við erum einnig með japanskan sóknarmann á reynslu og hann lítur vel út. Ég og aðstoðarmaður minn vorum líka í Baltimore í síðustu viku að skoða nýja leikmenn og við vonumst til þess að styrkja hópinn fyrir komandi átkök,“ sagði Teitur en kvaðst ánægður með unglíngalið félagsins.

„Það er mikið af efnilegum leikmönnum í unglíngaliðinu og þeir eiga vonandi eftir að dafna enn frekar,“ sagði Teitur.

KSÍ og fyrirtækið SportFive undirrituðu nýjan tveggja ára samning um sjónvarpsrétt fyrir árin 2010 og 2011:

## Nýr samningur upp á um 500 milljónir

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Knattspyrnusambands Íslands undirrituðu formlega sjónvarpsamning við fyrirtækið SportFive á dögunum en Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var áður búinn að tilkynna um samninginn í sjónvarpsþættinum Utan vallar á Sýn fyrir tæpum tveimur vikum.

Samningurinn felur í sér kaup SportFive á útsendingarrétti og markaðsrétti frá íslenski knattspyrnu fyrir árin 2010-2011, en KSÍ hefur átt í samstarfi við SportFive (áður UFA) síðan árið 1994 og er þetta fimmti samningurinn á milli aðilanna tveggja. Núgildandi samningur sem var til fjögurra

ára og rennur út í árslok 2009 gefur íslenski knattspyrnuhreyfingu rúmar 500 milljónir, en nýi samningurinn er til tveggja ára og mun engu síður skila svipuðum tekjum og sá fyrri.

SportFive hefur þegar ráðstafað öllum réttindum innan Íslands vegna núverandi samnings. Eins og kunnugt er hefur RÚV útsendingarréttinn af heimaleikjum A-landsliðs karla og leikjum í Visabikarnum, en Sýn er með útsendingarréttinn af leikjum í Landsbankadeild karla. Með nýja samningnum er fyrirsjáanlegt kapphlaup um kaup á réttindum fyrir árin 2010 og 2011.



UNDIRRITUN Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, og Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri fara yfir málin með Frederik Luett frá SportFive.

## Hver á að taka við af Alfreð Gíslasyni?

Alfreð Gíslason sagði starfi sínu lausu hjá íslenska landsliðinu í handbolta eftir tap gegn Spánverjum í lokaleik Íslands á EM. Henry Birgir Gunnarsson veltir fyrir sér hvað sé núna í stöðunni fyrir HSÍ.

**HANDBOLTI** HSÍ á vandasamt verk fyrir höndum að velja arftaka Alfreðs Gíslasonar. Það eru svo sannarlega stór spor að fylla enda hefur Alfreð verið ákaflega farsæll í starfi sem og vel liðinn. Ég fagna því að HSÍ ætli að vinna málið fagmannlega og taka sér tíma til þess að finna rétta manninn eða mennina.

Það er enginn íslenskur þjálfari til sem hefur álika reynslu og Alfreð Gíslason og er svipað nafn í handboltaheiminum. Það gerir verkið enn erfiðara. Möguleiki væri að fá erlenda þjálfara en ég efast um að HSÍ vilji fara þá leið.

Ég myndi persónulega vilja sjá HSÍ ráða tveggja manna teymi í starfið. Það þarf ekkert minna til að fylla skarð Alfreðs. Það þarf sterka og hæfa menn sem vega vel upp hvorn annan og geta unnið saman farsælllega.

Geir Sveinsson hlýtur að koma mjög sterklega til greina í starf aðalþjálfara. Hann var oft nefndur þegar Alfreð var ráðinn á sínum tíma og hlýtur að koma aftur sterklega til greina. Ég myndi vilja sjá Geir taka við starfinu enda maður með mikla reynslu. Hann myndi líka njóta virðingar í klfanum sem er nauðsynlegt.



UTAN VALLAR  
 HENRY BIRGIR GUNNARSSON  
 segir sína skoðun  
 henry@frettabladid.is



FARSÆLL OG VEL LIÐINN Það verður erfið verkefni fyrir HSÍ að finna hentugan eftirmann Alfreðs Gíslasonar í starfi landsliðsþjálfara Íslands enda ekki fyrir hvern sem er að feta í fótspor hans.

Þá er spurning hver ætti að vera með honum? Fyrir mér kemur tvennt til greina. Að ráða mann sem gæti tekið við þegar Geir hættir eða ráða annan reynslubolta með Geir. Ef HSÍ færi fyrri leiðina ættu þeir Dagur Sigurðsson og Aron Kristjánsson að koma sterklega til greina. Ókosturinn við þessa leið er að arftakinn væri hugsanlega of mikið í hugmynda-

fræði Geirs og myndi þar af leiðandi ekki endilega koma með þá fersku strauma sem stundum þarf nauðsynlega þegar skipt er um þjálfara.

Einmitt þess vegna myndi ég vilja sjá HSÍ ráða reynsluboltann og félagar Geirs, Júlíus Jónasson, með honum. Hann er að þjálfa kvennalandsliðið þessa dagana og hefur verið að gera góða hluti þar

rétt eins og hann gerði með ÍR á sínum tíma. Þess utan eru þeir báðir þekktir varnarjaxlar og ættu að hafa eitthvert vit á varnarleik, sem oft vantar upp á hjá landsliðinu.

Þeir félagar hafa í mínum augum allt sem þarf til að bera í starfið og ég efast ekki um að almenn sátt yrði um slíka ráðningu.

Nýliðar KR töpuðu sínum fyrsta heimaleik í DHL-Höllinni í vetur þegar Valskonur komu í heimsókn í gær:

## Valskonur ekki búnar að segja sitt síðasta

**KÖRFUBOLTI** Valskonur unnu sinn fimmta sigur í sex leikjum og urðu fyrsta liðið til þess að vinna nýliða KR í DHL-Höllinni í vetur þegar liðið vann 76-94 sigur í hörkuleik í gær.

Valsliðið náði frumkvæðinu frá fyrstu mínútu og KR-konum tókst aldrei að vinna upp góða byrjun gestanna. Í byrjun ársins töldu flestir að Valskonur væru búnar að missa af möguleikanum á því að komast inn í úrslitakeppnina en margir glæsilegir sigrar að undanfögnu á liðunum í efri hlutanum hafa breytt miklu með það. Haukakonur hafa nú 8 stiga forskot á Val í fjórða sætinu en Vals-

liðið hefur þegar unnið upp sex stig á Haukaliðið á rúmum mánuði.

KR-liðið hitti illa í leiknum og 25 sóknarfráköst björguðu engu þar um. Liðið klikkaði á 44 af 70 tveggja stiga skotum sínum og þar spilaði landsliðsmiðherjinn Signý Hermansdóttir stóra rullu. Signý varði 12 af þessum skotum og breytti ófáum til viðbótar. Monique Martin skoraði 13 af 26 stigum sínum úr hraðaupphlaupum en gekk illa gegn uppstilltri vörn Valsliðsins. Annar lykilmáður, Hildur Sigurðardóttir, var dugleg að finna félagar sína (13 stoðsendingar) en gjörsamlega fyrirmun-

ad að finna körfuna þar sem 19 af 22 skotum hennar misfórust. Helga Einarsdóttir (14 stig og 17 fráköst) var besti leikmaður KR-liðsins í gær.

Signý Hermansdóttir átti stórleik og náði þrefaldri tvennu (19 stig, 12 fráköst, 12 varin) auk þess að gefa 6 stoðsendingar og hin bandaríska Molly Peterman kom enn á ný geysisterk inn þegar mest á reyndi og skoraði 15 af 35 stigum sínum í fjórða leikhlut. Peterman var auk þess með 8 fráköst, 8 stoðsendingar og 5 stolna bolta. Annars var liðsheildin sterk og stemningin var líka Valsmegin allan leikinn.



FRÁBÆR Signý Hermansdóttir fór á kostum í gær og var með þrefalda tvennu.

WEST HAM  
 28. FEB.-  
 3. MARS  
 CHELSEA

Verð á mann í tvíbýli frá  
 57.900 KR.

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Aston Villa, Derby og Portsmouth.

+ Nánari upplýsingar:  
 www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Evrópumótið í handbolta:

Noregur-Svíþjóð 34-36  
**Mörk Noregs:** Kjetil Strand 10 (14), Bjarte Myrhol 7 (11), And Jørgensen 6 (16), Børge Lund 5 (8), Håvard Tvedten 4 (4), Frode Hagen 2 (6).  
**Mörk Svíþjóðar:** Martin Boquist 7 (14), Jonas Källman 7 (11), Jonas Larholm 5 (7), Marcus Alm 5 (8), Kim Andersson 5 (12), Oscar Carlén 3 (4), Jan Lennartsson 3 (6), Johan Petersson 1 (1).  
 Króatía-Frakklend 24-23  
**Mörk Króatíu:** Petar Metličić 6 (8), Ivano Balic 5 (10), Ivan Cupic 4 (5), Tonci Valčić 3 (7), Igor Vori 2 (2), Blaženko Lacković 2 (6), Nikša Kelb 1 (1), Domagoj Duvnjak 1 (2).

**Mörk Frakklands:** Luc Abalo 7 (12), Daniel Narcisse 7 (8), Nikola Karabatic 5 (12), Guillaume Gille 2 (2), Olivier Girault 1 (3), Jerome Fernandez 1 (4).  
 Danmörk-Þýskaland 26-25  
**Mörk Danmerkur:** Lars Christiansen 6 (11), Michael Knudsen 4 (5), Kasper Nielsen 3 (4), M. Lasse Boesen 3 (8), Joachim Boldsen 3 (8), Jesper Jensen 2 (3), Bo Spellerberg 2 (5), Lars Jørgensen 1 (1), Jesper Noddersbo 1 (1), Kasper Søndergaard 1 (5).  
**Mörk Þýskalands:** Florian Kaufmann 6 (8), Holger Glandorf 4 (7), Markus Baur 4 (7), Michael Kraus 3 (6), Pascal Hens 3 (10), Torsten Jansen 2 (3), Sebastian Preiss 1 (1), Andrej Klimovets 1 (2), Christian Zeitz 1 (2).



Ástralía frá 12. til 29. okt 2008.

Heillandi ferð, ósnortin náttúra, kóralrif með öllu sínu lífríki, hvítar strendur og þjóðgarðar.

Heimsókn á vínbúgarð og Australian Zoo, heimili hins fræga Crocodile Hunter o.m.fl. Verð kr 433.735 á mann í tvíbýli.

ATH takmarkaður fjöldi.



Upplýsingar í sínum 845-1425 / 899-1295  
 eða í tölvupósti [kgb@kgbtours.is](mailto:kgb@kgbtours.is) [www.kgbtours.is](http://www.kgbtours.is)

## Áberandi glæsilegur

7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...

- MEIRA RÝMI
- MEIRI KRAFTUR
- MEIRI BÚNAÐUR



Chevrolet Captiva  
Frá GM - Stærsta bílframléiðandi á heimi.

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" Álfelgur
- Akstursthöfva
- ARP - Veltivörn
- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira....

**CHEVROLET GÆÐI FRÁBÆRT VERÐ**



Áberandi glæsilegur  
 Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra okumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikill turbó díselvél með 5 þrepa sjálfstýringu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangaraföndum og við tökum vel á móti þér.

Akureyri - Bílalan 05  
Njarðnes 1, sími 482 1430

Eglistaður - Bílalan Austurlands  
Fagradalshvöllur 21, sími 471 3005

Borgarnes - Bílalan Vesturlands  
Sólbakka 2, sími 437 2100

Reykjanesbær - Bílalan hjá Sísa  
Brekkingsvegur 36, sími 420 3300



Ljóst er hvaða þjóðir verða í riðli Íslands í forkeppni Ólympíuleikanna í vor:

## Enn á ný mætum við Svíum

**HANDBOLTI** Í gær varð endanlega ljóst hver síðasta þjóðin er sem verður með Íslandi í riðli í forkeppni Ólympíuleikanna í vor.

Fyrir leikinn var klárt að keppni í riðlinum færi fram í Póllandi og að í honum yrði líka síðan lið númer tvö í Ameríku, sem mun vera lið Argentínu.

Leikurinn um 5. sætið á Evrópumótinu milli nágrannanna Norðmanna og Svía var ekki aðeins leikur um það sæti heldur einnig um farseðilinn á HM í Króatíu á næsta ári og sæti í íslenska riðlinum því þangað fóru sigurvegjar leiksins. Svíar unnu Norðmenn eftir tvíframlengdan leik og leiðir Íslendinga og Svía liggja því enn á ný saman.

Norðmenn verða hins vegar í riðli með Frökkum eða Dönum, Spánverjum og Túnisbúum. Síðasta riðilinn skipa síðan Króatar



**KOMIBI BARA** Íslendingar geta hefnt ófaranna á EM gegn Svíum þegar liðin mætast á ný í forkeppni Ólympíuleikanna.  
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

eða Frakkar, Rússar, Kóreumenn eða Japanar og Alsíringar.  
Tvö efstu lið hvers riðils komast

inn á Ólympíuleikanna í Peking en þangað eru þegar komin Kína (gestgjafar), Þýskaland (heimsmeistarar), Egyptaland (Afrika) og Brasilía (Ameríka) og þangað fara líka Evrópumeistararnir og Asíumeistararnir.

Í dag verður síðan dregið í umspilsleiki fyrir HM í Króatíu á næsta ári.

Íslendingar eru í styrkleikaflokk eitt ásamt Norðmönnum, Pólverjum, Ungverjum, Spánverjum, Slóvenum, Svartfellingum, Rússum og Tékkum og mæta þeim því ekki.

Mótherji Íslands í sumar verður hins vegar ein af eftirtöldum þjóðum: Hvíta-Rússland, Slóvakía, Bosnía, Grikkland, Makedónía, Rúmenía, Serbía, Sviss eða Úkraína. Leikirnir fara fram helgarnar 7. og 8. júní (fyrri leikur) og 14. og 15. júní (seinni leikur). - 66j

## Króatar og Danir í úrslitum

Króatía og Danmörk spila til úrslita á Evrópumótinu í Noregi í dag eftir að Króatar lögðu Frakka að velli og Danir unnu Þjóðverja í hörkuleikjum í gær.

**HANDBOLTI** Krótía vann Frakkland 24-23 og Danmörk vann Þýskaland 26-25 í undanúrslitum Evrópukeppinnar í handbolta í Noregi í gær. Krótía og Danmörk mætast því í úrslitaleik mótisins í dag, en Frakkland og Þýskaland keppa um þriðja sætið.

Leikur Króata og Frakka var lengi í gang ef svo má að orði komast þar sem Króatar stjórnuðu leiknum og náðu að halda hraðanum niðri með löngum sóknum og öflugum varnarleik. Króatar leiddu leikinn allan fyrri hálfleik en Frakkar voru þó aldrei langt undan, en staðan var 11-9 Króötum í vil í hálfleik.

### Króatar stjórnuðu leiknum

Byrjun seinni hálfleiks var ekki ósvipuð því sem var að gerast í fyrri hálfleik þar sem Frakkar náðu engan veginn að nýta sér hraða sinn og Króatar voru sem fyrr fastir fyrir í vörninni og Ivano Balic var seigur í sókninni. Frakkar náðu þó að jafna leikinn 14-14 þegar tíu mínútur voru liðnar af hálfleiknum og svo komust þeir yfir í fyrsta skipti í leiknum 15-16. Leikurinn var í járnum eftir það og lokamínúturnar voru æsispennandi. Blaženko Lacković stökk hátt í loft upp og kom Króötum yfir 24-23 á lokamínúttunni og Nikola Karabatic ætlaði að gera sig líklegan til að jafna leikinn í lokin en skot hans missti marks.

Króatar náðu boltanum, héldu honum til leiksloka og unnu eins og fyrr segir 24-23.

Búast mátti við fjögurri leik þegar Danmörk og Þýskaland mættust enda bæði lið með frábær sóknarlið. Jafnræði var með liðunum framan af leik og staðan var 7-7 eftir tæpar tuttugu mínútur en þá urðu ákveðin kaflaskil í leiknum. Þjóðverjar skoruðu þá fimm mörk í röð og breyttu stöðunni í 7-12 en Danir lögðu svo stöðuna aðeins og hún var 10-13 Þjóðverjum í vil í hálfleik.

Danir náðu svo að jafna leikinn 15-15 eftir aðeins átta mínútur í seinni hálfleik og þeir tóku svo forystu 17-16. Þjóðverjar voru þó ekki af baki dottirnir og náðu að komast yfir á ný 20-21 og 21-22 áður en Danir tóku forystu á ný 25-23 þegar tæpar tvær mínútur voru eftir.

### Christiansen hetja Dana

Þjóðverjar virtist alveg ódrepanði og náðu að jafna leikinn 25-25 með mikilli baráttu, en Danir voru með boltann á lokasekúndunum og náðu að fiska vítakast þegar þrjár sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma. Lars Christiansen, sem hefur skorað úr 21 af 22 vítum til þessa á EM, brást ekki bogalístin frekar en fyrri daginn; hann skoraði örugglega úr vítakastinu og Danir sigruðu 26-25.

omar@frettabladid.is

**KLÓKUR** Króatinn Ivano Balic var drjúgur gegn Frökkum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Svíþjóð vann Noreg 34-36 í æsispennandi leik um fimmta sætið á EM í Noregi:

## Svíasigur eftir tvíframlengingu

**HANDBOLTI** Svíar sigruðu Norðmenn 34-36 í ótrúlegum tvíframlengdum leik um fimmta sætið á EM í gær. Staðan var 26-26 að loknum venjulegum leiktíma og svo 30-30 í lok fyrri framlengingar.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en Svíar jafnan skrefinu á undan heimamönnum en Norðmenn náðu þó að jafna leikinn 13-13 áður en gestirnir skoruðu tvö síðustu mörk hálfleiksins og staðan því 13-15 í hálfleik.

Svíarnir byrjuðu af miklum krafti í byrjun seinni hálfleiks og breyttu stöðunni í 13-19 á aðeins sjö mínútum og náðu mest sjö marka mun, 14-21, áður en Norðmenn vöknúðu til lífsins að nýju. Um miðbik hálfleiksins náðu Norðmenn að saxa verulega á forskot Svía og þar fór Kjetil Strand fyrir sínum mönnum og þegar tíu mínútur voru eftir var munurinn kominn í eitt mark, 22-23. Svíarnir sigu þó fram úr á ný og voru komnir í 23-26 og allt leit út fyrir þægilegan sigur þeirra. Áðurnefndur Strand var þó ekki alveg á því og tók sig til og skoraði þrjú síðustu



**FÖGNUMBUR** Svíar fagna hér eftir frækinn sigur gegn frændum sínum Norðmönnum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

mörk venjulegs leiktíma og jafnaði 26-26 og því þurfti að framlengja. Í framlengingunni var jafnt á öllum tölum og Bjarthe Myrhol jafnaði fyrir Noreg 30-30 í lokin og því þurfti enn og aftur að framlengja leikinn.

Í byrjun síðari framlengingar skoruðu Svíar fyrstu tvö mörkin og komust í 30-32 og þeir létu forystuna ekki af hendi eftir það og lögðu Norðmennina að lokum, 34-36, í stórskemmtilegum handboltaleik. - 66j



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

### Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

#### 1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

#### 2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

#### 3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ótullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

#### 4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

#### 5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hleknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á [visir.is/samfelagsverdlaun](http://visir.is/samfelagsverdlaun), með tölvupósti á netfangið [samfelagsverdlaun@frettabladid.is](mailto:samfelagsverdlaun@frettabladid.is), eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda inn tilnefningar rennur út á hádegi á morgun!**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN  
**FRÉTTABLAÐIÐ**

## > Penélope Cruz

Penélope Cruz er eins og flestir vita fyrirverandi kona Tom Cruise. Þau eru ennþá mjög góðir vinir og var hún ein af þeim fyrstu sem fengu að heimsækja Suri dóttir hans þegar hún fæddist. Penélope Cruz leikur í Bandidas sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20



# dagskrá



## VIÐ TÆKID SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HLÆR SIG MÁTTLAUSA

### Hreinn er bein skemmtun

Síðastliðinn laugardag sátu nokkrir vinir fyrir framan sjónvarpið og veltu fyrir sér fyrirkomulagi Laugardagslaganna, hve mörg lög væru í keppninni, hve margir þættir væru eftir og hvernig þetta kerfi yfirleitt virkaði. Einn vildi meina að lög væru 22, annar að þau yrðu ekki nema átta í úrslitum. Engin niðurstaða fékkst í málið en hins vegar voru flestir sammála um þetta væri heldur langdregið sjónvarpsefni.

Eini ljósi punkturinn á annars löngum þætti með misgóðum lögum er hléið meðan kosið er um þau lög sem halda áfram í úrslit. Á þessum fimmtán mínútum er sýndur alveg snilldarlega góður þáttur um Hrutinn Hrein, eða Shaun the Sheep eins og hann útleiggst á frummálinu.

Hreinn er hugmynd sömu manna og gerðu þættina og kvikmyndina um þá féлага Wallace og Gromit en hrúturinn Hreinn kom einmitt fyrst fram

í stuttmyndinni „A Close Shave“ sem fjallaði um þá féлага og hlaut óskarsverðlaun árið 1995. Vinsældir Hreins urðu það miklar í kjölfarið, eins og dæma mátti af sölu varnings sem tengdist honum, að búnir voru til 40 sjö mínútna þættir um Hrein og féлага hans á bóndabænum.

Þættirnir eru ávintýrlega myndir á köflum enda finnur Hreinn upp á ýmsu ásamt hinum í kindahjörðinni, sem er síður en svo einsleitur hópur. Þær kindur eiga góðan féлага að í fjárhundinum Bitzer en þurfa að vara sig á að láta bóndann nappa sig við ýmsa óvenjulega iðju eins og fótbolta eða aðra ámóta ókindarlega hegðun. Þrjú svín búa hinum megin við kindagirðinguna. Oftan en ekki lendir ein á eða fleiri í drullupollinum þeirra og þá er ekki von á góðu en þó alltaf einhverju fyndnu.



## EKKI MISSA AF



▶ **18.05 Hollywood Uncensored** SÍRKUS



▶ **19.05 Mannamál** STÖÐ 2



▶ **20.00 Bandidas** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20 Glæpurinn** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 5 Tindar** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í nætur-garði, Róbert Bangsi, Kóalabræður, Landið mitt og Herkúles

**09.23 Sígildar teiknimyndir**

**09.30 Finnir kostur**

**09.52 Fræknir ferðalangar**

**10.22 Sigga ligga lá**

**10.35 Konráð og Baldur**

**10.50 Laugardagslög** (e)

**12.00 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta.

**12.30 EM í handbolta** Bein útsending frá leiknum um þriðja sætið.

**14.00 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta.

**15.00 EM í handbolta** Bein útsending frá úrslitaleiknum.

**16.45 Silfur Egils** Umræðu- og viðtals-þáttur Egils Helgasonar um pólitík, dægur-mál og það sem efst er á baugi.

**17.55 Tákn málsfréttir**

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Spaugstofan** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

▶ **20.20 Glæpurinn** (15:20)

**21.20 Sunnudagsbíó - Valkyrjusamsærið** Þýsk sjónvarpsmynd frá 2004.

**22.55 Silfur Egils e.**

**00.05 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**

**00.40 EM í handbolta** (e)

**02.10 Útvarpsfréttir** í dagskrárlök

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Kinky Boots**

**08.00 Emil og grísinn**

**10.00 I'm with Lucy**

**12.00 Bandidas**

**14.00 Kinky Boots**

**16.00 Emil og grísinn**

**18.00 I'm with Lucy**

▶ **20.00 Bandidas** Hressandi gamanmynd með Sölmú Hayek og Penélope Cruz í aðalhlutverkum.

**22.00 Without a Paddle**

**00.00 The Island**

**02.15 The Cooler**

**04.00 Without a Paddle**



**07.00 Barney**

**07.25 Krakkarnir í næsta húsi**

**07.50 Pocoyo**

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

**10.35 Tracey McBean**

**10.45 Ginger segir frá**

**11.10 A.T.O.M.**

**11.35 Tutenstein**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 Nágrannar**

**12.45 Nágrannar**

**13.05 Nágrannar**

**13.25 Nágrannar**

**13.45 Nágrannar**

**14.10 All About George** (2:6)

**15.20 Phenomenon** (4:5)

**16.10 Logi í beinni**

**16.55 60 mínútur**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

▶ **19.05 Mannamál** (16:40) Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Emir Rúnarsson, í þættinum eru samtöl Sigmundar Emis við marga kunnustu og umtöludustu menn þjóðarinnar, auk þess sem tveir kunnustu rithöfundar landsmanna munu stíga fram í hverjum þætti og meta heilsufar þjóðarinnar. Loks verður nýstárleg menningarmýni í þættinum þar sem áhorfendur fá að vita hvað þeir eiga að lesa, hlusta á og sjá - og hvað ekki.

**19.50 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll Þórðarson snýr aftur með viðtalsþátt sinn sem er margfaldur Edduverðlaunahafi.

**20.25 Pressa** (5:6) Í þáttaröðinni fylgjumst við með Láru, nýgræðingi í blaðamennsku, sem tekur að sér að rannsaka dularfullt mannshvarf.

**21.15 Cold Case** (2:23)

**22.00 Prison Break** (9:22)

**22.45 Object of Beauty**

**00.30 Human Trafficking** (1:2)

**02.00 Human Trafficking** (2:2)

**03.30 Boys**

**04.55 Pressa** (5:6)

**05.40 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**

## SYN besta sætið

**07.00 Wigan - Chelsea FA Cup 2007** Útsending frá leik Wigan og Chelsea.

**08.40 PGA mótaröðin í golfi** (Buick Invitational)

**11.40 Arsenal - Newcastle FA Cup 2007**

**13.20 NFL** (NFL Gameday) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþríf siðustu helgar eru sýnd.

**13.50 Man. Utd - Tottenham FA Cup 2007** Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**15.50 Sheffield - Man. City FA Cup 2007** Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**17.50 Atl. Bilbao - Barcelona Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Athletic Bilbao og Barcelona í spænska boltanum.

**19.50 Buick Invitational PGA mótaröðin í golfi** Bein útsending frá Buick Invitational en mótið er það fjórða á PGA mótaröðinni það sem af er árinu en nú mætir til leiks í fyrsta skipti á árinu sjálfur meistari síðasta árs, Tiger Woods.

**23.30 Real Madrid - Villarreal Spænski boltinn** Útsending frá leik Real Madrid og Villarreal í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Syn Extra kl. 19.55.

## SYN2

**13.50 Masters Football** (Dubai)

**16.10 Premier League World**

**16.40 PL Classic Matches**

**17.10 PL Classic Matches**

**17.40 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**18.40 Reading - Man. Utd** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Reading og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 19. janúar.

**20.20 Wigan - Everton** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Wigan og Everton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 20. janúar.

**22.00 Masters Football** (Dubai) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjómur á borð við Matt Le Tissier, Glenn Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mølby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**11.00 Vörutorg**

**12.00 World Cup of Pool 2007**

**12.50 Professional Poker Tour** (e)

**14.20 High School Reunion** (e)

**15.10 Bullrun** (e)

**16.00 Canada's Next Top Model** (e)

**17.00 Queer Eye** (e)

**17.50 The Bachelor** (e)

**19.00 The Office** (e)

**19.30 30 Rock** (e)

**20.00 Dýravínir** (13:14) Að þessu sinni skoðar Guðrún hunda- og kattabakarí á Flórída, hittir mann sem vinnur við að hirða upp eftir hunda og heimsækir nokkurs konar Kattholt fyrir ljón og tigrisdyr.

**20.30 Ertu skarpari en skólakrakki? - Lokapáttur Nýr íslenskur spurningaþáttur**

▶ **21.30 5 Tindar** (2:2) Seinni hluti myndar um sannar íslenskar hetjur. Síðastliðið sumar gengu nokkrir galvaskir Íslendingar á hæstu tindana í öllum landslutum á einni helgi. Þessir eitilhörðu fjallgöngugarpar söfnuðu áheitum og létu allan ágóða renna til Sjónarhóls. Hópurinn er sambland af vinnufélögum, vinum og kunningjum sem eiga það sameiginlegt að vera með öllu óvant fjallgöngufólk. Ferðin reyndist erfiðari en gert hafði verið ráð fyrir og tók mikið á bæði líkamlegan og andlegan styrk þátttakenda.

**22.30 Dexter** (2:12) Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingiann Dexter.

**23.30 C.S.I.: New York** (e)

**00.20 C.S.I.: Miami** (e)

**01.00 SAG Awards 2008** Bein útsending frá verðlaunahátíð í Los Angeles. Það er stéttarfélag leikara (Screen Actors Guild) sem heiðrar féлага sína sem staðið hafa sig best á sl. ári. Veitt eru verðlaun fyrir leik í bæði kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og allar stærstu stjómurnar mæta á hátíðina. Verðlaunastytan sem veitt er á þessari hátíð kallast „The Actor“ eða „Leikarinn“.

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasinþáttur - mannlíf og menning á Norðurlandi.** Samantekt um fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

**VERBDAEMI ALL TERRAIN**

<b>15" Felgur</b>		
31x10,50R15		17.990.-
32x11,50R15		18.990.-
33x12,50R15		18.990.-
35x12,50R15		20.990.-
<b>16" Felgur</b>		
265/75R16	31,6"	18.990.-
285/75R16	32,8"	20.990.-
<b>17" Felgur</b>		
265/70R17	31,6"	17.990.-
285/70R17	32,7"	26.990.-
37x12,50R17		36.990.-
<b>18" Felgur</b>		
285/65R18	32,6"	30.990.-
305/65R18	33,6"	35.990.-
37x12,50R18		44.990.-
<b>20" Felgur</b>		
285/55R20	32,3"	42.990.-
285/65R20	34,6"	40.990.-
325/60R20	35,4"	52.990.-

**561 4110**

**NESDEKK**

Fiskislóð 30

**BF Goodrich** Tires

**Bilabúð Benna**

Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík  
Sími 590 2000 • www.benni.is





„Ég er alltaf stolt af honum og ánægð með hann. Hann stóð sig mjög vel þegar hann fékk að spila eitthvað að ráði og maður er náttúrlega alltaf glaður með sinn mann.“

Ingibjörg Kristinsdóttir, mamma Vignis Svavarssonar, varnartrölls íslenska landsliðsins, sem náði ekki að standa undir væntingum á EM.

HIN HLIÐIN **ANDRÉ BACHMANN TÓNLISTARMAÐUR**

**Fallegast á Patreksfirði og í Kraká**

**Hvað er að fréttu?** Alltaf allt fint, allan sólarhringinn. Síðan kom platan mín líka út um daginn.  
**Augnítur:** Blár.  
**Starf:** Útgefandi, hljómsveitarstjóri, söngvari, vagnstjóri og á kassanum hjá Olís.  
**Fjölskylduhagir:** Ég er kvæntur Emilíu Ásgeirsdóttur og við eigum þrjú heilbrigð og falleg börn.  
**Hvaðan ertu?** Úr Reykjavík. Ég er fæddur á Steinhólum sem voru við Kleppsvæg.  
**Ertu hjátrúarfullur?** Nei.  
**Uppáhaldssjónvarpsátturinn:** CSI.  
**Uppáhaldsmatur:** Lambalæri er alveg meiri háttar.  
**Fallegasti staðurinn:** Það er rosalega fallegt á Patreksfirði í ágúst og september og síðan er Kraká í Póllandi algjört æði.  
**iPod eða geislaspilari:** Geislaspilari.  
**Hvað er skemmtilegast?** Að vera til.  
**Hvað er leiðinlegast?** Laddi ætlaði að skemmta hjá

mér á jólahátíð fatlaðra en hætti við og ég gleymdi að taka hann út af dagskránni. Mér finnst þetta leiðinlegt og ég vil biðja hann opinberlega afsökunar.  
**Helsti veikleiki:** Ég veit það ekki.  
**Helsti kostur:** Maður er alltaf glaður og ánægður.  
**Helsta afrek:** Maður á ekkert að hreykja sér af afrekum sínum.  
**Mestu vonbrigðin:** Ég vil ekki svara því.  
**Hver er draumurinn?** Að geta lifað áfram í sátt og samlyndi við Guð og gott fólk.  
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Laddi vinur minn er algjört æði. Ég er búinn að fara á tvær sýningar og maður er alveg í krampakasti.  
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Skortur á hreinskilni.  
**Hvað er mikilvægast?** Að lifa lífinu lífandi.



**Vinnur að bíómynd með Sean Penn**

„Þetta er rétt,“ staðfestir kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson en hann hefur unnið að þróun kvikmynda eftir bók bandaríska rithöfundarins Harrys Crew, The Knock Out Artist, með bandarísku stórstjórnunni Sean Penn. Myndin hefur verið á teikni-borðinu frá árinu 2003 en nú virðist skriður kominn á málið. Og segir Sigurjón að handritið sé langt á veg komið en verði ekki tilbúið fyrr en verkfalli handritshöfunda ljúki. „Enda verður þá hægt að fara eina umferð enn á það í handritadeildinni,“ segir Sigurjón. Tökur á kvikmyndinni Brothers eru nú í fullum gangi en samkvæmt vefsíðu imdb.com er ráðgert að hún verði frumsýnd um jólin á þessu ári. Myndin skartar þremur af helstu vonarstjórnnum Hollywood í aðalhlutverkum, þeim Natalie Portman, Jake Gyllenhaal og Toby Maguire.



**SANKAR AÐ SÉR STJÖRNUM** Sigurjón Sighvatsson er í fullum gangi við að koma kvikmynd á koppinn með Sean Penn.

Knock Out Artist segir hins vegar frá hnefaleikakappanum Eugene Biggs sem flytur til New Orleans á áttunda áratug síðustu aldar og lendir þar í klóm mafiósa. Og þarf að taka verulega á sjálfum sér til að forðast sjálfstortímingu. Að sögn Sigurjóns er handritið skrifad af Mark Hanlon, sem á að baki kvikmyndina Ghost Ship.

Sean Penn hefur um árabíl verið einn fremsti kvikmyndaleikari Bandaríkjanna og var tíður gestur á síðum slúðurblaðanna vegna fremur vafasamrar hegðunar. Og ekki síst fyrir samband sitt við Madonna. Hann hefur í seinni tíð haldið sig sem lengst frá slíkum blöðum en komst reyndar í fréttirnar fyrir skömmu þegar hann skildi við núverandi eiginkonu sína, Robin Wright Penn. Hann hefur í síaukunum mæli snúið sér að leikstjórn og hefur fengið mikið lof fyrir nýjustu kvikmynd sína, Into the Wild.



**GAMLI ÓLÁTABELGUR** Sean Penn var þekktur fyrir ólæti og barsmíðar á síðustu öld en hefur róast ögn með árunum.

HELGI SELJAN: VIRÐULEGUR FARINN AÐ GANGA MEÐ GLERAUGU

**Hamskipti Helga**

„Á nú að fara að pönkast í mér vegna fötlunar minnar? Eða þótti mönnum gleraugun mín svona flott?“ spyr sjónvarpsstjarnan Helgi Seljan í Kastljósinu blaðamann Fréttablaðsins. Sem var að forvitnast um nýja ímynd Helga.

Helgi er til þess að gera nýbakaður faðir. Frumburður hans leit dagsins ljós um miðjan desember og hvarf Helgi þá af skjánum í feðraorlof en birtist á föstudaginn í Kastljósinu aðdáendum hans til mikillar ánægju. Rakti hann garnirnar meðal annars úr Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra. Helgi hefur á skömmum tíma tekið ótrúlegum stakkaskiptum. Fyrir fáeinum árum kom Helgi að austan tattóverður og tættur en er nú orðinn hinn virðulegasti, jakkafataklæddur með gleraugu. Þetta mega heita hamskipti. Hvað gerðist?

„Ég kann ekki að skýra þetta. Þá hefði ég kannski streist á móti. Að það sé pabbahlutverkið? Ég reyndar keypti þessi gleraugu áður en til þess kom. Nei, nei, þetta er ekkert rándýrt „designers“ neitt. Bara fyrstu gleraugun sem ég mátaði í búðinni. Mér fannst þau svona líka helvíti fín,“ segir Helgi en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þau þó frá Hugo Boss.

Helgi er nærsýnn, með mínus tvo og ber sín gleraugu stoltur. Nokkuð sem tæplega hefði komið til greina fyrir fjórum árum. Helgi tók sér mánuð í feðraorlof en er mættur aftur til leiks og ætlar að eiga inni orlof til sumarsins. „Já, já, það heilsast vel. Allt í fina uppi í Kárahnjúkakína, eins og Bjartmar segir.“ Helgi gengst fúslega við því að hvað sem líður öðrum breytingum í lífi hans stendur aðdán hans á Bjartmari óhöggud.

„Sko, það hlustar enn á Stones miðaldra fólkið í ríkisstjórninni þótt komið sé í dragtir og jakkaföt.“

jakob@frettabladid.is



**FYRIR ALLTÖF FÁUM ÁRUM** Helgi mætti á mölina reiður ungur maður að austan fyrir tæpum fjórum árum.



**NYR OG VIRÐULEGUR** Helgi Seljan er farinn að ganga með gleraugu og er á flókaskóm í vinnunni – stigvélín eru farin veg allrar veraldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**REYÐARFJARÐARBANDÍTÓ** Helgi dró hvergi af sér eystra enda meðlimur í hinu ógurlega Reyðarfjarðargengi sem taldi auk hans m.a. Andra Frey Víðarsson og Pröst „bassafant“ sem gerði síðar garðinn frægan með Mínus.

**Fjárfestar veðja á Völla Snæ**

Sjónvarpskockkurinn víðfrægi, Völli Snær, og eiginkona hans, Þóra Sigurðardóttir, eru um þessar mundir á fullu við að breyta einum elsta og virtasta veitingastað Bahamaeyja, sem þau keyptu seint á síðasta ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa íslenskir fjárfestar lagt hjónakornunum lið en fyrir þeim hópi fer Jafet Ólafsson. Þykir þetta benda til þess að paradísín í Karibahafinu eigi eftir að verða áningarstaður ríka og fræga fólksins frá Íslandi þegar fram líða stundir enda hefur sjálfur Björgólfur Thor sést sigla um höfin blá á skútu sinni í nágrenni við eyjarnar.

Nýi veitingastaðurinn á að verða sá stærsti á eyjunni en að sögn Þóra á ekkert að slá slöku við að halda góðu orðspori Völla sem er hálfgerður kóngur í matargerð á Bahamaeyjum. Staðurinn hefur hlotið nafnið Oceano en mikið hefur gengið á við framkvæmdirnar. „Þótt það sé mikið atvinnuleysi á Bahamaeyjum hefur það reynt þrautin þyngrri að fá gott starfsfólk,“ segir Þóra í samtali við Fréttablaðið. Kockkurinn Völli hefur því klætt sig í verkstjórabúninginn og stýrt verkinu ásamt vönum mönnum frá Tahítí. Jafnframt hafa íslenskir smiðir dottið inn og lagt sitt á vogarskálarnar þegar þeir hafa haft tíma. „Það hefur náttúrlega verið ómetanlegt,“ segir Þóra en eins og Sirkus greindi frá nýverið eiga hún og Völli von á sínu fyrsta barni í sumar.

- fgg



**Á FULLU** Völli Snær og Þóra Sigurðardóttir opna stærsta veitingastað Bahamaeyja í næsta mánuði.

**Í VEITINGAREKSTUR** Jafet Ólafsson er einn þeirra sem veðja á gott orðspor Völla Snæs.



**Tannréttingar**

Hef hafið störf á Grensásvegi 16  
 Pröstur Þorgeirsson Tannlæknir  
 Sérgrein: Tannréttingar  
 Tímappantánir í síma 5680060

SMÁVARA  
70% afsláttur



FADO leðursófi - dökkbrúnn

4ra sæta

3ja sæta

2,5 sæta

Stóll

Útsöluverð 99.000 kr.

Útsöluverð 83.400 kr.

Útsöluverð 77.400 kr.

Útsöluverð 49.800 kr.



Borðstofuseti:  
Borð og 6 stólar  
Verð áður: 139.000 kr.  
Útsöluverð: 69.500 kr.



FLORIDA glerskápur:  
Verð áður: 95.000 kr.  
Útsöluverð: 28.500 kr.



Sófaborð:  
Verð áður: 14.500 kr.  
Útsöluverð: 5.800 kr.



LUCA-stóll  
Verð áður: 24.500 kr.  
Útsöluverð: 12.250 kr.



TRENTO-stóll  
Verð áður: 33.000 kr.  
Útsöluverð: 16.500 kr.



COPRA glerskápur:  
Verð áður: 98.000 kr.  
Útsöluverð: 58.800 kr.



COPRA skenkur:  
Verð áður: 79.000 kr.  
Útsöluverð: 47.400 kr.



COPRA borðstofuseti:  
Borð og 6 leðurstólar  
Verð áður: 133.000 kr.  
Útsöluverð: 66.500 kr.



WING-leðurstóll  
Verð áður: 95.000 kr.  
Útsöluverð: 38.000 kr.



COPRA sófaborð:  
Verð áður: 35.000 kr.  
Útsöluverð: 17.500 kr.



SPEGLAR  
60% afsláttur



# Útsöluinni lýkur í dag!!!

**TEKK**  
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

OPIÐ KL. 12 - 18.

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á [www.tekk.is](http://www.tekk.is)


**BAKÞANKAR**  
 Jóns Arnar  
 Marinóssonar

## Billjónsdagbók 27.01.2008


OMX15 var 5.050,71, þegar Villi borgarstjóri opnaði dyrnar laumulega án þess nokkur vissi, Nasdaq var 2.292,27, þegar Daggi borgarstjóri bauð mér sæti eftir 3 mínútur, og Dow Jones var 11.971,91 þegar Óleff borgarstjóri spurði 5 mínútum síðar hvað ég vildi. Ég yrði að svara strax ef hann ætti að ráða. Hann væri með 39 stiga hita og hálsbólgu, væri að fara í rúmið og yrði skipt um meirihluta í borgarstjórn eftir hálf tíma.

**ÓLEFF** borgarstjóri tók ekki í mál að ég fengi að rífa gamla úti-kamarinn á baklóðinni við Laugaveg, hann væri partur af upprunalegri götumynd. Ég sagði að væri skítalykt af honum. „Hvar er ekki skítalykt,“ spurði Óleff og bætti við: „Ég held að borgarbúar séu orðnir vanir skítalykt.“ Ég sit uppi með kamarinn nema Óleff kaupi hann af mér fyrir 800 millur eins og hann bauðst til að gera þegar hann yrði aftur borgarstjóri eftir hálsbólguna.

**GENGISFALL** á hlutabréfamarkaðnum hvarf í skuggann af gengisruni á íslenska stjórnámamarkaðnum. Þeir sem eru vanir mórölsku tómarúmi eru farnir að kannast við sig í íslenskri pólitík. Ég gæti alveg hugsað mér að fá Villa Ponn til starfa í Sjálfsmínbanka. Hann er flinkur í baktjaldamakki á meðan enginn veit af og lætur ekki neina hjartans sannfæringu vera að þvælast fyrir sér og valdastólunum. Hann er líka gæddur þeirri einstöku prinsipp-tilfinningu að vita alveg upp á há hvaða prinsipp kemur sér best í hverju tilfelli.

**ÉG** er hins vegar ekki viss hvort ég vildi fá Óleff í bankann. Hann hefur að vísu sýnt að hann hefur hæfileika til að fara á bak við fólk sem heldur að það geti treyst honum. En honum hættir greinilega til trúa því, sem aðrir segja við hann, jafnvel og því sem hann segir sjálfur, og að auki er hann svo hræðilega bugaður af málefnum að stórsér á honum.

**LOKS** er spurning hvort ég dáist meira að Birninga eða Gaujól. Gaujól fer auðvitað ekki í fötin hans Björnsinga en þó er svo margt svipað með þeim, eitthvert hækvolítí lókvólítí sem nýtist vel þegar maður þarf að láta hlutina ganga í bisset og hefur ekki efni á að láta einhverja viðkvæmni stöðva sig. Þeir eru báðir lausir. Tala við þá á morgun. Sinn í hvoru lagi.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn  
27. janúar, 27. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 10.25	13.40	16.57
Akureyri 10.25	13.25	16.26

Heimild: Almanak Háskólans

# Sumarið 2008

Stokkhólmur  
Gautaborg  
Kaupmannahöfn  
Billund  
Berlín  
Frankfurt Hahn  
Friedrichshafen  
Eindhoven  
Varsjá  
Basel  
London  
París  
Barcelona  
Alicante

» Verð frá:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Börn:

50%

Börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, frá heimingsafsiátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express 

með ánægju